



FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarútgáfa
18. september 2010
219. tölublað 10. árgangur

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Gjöfult ár hjá Gerði
Gerður Kristný hefur sópað að sér verðlaunum og viðurkenningum í ár.
menning 18

Andra Snæ svarað
Við bætum ekki kjörin með því að segja skemmtilegar sögur, segir Tryggvi Þór.
umræðan 26



Sukkað eftir kvöldmat
Ómótstæðilegir eftirréttir.
matur 4

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Matur | Allt | Allt atvinna



PÖNKAÐ FYRIR PÆJUR OG POLLA Félagarnir Halli og Heiðar í hljómsveitinni Pollapönki vöktu mikla lukku þegar þeir stigu á svið í Álafoskvosinni í gær og skemmtu leikskóla- og grunnskólabörnum úr Mosfellsbæ.

Straumur fólks til Stígamóta

Hópur eldra fólks hefur leitað aðstoðar Stígamóta að undanfögnu vegna kynferðisofbeldis sem það segist hafa mátt þola fyrir löngu frá mönnum í valdastöðum. Bið eftir viðtali hefur aldrei verið lengri en núna.

FÉLAGSMÁL Hópur eldra fólks hefur leitað til Stígamóta undanfarið vegna kynferðisofbeldis sem það kveðst hafa orðið fyrir og þagg- að hafi verið niður í skjóli embættisvalds. Aðsóknin er svo mikil að þeir sem eru að koma í fyrsta skipti þurfa að bíða á þriðju viku áður en þeir komast að, sem er einstök staða. Þetta segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta. „Þjóðfélagsumræðan að undanfögnu um ofbeldi hefur hreyft mjög við fólki sem í áratugi hefur

burðast eitt með leyndarmál sín,“ segir Guðrún. „Það er eins og fólk sé að detta í hug í fyrsta skipti að það geti átt rétt á uppreisn æru. Það leyfir sér að þrá staðfestingu á að brotið hafi verið á því.“ Guðrún kveðst ekki hafa talið saman hversu margir nýrra skjól- stæðinga hafi orðið fyrir ofbeldi í skjóli einhvers konar embættis- valds. Tölur um fjölda og eðli brota liggja ekki fyrir fyrr en í árslok. „En mörg þessara mála snú- ast um ofbeldi af hendi manna

í slíkum valdastöðum,“ útskýr- ir Guðrún. „Þá er ég ekki ein- ungis að tala um kirkjuna heldur einnig fleiri þjóðfélagsstofnanir. Mörg málanna eru fyrnd og sumir þeirra ofbeldismanna sem um er að ræða eru dánir. En eftir sitja konur og karlar sem umræðan að undanfögnu hefur hreyft við, þannig að þetta fólk er í uppnámi. Það er langt síðan að ég minnst þess að samfélagsumræða hafi skilað fjölgun á borð við þessa inn til okkar.“

Guðrún segir að fólk sé leiti nú til Stígamóta komi til að tjá sig um löngu liðin atvik sem séu núna að trufla daglegt líf þess. „Fyrir fólki er draumurinn um viðurkenningu á ofbeldinu ný til- finning þó að sjaldnast sé hægt að uppfylla hann. En segja má að það sé skref í rétta átt að fólk geri kröfur fyrir sjálft sig. Að sumu leyti er þarna um að ræða jákvæð áhrif í kjölfar málsins hennar Sigrúnar Pálfú Ingvarsdóttur og fleiri kvenna,“ segir Guðrún. -jss

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

95% Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 95% lesenda blaðanna

67% Lesa bara Fréttablaðið

27% Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

5% Lesa bara Morgunblaðið

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. - Heimild: Blaðakannan Capacent maí - júlí 2010.

Pizza toppur

Rífandi góður á: **Pastaréttinn Pizzuna Ofnréttinn**

PEKING • REYNISLA • GÆÐI

Osta HÚSIÐ

STOFNAD 1992

Tvær pakkningar í einni: **2x90g**

www.ostahusid.is

NÝTT Á ÍSLANDI

LPG

Sogæðanuddmeðferð sem vinnur á: Appelsínuhúð Vöðvabólgu Álagsþreytu Sogæðabólgu

LÍKAMSLÖGUN

PARABAKKI 3 109 RVK

Sími: **555 3000**

www.likamslogun.is
likamslogun@likamslogun.is

Líkamslögum

SPURNING DAGSINS



Sverrir, væri þá ekki upplagt að gera afmælisdaginn þinn að degi ónáttúrunnar?

„Jú, alveg endilega. Svo mætti gera afmælisdag einhvers ákafs virkjunarsinna að degi náttúruleysisins.“

Gera á afmælisdag Ómars Ragnarssonar, 16. september, að degi náttúrunnar. Sverrir Stormsker er þekktur fyrir blautlegan kveðskap. Sverrir er fæddur 6. september og því meylla eins og Ómar.

LV mátti kosta skipulagsvinnu: Svandís braut lög með synjun

DÓMSMÁL Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra var ekki heimilt að synja aðalskipulagi Flóahrepps staðfestingar fyrr á þessu ári. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp úrskurð þar að lútandi í gær.

Svandís tilkynnti í lok janúar að hún hygðist ekki staðfesta þá hluta skipulagsins sem sneru að Urriðafossvirkjun, vegna þess að skipulagsvinnan væri að hluta kostuð af Landsvirkjun. Ákvörðunin hafði áhrif á þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár.

Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að ekkert í skipulags- og byggingarlögum leggi bann við því að framkvæmdaraðili greiði kostnað við skipulagsvinnu. - sh

Meintir svikarar yfirheyrðir:

Svikin stóðu í vel á annað ár

LÖGREGLUMÁL Svo virðist sem skipulögð skattsvik sem lögreglan hefur nú til rannsókna hafi staðið allt árið í fyrra og það sem af er þessu ári, hið minnsta. Sex sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna svikanna, sem nema um 270 milljón króna. Einn þeirra sem situr í varðhaldi er starfsmaður skattsins.

Fleiri höfðu ekki verið handteknir vegna málsins í gærkvöldi en ekki var útilokað að svo yrði. Yfirheyrslum yfir þeim handteknur var fram haldið í gær.

Féð var sviðið út með því að skila fölsuðum skjölum um kostnað við byggingarframkvæmdir til skattsins og fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti. Starfsmönnum skattsins hefur verið veitt áfalla-hjálp vegna málsins. - sh

Segja ekki rétt að lán frá OR til Gagnaveitu Reykjavíkur hafi verið vaxtalaust:

Gagnaveitan unir úrskurði

FJARSKIPTAMÁL Gagnaveita Reykjavíkur hyggst una úrskurði Póst- og fjarskiptastofnunar þess efnis að greiða skuli vexti af láni Orkuveitu Reykjavíkur (OR) til fyrirtækisins tvisvar á ári. Lánið er tilkomið vegna aðskilnaðar Gagnaveitunnar og OR, sem Póst- og fjarskiptastofnun mælti fyrir um. Stofnunin gerði á miðvikudag alvarlegar athugasemdir við lánið.

„Hér er ekki verið að fella niður vexti heldur fresta greiðslu þeirra,“ segir Birgir Rafn Þráins-son, framkvæmdastjóri Gagnaveitunnar. Hann segir ekki rétt sem



LJÓLSLEIÐARAR Gagnaveita Reykjavíkur hefur lagt ljólsleiðara í hús á höfuðborgarsvæðinu undanfarnin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fram kom í Fréttablaðinu í fyrra dag að lánið hafi átt að vera vaxta-

laust á lánstímanum. Hið rétta sé að safna hafi átt upp vöxtum á lánstímanum og greiða þá þegar lánið yrði greitt upp.

Póst- og fjarskiptastofnun komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að slík fyrirgreiðsla stæðist ekki ákvæði fjarskiptalaga né samrýmdist fyrri ákvörðunum stofnunarinnar um lánakjör.

Birgir segir að Gagnaveitan unni þeirri niðurstöðu og hafi þegar greitt þá vexti sem frestað hafi verið að borga þar til niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar hafi verið kynnt fyrirtækinu. - bj

Styttist í Héðinsfjarðargöng:

Malbikun ganganna lokið

SAMGÖNGUMÁL Framkvæmdir við Héðinsfjarðargöng eru komnar á lokastig þar sem malbikun ganganna lauk í vikunni. Unnið er að frágangi fyrir opnun sem verður byrjun næsta mánaðar.

Göngin stytta leiðina milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar úr 62 kílómetrum í um 15 kílómetra. Göngin eru um 11 kílómetrar, 3,7 kílómetrar á milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og um 6,9 kílómetrar þaðan til Ólafsfjarðar.

Heildarkostnaður er yfir 11 milljarðar króna. - bj

Fiðrildarigning með fyrstu haustlægðinni

Mikill fjöldi fiðrilda barst til landsins þegar sumarblíðan tók enda með fyrstu haustlægðinni á dögnum. Á Íslandi hafa til þessa fundist 143 tegundir fiðrilda.

NÁTTÚRA Ekkert varð vart við flækingsfiðrildi hér á landi í sumar vegna einmunablíðu. Með fyrstu haustlægðinni í byrjun mánaðarins barst hins vegar til landsins fjöldi fiðrilda með hlýjum loftstraumum. Sérstök vöktun fiðrilda hefur verið hér á landi síðan 1995.

Á Náttúrufræðistofnun hefur verið fylgst með komum fiðrilda undanfarið. Við eftirgrennslan er ljóst að tíu tegundir útlendra fiðrilda bárust hingað hið minnsta.

Sum þeirra hafa hafnað í fiðrildagildrum sem reknar eru vegna verkefnis sem tengist vöktun fiðrilda og hófst á tveim stöðum á landinu, Tumastöðum í Fljótshlíð og Kvískerjum í Öræfum, fyrir fimmtán árum.

Erling Ólafsson, sérfræðingur á Náttúrufræðistofnun, segir að sýnataka fari fram með þar til gerðum ljósgildrum en veiðarnar byggja á þeirri áráttu flestra fiðrilda að sækja að ljósum þegar skyggja tekur. Gildrunar eru stórtæk verkfæri enda veiddust á tíu árum 69.494 eintök fiðrilda á Tumastöðum og tilheyrðu þau fimmtíu tegundum. Samsvarandi tölur frá Kvískerjum eru 81.227 eintök og 64 tegundir.

Á Íslandi hafa til þessa fundist 143 nafngreindar tegundir fiðrilda. Þar af eru 89 taldar lifa hér á eigin forsendum í íslenski náttúru.



svavar@frettabladid.is

1. Aðmírálsfiðrildi

Er mikill fluggarður með ríkt flökkueðli. Aðmírálsfiðrildi er tíður og væntanlega árlegur gestur á Íslandi og var fyrst skráð hér árið 1901.

2. Kóngasvarmi

Fluggarður sem oft leggst í langflug frá náttúrulegum heimkynnum. Er nánast árlegur flækjngur á Íslandi. Fyrsta tíma-



setta tilvik er frá 1899. Kóngasvarmi er auðþekktur á stærðinni en auðvelt er að villast á honum og fugli á flugi.

3. Gammaygla

Er eitt algengasta flækingsfiðrildi hér á landi. Á gráleitum framvængjum er skýrt ljóst tákni sem er nánast eins og gríski bókstafurinn gamma og dregur tegundin af því heiti á flestum tungumálum.

4. Gulygla

Er landlæg hér á landi og hefur henni

farið fjölgandi í kjölfar hlýnandi loftslags. Gulygla er með stærstu fiðrildum og þar með stærstu skordýrum hér á landi.

5. Páfiðrildi

Er ein fárra tegunda sem þreya vetur á fullorðinsstigi. Fyrstu fiðrildin vakna á ný þegar sól tekur að skína í mars. Fyrsti skráði fundur er frá árinu 1938, flest sjö árið 1996. Berst hingað með varningi.



DROTTNING OG PÁFI Elisabet Bretadrottning ásamt Benedikt sextánda. NORDICPHOTOS/APP

Heimsókn páfa til Bretlands:

Fellur í skugga kynferðisbrota

BRETLAND, AP Benedikt páfi viðurkenndi í vikunni, þegar hann kom í opinbera heimsókn til Bretlands, að kaþólska kirkjan hafi hvorki brugðist nógu fljótt né nógu ákveðið við þegar prestar hafa verið sakaðir um kynferðisbrot gegn börnum.

Hann sagði það nú vera fyrsta forgangsmál kirkjunnar að hjálpa fórnarlömbum slíkra brotamanna að ná sér.

Andstaða og gagnrýni á páfa og kaþólsku kirkjuna hafa verið svo áberandi í Bretlandi að sjálf heimsóknin hefur fallið í skuggann.

Fimm manns voru handteknir í Bretlandi snemma í gærmorgun, sakaðir um að hafa hótað páfa. - gb

Þingmenn Hreyfingarinnar:

Heimspeki verði skyldufag

ALÞINGI Þingmenn Hreyfingarinnar leggja til að heimspeki verði skyldufag í grunn- og framhaldsskólum. Vilja þeir að fagið verði kennt að meðaltali í einum áfanga á hverju skólaári. Er tillagan viðbragð við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um hrúnið.

Þingmennirnir vilja jafnframt að gerð verði stjórnsýsluúttekt á þeim þremur ráðuneytum sem helst komu að máli í aðdraganda hrunsins. Úttektin taki sérstaklega til samskipta við önnur ráðuneyti og stofnanir. - bps

Alþjóðaherliðið í Afganistan notað til að fylgjast með þingkosningunum í dag:

Reyna allt til að hindra svindl

AFGANISTAN, AP Mikill viðbúnaður lögreglu og hers er í Afganistan vegna þingkosninga, sem haldnar verða þar í dag. Óttast er að andstaðingar bæði stjórnvalda og erlenda herliðsins reyni að trufla framkvæmdina með ofbeldi og hótunum.

Hamid Karzai forseti hvatti landsmenn til að taka þátt í kosningunum þrátt fyrir hótanir talibana og annarra uppreisnarhópa. Átök í tengslum við væntanlegar kosningar hafa á síðustu dögum kostað nokkra tugi manna lífið.

Erlenda herliðið mun fylgjast með framkvæmd kosninganna til að koma í veg fyrir kosningasvindl, en ásakanir um slíkt í forsetakosningunum á síðasta ári urðu til þess að veikja mjög stöðu forsetans.

Richard Holbrooke, sendifulltrúi Bandaríkjaþjórnar í Afgan-



UNDIRBÚNINGUR KOSNINGA Kjörkassar fluttir niður í Pansjirdal norðaustan við höfuðborgina Kabul. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

istan og Pakistan, sagðist gera sér fulla grein fyrir því að kosningar verði ekki fullkomnar.

Nú í vikunni bárust fréttir af

því að verulegt magn af fölsuðum kjörseðlum hafi fundist í Pakistan, skammt frá landamærum ríkjanna. - gb

1,1% FITA

Holl og framandi

Ný krydduð jógurtsósa sem unnin er í samvinnu við veitingastaðinn Saffran. Sósan er einungis með 1,1% fituinnihaldi og hentar vel með sterkum mat.

Blómaval
um land allt



...loforð um litríkt vor!

3 stk
Erikur
899

Allir
haustlaukar
20%
afsláttur

Aðeins um
helgina!

HAUSTHÁTÍÐ

í Blómavali um land allt



HAUSTSKREYTINGAR SÝNIKENNSLA



Um helgina mun Jón Þróstur Ólafsson, Íslandsmeistari í blómaskreytingum 2010, sýna haustkransagerð og haustskreytingar utandyra.



SKÚTUVOGUR
laugard. og sunnud.
kl. 13:00 - 16:00



ÓKEYPIS NÁMSKEIÐ HAUSTVERKIN Í GARÐINUM

Fimmtud. 23. sept kl. 19:30 munu Auður Jónsdóttir og Kristinn Þorsteinsson, garðyrkjufraeðingar, vera með hið vinsæla námskeið um haustverkin í garðinum.

Skráning er hafin á haustverkin@blomaval.is

Blómaval
um land allt

40-50%
afsláttur

AF ÖLLUM
POTTAPLÖNTUM

Begónía
999



Lára Jónsdóttir
garðyrkjufraeðingur
verður í Skútuvogi um
helgina og veitir ráðgjöf
um haustlaukana.



Allir
haustlaukar
20%
afsláttur


blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

GENGIÐ 17.09.2010

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	116,58 117,14
Sterlingspund	182,63 183,51
Evra	152,61 153,47
Dönsk króna	20,491 20,611
Norsk króna	19,177 19,289
Sænsk króna	16,526 16,622
Japanskt jen	1,3584 1,3664

SDR 177,67 178,73

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

206,6002

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



IÐNSKÓLINN Seldur fyrir 160 milljónir króna.

Iðnskólinn á Akureyri seldur: Jafnvel hótél í skólahúsnæðið

FASTEIGNIR „Eitt af því sem kemur til greina er hótélrekstur en það er allt á hugmyndastigi enn þá,“ segir Pálmar Harðarson, sem keypt hefur byggingu gamla Iðnskólans á Akureyri. Síðast var Háskólinn á Akureyri með hluta starfsemi sinnar í byggingunni. Pálmar átti hæsta boð í húsið, 160 milljónir króna, þegar Akureyrarkaupstaður setti það á sölu. „Ég hafði í raun ekkert sérstakt í huga með húsið en sá þar einfaldlega góðan möguleika. Hugmyndin var að finna leigjanda og húsið verður einfaldlega innréttað með það í huga,“ segir Pálmar. -gar

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tveir fluttir á slysadeild

Tveir voru fluttir á slysadeild eftir árekstur veggja bíla á gatnamótum Hringbrautar og Njálsgötu í Reykjavík skömmu eftir hádegi í gær. Töluverðar tafir urðu á umferð og þurfti að senda dælubíl á staðinn til að hreinsa upp olíu sem lak úr öðrum bílum.

ALPINGI

Rannsókn á Icesave

Pingflokkur Sjálfstæðisflokksins vill að rannsókn á Icesave-samningunum frá í fyrra verði liður í viðbrögðum Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar þess um fall bankanna. Pingflokkurinn lagði fram slíka tillögu í sumar en vill nú að hún verði hluti af viðamiklum aðgerðum þingsins.

Fyrrum sendiherra Breta segir að Íslendingar ættu að hafa áhyggjur af einhverju öðru:

Það er enginn Evrópuher fyrir börnin

EVROPA „Það er enginn Evrópuher til fyrir börnin að fara í og ef einhver myndi vilja neyða þau í her, þá gæti það einmitt verið NATO, sem Ísland hefur verið hluti af í sextíu ár,“ segir Alyson Bailes, fyrrum sendiherra Breta í Finnlandi og adjúntt við HÍ.

Orðin lét hún falla á opnum fyrirlestri Alþjóðamálastofnunar í gær, spurð um auglýsingar ungra bænda á Íslandi, sem vara við því að fylgifyskur ESB-aðildar sé herskylda Íslendinga.

Bailes segir að verði „bylting“ í evrópski varnarstefnu eftir ein-

hver ár og Bandaríkin dragi sig í hlé frá Evrópu og Evrópuþjóðir ákveði þá að þær vilji vinna saman að vörnum, þá sé mögulegt að Íslandi yrði boðið að taka þátt í Evrópuher.

„En sem aðildarríki myndi það hafa neitunarvald,“ segir Bailes.

Hún segir að til hafi staðið að þjóðir Evrópu ynnu saman að varnarmálum eins og öðru í árdaga Evrópusambandsins, og aðildarríkin hafi heitið hvert öðru stuðningi, en

ALYSON BAILES Hefur rannsakað breytingar á varnarstefnu ESB með Lissabon-sáttmálanum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



NATO hafi leyst þær hugmyndir af hólmum að lokinni annarri heimsstyrjöld og í kalda stríðinu.

Að loknu Balkanskagastríði var rætt um þetta að nýju í Evrópu og úr urðu aðstoðarsveitir og friðargæsla, mjúkur hernaður vegna styrjalda utan sambandsins, segir Bailes. Langt í frá Evrópuher.

„Sumir myndu halda því fram að stækkun sambandsins væri meginvarnarstefna ESB,“ segir Bailes. Með því að setja nágretta sína þannig undir sömu lög væri Evrópa að byggja upp æ stærra öruggt svæði. -kóp

15.000 krónum meira greitt af myntkörfunni

Peir sem tóku 20 milljóna gengistryggt húsnæðislán í desember 2006 hafa að meðaltali borgað 15 þúsund krónum meira á mánuði en þeir sem tóku jafnhátt verðtryggt lán á sama tíma. Endurreikningur lána hefst á næstu vikum.


EFNAHAGSMÁL Peir sem tóku gengistryggt húsnæðislán upp á 20 milljónir í árslok 2006 hafa að meðaltali þurft að borga fimmtán þúsund krónum meira á mánuði af láninu sínu en þeir sem tóku jafnhátt verðtryggt lán. Þetta sýna útreikningar frá fyrirtækinu Sparnaði, sem byggjast á sömu forsendum og útreikningar vegna gengistryggðra bílálana, sem Hæstiréttur staðfesti á fimmtudag að væru ólögleg.

Hafa þeir í huga að nákvæm útfærsla á endurreikningi gengistryggðra húsnæðislána liggur ekki fyrir þar sem frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra þar um hefur ekki verið lagt fram á þingi. Þeirri boðuðu löggjöf er ætlað að tryggja jafnræði við úrlausn skuldamála einstaklinga í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli Lýsingar.

Gengistryggðum bíla- og húsnæðislánum verður breytt yfir í íslenskar krónur og verðtryggð kjör, sem mun lækka höfuðstól lánanna um allt að helming og í sumum tilvikum munu lánþegar fá endurgreitt eitthvað af þeim greiðslum sem þeir hafa ofgreitt til fjármögnunarfyrirtækjanna. Mun lántakendum einnig bjóðast að breyta láninu í löglegt erlent lán eða færa það á óverðtryggða íslenska vexti.

Heildarvirði ólöglegra, erlendra lána til einstaklinga hér á landi er metið á 186 milljarða króna, samkvæmt upplýsingum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, og þar af eru 61 milljarður í bílalan og 78 í húsnæðislán. sunnav@frettabladid.is stigur@frettabladid.is

Staða á 20 milljóna láni teknu í des. 2006



Hvenær verður lánið mitt endurreiknað?

Avant: Útreikningar hafnir og ráðgert að innheimta endurreiknaðra samninga hefjist á ný í byrjun október. Ekki verður um uppsafnaðar mánaðargreiðslur að ræða heldur venjubundna mánaðarlega fjárhæð afborgunar miðað við forsendur dóms Hæstaréttar. Talið er að rúm þriðjuti prósent viðskiptavina hafi haft eigendaskipti á bílum sem keyptir voru með gengistryggðum lánum og taka endurreikningar á slíkum málum lengri tíma.

Lýsing: Lýkur vonandi á næstu vikum. Sendir viðskiptavinum sínum fjótlegra bréf þar sem farið verður yfir stöðuna. Ekki ljóst hvenær greiðsluseðlar verða sendir út. Ekki hefur verið greint hversu stór hluti bíla hefur skipt um hendur.

Íslandsbanki fjármögnun: Sextíu prósent viðskiptavina munu fá endurútreikninga um miðjan október og greiðsluseðlar verða sendir út 1. nóvember. Í hinum tilvikum hafa eigendaskipti átt sér stað og úrlausn þeirra mála tekur lengri tíma.

SP fjármögnun: Endurreikningar hafa staðið síðan í júní og eru langt komnir. Tilkygningar verða sendar út til viðskiptavina á næstu dögum.

Meint hagstjórnarmistök:

Rannsaka ber Íbúðalánasjóð

ALPINGI Níu þingmenn úr Samfylkingu, Sjálfstæðisflokk og Hreyfingunni leggja til að þáttur Íbúðalánasjóðs í þenslunni í aðdraganda falls bankanna verði rannsakaður.

Rannsóknarnefnd Alþingis metur breytingar á fjármögnun og lánareglum sjóðsins sem ein af stærri hagstjórnarmistökum í aðdraganda hrunsins. Vilja þingmennirnir að sú ályktun verði rannsökuð í þessari og að Alþingi fái skýra mynd af starfsemi sjóðsins þar sem fyrir liggja að nauðsynlegt sé að veita honum umtalsvert fé vegna útlánatapa. -þps



DEILT Í BORGinni Sjálfstæðismenn eru óánægðir með tafir á fjárhagsáætlanagerð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gagnrýna meirihlutann:

Vilja aukafundi í fagræðum

REYKJAVÍK Borgastjórnarflokkur Sjálfstæðisflokks gagnrýnir tafir á gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár og hefur kallað eftir aukafundi í öllum fagræðum Reykjavíkurborgar í næstu viku.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðisflokksins, segir í tilkynningu að of margt sé á huldu vegna næsta árs. „Enn þá hefur ekki verið ákveðið hvaða meginlinur skuli gilda í komandi fjárhagsáætlanagerð, hvort skattar verði hækkaðir, hvort gjaldskrár verði uppsagna starfsfólks eða hvort einhver þjónusta við borgarbúa verði skert.“ -þj

ÚTSALA

Frábært grill fyrir íslenskar aðstæður

- Mikil orka 16,5 kw/h
- Ryðfrítt lok og takkaborð
- Grillgrindur úr pottjárnri
- 3 brennarar úr pottjárnri
- Sterkleg viðargrind
- Neistakveikja í rofa
- Skúffa fyrir fitu
- Hitamælir
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð: 136 x 106 x 62cm

FÆST EINNIG HJÁ ORMSSON - ÁRVIRKINN SELFOSSI MODEL AKRANESI RADIÓNAUST AKUREYRI GEISLA Í EYJUM

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400


VEÐURSPÁ



NOKKUD BJART er viðeigandi lýsing á veðrinu næstu daga. Lítils háttar væta gæti þó fallið með ströndum landsins en inn til lands er lítil hætta á úrkomu. Vindur verður fremur hægur víðast hvar og það kólnar heldur í veðri um helgina.

Á MORGUN Strekkingur syðst annars fremur hægur vindur.

MÁNUDAGUR Fremur hægur vindur víða um land.



HEIMURINN

Alicante	28°
Basel	20°
Berlín	15°
Billund	14°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	20°
Gautaborg	14°
Kaupmannahöfn	14°
Las Palmas	24°
London	16°
Mallorca	28°
New York	24°
Orlando	32°
Ósló	12°
París	18°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	15°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

DÝRADAGAR Í GARÐHEIMUM

Kattasýning á vegum KYNJAKATTA frá kl. 12 til 17 laugardag og sunnudag

KOMIÐ Í GARÐHEIMA
OG HITTIÐ NÝJASTA
FRÆNDFÓLKIÐ MITT!

15%

afsláttur
af öllu
dýrafóðri

- ☀ Dýralæknir til skrafs og ráðagerða
- ☀ Dýravörukynningar og tilboð
- ☀ Lukkupottur með veglegum vinningum

Kynning á úrvals kattafóðri frá:



ROYAL CANIN



Eukanuba

**Gullfallegar
erikur og
haustplöntur**



**Tilboð á erikum
og callunum**

Haustlaukar



Frábær tilboð
Hvergi meira úrval
Hver er laukur vikunnar?

**Fáðu hugmyndir
að leiðisskreytingum**



Sýning um helgina
í gróðurhúsinu

**Garðheimavöndur
í haustbúning**



1980kr

Ný sending af erikum og haustplöntum! – Ný sending af haustlökum!



Gulrótarkaka

350kr

spíran.
um helgina

Ís

100kr



GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda
Stekkjarkakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

KJÖRKASSINN



Eiga sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að kaupa snjóframleiðslutæki fyrir Blábjöll?

Já 41%
Nei 59%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu ánægð(ur) með niðurstöðu Hæstaréttar varðandi gengis-tryggð lán?

Segðu skoðun þína á Visiris.



6

Kona fundin sek um ærumeiðandi aðdróttanir gegn betri vitund:

Dæmd fyrir að ljúga til um getnað

DÓMSMÁL Kona hefur verið dæmd í þrjátíu daga skilorðsbundid fangelsi fyrir ærumeiðandi aðdróttanir gegn betri vitund, þar á meðal að ljúga getnaði upp á mann.

Ríkssaksókarari sótti málið. Konan var fundin sek um að hafa sent nafnlaust bréf í pósti fyrir á árinu til hjóna, stílað á eiginkonuna. Í því stóð að bréfitari væri samstarfskona eiginnmanns hennar, ætti í kynferðissambandi við hann og væri þunguð af hans völdum.

Í meginmáli bréfsins sagði: „Ég



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR

Dómurinn dæmdi konuna til að greiða 200 þúsund krónur í miskabætur.

og C vinnum á sama stað, ég er bara á öðru sviði en hann, en þannig er

mál með vexti að ég er ófrísk og veit að hann er þabbinn. Það kemur enginn annar til greina.“

Böndin bárust fljótlega að konunni sem nú hefur verið dæmd. Hún játaði brot sitt fyrir dómi en gat ekki gefið neinar skýringar á bréfi þessu eða ástæðum þess að hún skrifaði það og sendi.

Eiginkonan krafðist einnar milljónar í bætur frá sendanda bréfsins, meðal annars vegna þess að hún hefði hrökklast úr flugumferðarstjórnámi vegna málsins. Konan var dæmd til að greiða 200 þúsund krónur í miskabætur. - jss

Óánægð hagsmunasamtök:

Hópmálsókn í undirbúningi

DÓMSMÁL Á þriðja hundrað manns hefur tilkynnt þátttöku sína í hópmálsókn Samtaka lánþega gegn fjármálafrýrtækjum, að því er Guðmundur Andri Skúlason, formaður samtakanna, sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær. Þar sagði Guðmundur að viðskiptaráðherra gæti ekki sett lög sem berði niður rétt lánþega.

Enn fremur samþykkti stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna einróma á fundi sínum í gær að leita til eftirlitsstofnunar EFTA, vegna niðurstöðu Hæstaréttar. - sh

SANDGERÐI

Tuttugu milljónir í golfvöll

Bæjarráð Sandgerðis hefur ákveðið að Golfklúbbur Sandgerðisbæjar fái samtals 19,5 milljóna króna styrk vegna gerðar átján holu golfvallar. Þegar hafa verið greiddar fimmtán milljónir.

DÓMSMÁL

Mátti slátra í sendibíl

Hæstiréttur hefur staðfest sýkndóm yfir þremur mönnum sem voru ákærðir fyrir ólöglega sauðfjárslátrun. Fólkinu var gefið að sök að hafa slátrað nítján lömbum í gámi og í sendibíl á Vesturlandi í september á síðasta ári. Það kvað kjötið ætlað til einkaneyslu og var sýknað.

LÖGREGLUFRETTIR

Kannabis og klám

Lögreglan stöðvaði nýverið kannabisræktun í fjölbýlishúsi í austurborginni. Við húsleit fundust um sextu kannabisplöntur á lokastigi ræktunar. Um mjög fullkomna ræktun var að ræða. Á sama stað var einnig lagt hald á fartölvu með óviðeigandi myndefni. Karlmaður á fertugsaldri hefur verið yfirheyrður vegna rannsóknar málsins.

Fjögur hundruð plöntur

Þá stöðvaði lögregla kannabisræktun í húsi í Árbæ nýverið. Við húsleit fundust tæplega fjögur hundruð kannabisplöntur. Þrjú karlmenn á þritugsaldri voru handteknir.

Ráðherraákærur geta breyst við rannsókn

Alþingi getur breytt kæruefnum eftir að rannsókn á meintri vanrækslu fyrrverandi ráðherra er hafin. Fjórir af fimm sérfræðingum Atlanefndarinnar telja skilyrðum um málshöfðanir fullnægt. Áform um gagnaleynd hleyptu upp þingfundi.

ALÞINGI Atli Gíslason, formaður þingmannanefndar um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, mælti í gær fyrir þingsályktunartillögu meirihluta nefndarinnar um að höfða beri sakamál gegn fjórum fyrrverandi ráðherrum.

Atli rakti hvað þeim Geir H. Haarde, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Árna M. Mathiesen og Björgvini G. Sigurðssyni er gefið að sök og færði rök fyrir sumum kæruefnum. Um önnur vísaði hann til greinargerðar með tillögunni.

Hann sagði málið í heild vera sér afar erfitt en undan því yrði ekki vikist. Þingleg skylda réði því að í það var ráðist.

Í máli Atla kom fram að þingmannanefndin leitaði í fyrstu til fjögurra sérfræðinga um hvort skilyrðum til málshöfðunar væri fullnægt. Þrjú þeirra hafi verið þeirrar skoðunar. Þeim hafi í framhaldinu verið falið að semja drög að þingsályktunartillögu og fimmti sérfræðingurinn fenginn til að leggja á þau mat. Sá hafi gert fyrirvara við skýrleika tiltekinnna atriða og lagt til úrbætur. Að þeim gerðum hafi hann talið ályktunina standast. Atli tók fram að sérfræðingarnir hefðu lagt áherslu á að þeirra verk væri ráðgjöf en þingmanna að taka ákvörðun.

Atli upplýsti líka að ákærurnar á hendur ráðherrunum fyrrverandi geti breyst frá því sem þingid kann að ákveða.

Verði tillaga um málsókn samþykkt mun Alþingi kjósa saksóknara og fimm manna þing-



MÆLT FYRIR ÁLYKTUN UM MÁLSÓKNIR Atli Gíslason rökstuddi tillögu meirihluta þingmannanefndar á þingi í gær.

Aðgangur veittur að gögnum eftir uppnám

Við upphaf þingfundar í gærmorgun mótmæltu þingmenn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar því að þingheimur fengi ekki aðgang að gögnum sem þingmannanefndin, undir formennsku Atla Gíslasonar, bjó yfir. Voru það álit og minnisblöð sérfræðinga sem komu fyrir nefndina. Vildu þeir fresta umræðum um sjálfa þingsályktunartillöguna þar til öll gögn lægju fyrir. Nefndarmenn báru við að sérfræðingunum hefði verið heitinn trúnaður og væri það í samræmi við verklagsreglur hennar sem öllum voru ljósar. Um þetta var karpað í þrjú korter en að því búnu mælti Atli fyrir þingsályktunartillögunni. Að því búnu var þingfundi frestað og sest á rökstóla í fundarherbergjum. Varð úr að trúnaði á gögnunum var aflétt gagnvart þingmönnum en fjölmiðlar og almenningur fá ekki að sjá þau.

mannanefnd til að starfa við hlið hans. Saksóknarinn mun, lögum samkvæmt, afla sönnunargagna. „Komi fram við þessa rannsókn málsins áður en málið er þingfest fyrir landsdómi, að einhverjum

kæruatriðum er ofaukið eða hreinlega einhverjum ákærða er ofaukið, er þessari fimm manna þingmannanefnd í lófa lagið að leggja fram nýja þingsályktunartillögu,“ sagði Atli.

bjorn@frettabladid.is

Spenna á leiðtogafundi:

Hávaðarifrildi við Sarkozy

BELGÍA, AP Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti átti í hörkurifrildi við aðra leiðtoga Evrópusambandsríkjanna á leiðtogafundi þeirra í Brussel í gær.

Sarkozy var afar ósáttur við gagnrýni Evrópusambandsins á aðgerðir franskra stjórnvalda gegn sígaunum, eða rómafólki eins og þeir nefna sig sjálfir.

Sérstaklega gagnrýndi Sarkozy að Viviane Reding, sem fer með dómssmál í framkvæmdastjórn ESB, hafi líkt brottflutningi rómafólks frá Frakklandi við útrýmingarherferð nasista á hendur gyðingum.

- gb

Árvekní gegn streitu og verkjum

Árangursrík aðferð gegn sípreytu, verkjum, streitu, psoriasis og kvíða.

Næstu námskeið hefjast 20. sept. og 12. okt.



Nánari upplýsingar: www.salfrædingur.is

Björgvin Ingimarsson
sálfræðingur
Sími: 571 2681

Láttu hjartað ráða



HIMNESKT

Fæst í verslunum Hagkaups, Bónus og 10-11 - www.lifraent.is

Mótmæla fullyrðingum um hlut Íbúðalánasjóðs í penslunni og benda á bankana:

Framsóknarmenn verjast ásökunum

STJÓRNMÁL Það er rangt að breytingar á útlánareglum Íbúðalánasjóðs árið 2004 hafi ráðið úrslitum um þenslu í hagkerfinu. Bankarnir bera þar höfuðábyrgð.

Þetta segja þrjú fyrrum ráðherrar Framsóknarflokksins – hver í sínu lagi – í bréfum til þingmannanefndarinnar sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Í skýrslunni segir að breytingarnar, sem gerðar voru í framhaldi af kosningaloforði framsóknarmanna 2003, hafi verið þensluhvetjandi og með stærri hagstjórnarmistöku.

Jón Sigurðsson, Jónína Bjartmarz og Valgerður Sverrisdóttir mótmæla þessu. Valgerður segir að þegar lögum um sjóðinn hafi verið breytt hafi bankarnir þegar lánað um 180 milljarða króna í nýjum fasteignalánum. Bætur hún



JÓN SIGURÐSSON



JÓNÍNA BJARTMARZ



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

við að innkoma bankanna á markaðinn hafi fyrst og fremst haft þann tilgang að „reyna að gera út af við Íbúðalánasjóð“.

Jónína bendir á að á átján mánaða tímabili hafi bankarnir veitt rúma 300 milljarða til íbúðalána. Þau

hafi ekki verið einskorðuð við kaup eða byggingu íbúðahúsnæðis heldur „fóru að stórum hluta í neyslu og aðrar fjárfestingar“.

„Viðskiptabankarnir réðu algerlega úrslitum um framvindu mála á íbúðalánamarkaði,“ segir Jón. - bps



CHEERIOS STÖKKIÐ, í dag fyrir utan Hagkaup Skeifunni

Í tilefni amerískra daga í verslunum Hagkaups mun Victor Guðbergsson Íslandsmeistari í Motorkrossi árið 2009 stökkva yfir Cheeriostrukkinn fyrir framan Hagkaup í Skeifunni í dag kl. 14:00 og kl.16:00

Verið velkomin að fylgjast með háloftaleikfimi eins fremsta motorkrossmanns landsins.

Hversu langt stekkur hann?



Pepsi **Wild Cherry**, Mtn Dew **Code Red**, Mtn Dew **White Out**, Mtn Dew **Typhoon**, Mtn Dew **Distortion**, Kirsuberja Coke, **Cream Soda**, Diet Rótarbjör, Rótarbjör...



Nýtt
í Hagkaup



Nýjar tegundir...
– Ben & Jerry's ís

Nýtt
í Hagkaup



Gott gott gott...
– fullt af allskonar súkkulaði

Nýtt
í Hagkaup



Krabbakökur
– eka amerískt!

Nýtt
í Hagkaup



Súkkulaði Cheerios & Trix
– nú er gaman!

TAKMARKAÐ
MAGN

Nýtt
í Hagkaup



1.399 kr/stk

Amerísk karmelluterta
– bara gott...

Nýtt
í Hagkaup



Hershey's kisses
– með karamellu og möndlum

Nýtt
í Hagkaup



Tortilla flögur og salsa
– algjört æði...

199 kr/stk

Candy apple mmm.....
– 3 tegundir



OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 26. september á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?



1. Hver er að ljúka skriftum á sinni tíundu vinjettubók?
2. Hver er fráfariandi varaformaður í skipulagsráði Reykjavíkur?
3. Hvað eru margir KFC-staðir á Akureyri?

SVÖR

1. Arnarinn Keynissón, 2. Barði Jóhannsson, 3. Englím.

Borgarstjóri vill samræmdar aðgerðir til að útrýma ofbeldi úr miðborginni:

Kallar eftir vitundarvakningu

REYKJAVÍK Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík, segir að ofbeldi í miðborginni verði ekki þolað lengur. Hann lét þessi orð falla í gær á kynningarfundum um öryggismál í miðborginni.

Á fundinum var kynnt úttekt á öryggismálum skemmtistaða miðborgarinnar, en á meðal aðstandenda hennar var dyravörðurinn Birgir Páll Hjartarson, sem segir að á löngum ferli hafi hann aldrei upplifað jafn slæmt ástand.

Niðurstaða skýrsluhöfunda er í grófum dráttum sú að til að stemma stigu við ofbeldi skipti

notkun öryggismyndavéla, eftirlit með salernum og afkimum og árvekni dyravaraða mestu máli.

Borgarstjóri segir að til þess að eyða ofbeldi þurfi samræmdar og sýnilegar aðgerðir. „Ef við stöndum ekki saman, heldur vandamálið áfram að vaxa. Það er undir okkur öllum komið að taka ábyrgð á því að standa gegn ofbeldi,“ sagði Jón Gnarr borgarstjóri

- Þj

VITUNDARVAKNING Jón Gnarr borgarstjóri segir ofbeldi í miðborginni ekki verða liðið lengur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Pingið samþykkir búrkubann: Hefur áhrif á um 2.000 konur

FRAKKLAND, AP Öldungadeild franska þingsins hefur samþykkt bann við því að konur hylji andlit sín með búrkum eða slæðum með yfirgnæfandi meirihluta. Bannið var samþykkt með 246 atkvæðum gegn einu.

Lagasetningin mun hafa bein áhrif á líf um 2.000 kvenna, og líta margir múslimar í Frakklandi á bannið sem áfall fyrir iðkendur íslam í landinu.

Bannið fer nú fyrir stofnun sem kannar hvort lögin brjóti gegn stjórnarskrá landsins.

- Þj

Furðar sig á vinnubrögðum

Magma Sweden er alvörufyrirtæki með raunverulegan rekstur, segir formaður nefndar um erlenda fjárfestingu. Lögskýringarleið sem sýnir fram á ólögmati kaupa Magma á HS Orku stenst ekki skoðun.

FRÉTTASKÝRING

Heldur samningurinn um kaup Magma á HS Orku?

Lögskýringarleið sú sem sögð er sýna fram á að kaup Magma Energy í Svíþjóð á HS Orku kunni að hafa verið óheimil á ekki við samkvæmt því sem segir í minnisblaði lögfræðings iðnaðarráðuneytisins sem lagt var fyrir ráðherra í gær. Þrjár af fjórum lagaskýringarleiðum sem dregnar eru upp í skýrslu nefndar um orku- og auðlindamál um kaup Magma á HS Orku benda til lögmætis kaupanna. Skýrsla nefndarinnar var lögð fyrir ríkisstjórn í gær.

„Í skýrslunni kemur meðal annars fram að skoðun nefndarinnar á þeim samningum sem hún fékk aðgang að leiddi ekki í ljós neina augljósa annmarka. Frá lagalegum sjónarhóli sé ekki tilefni til að gera athugasemdir við samningana,“ segir í tilkynningu.

Unnur G. Kristjánsdóttir, formaður nefndar um erlenda fjárfestingu, fagnar því að nefndin hafi með þessu staðfest þá niður-

stöðu sem nefnd hennar hafi áður komist að. Um leið kveðst hún undrast vinnubrögð Magmanefndarinnar. „Nefndin fékk gögn frá okkur en hafði aldrei fyrir því að tala við okkur að eigin frumkvæði eða leggja fyrir okkur neinar vangaveltur,“ segir hún og undrast að hafa ekki fengið tækifæri til að sjá skýrsluna og gera athugasemdir áður en hún var gerð opinber í gær. „Þetta tel ég vera afar gagnrýnvert.“

Unnur segir að í skýrslu Magmanefndarinnar sé ekki horft til þess að nefnd um erlenda fjárfestingu sé stjórn-sýslunefnd og hefði því ekki getað vísað málum til dómstóla líkt og talið sé í skýrslunni að hún hefði átt að gera.

Þá hafi nefnd um erlenda fjárfestingu, þrátt fyrir ítarlega leit og gagnaöflun, ekki getað sýnt fram á að Magma Sweden væri ekki raunverulegt fyrirtæki. „Fyrirtækið er með fullt af peningum og bankareikninga og ætlar sér kannski að fjárfesta í fleiri löndum en Íslandi,“ segir Unnur og bætir við að nefnd hennar hafi meira að segja fengið staðfest að gjaldeyrisyfirfærsl-

Fagnar niðurstöðu Magmanefndarinnar

„Við erum fegnir að þetta er komið fram og erum ánægðir með niðurstöðuna,“ segir Ásgeir Margeirsson, framkvæmdastjóri Magma Energy á Íslandi, um skýrslu Magmanefndarinnar. Hann kveðst vonast til að deilum sé nú lokið og hægt að snúa sér að uppbyggilegri málum.

Nefndin nefnir í skýrslu sinni leiðir sem stjórnvöld gætu valið í framhaldinu, svo sem eignarnám með lagasetningu, endurskoðun á álitum nefndar um erlenda fjárfestingu og samninga við Magma. „Mér sýnist í skýrslunni að ekki séu forsendur fyrir eignarnámsleiðinni,“ segir Ásgeir og telur að samkvæmt skýrslunni sé samningaleiðin ein fær. Hann bendir á að Magma hafi boðið ríkinu forkaupsrétt, lýst vilja til að ræða auðlindaleigusamninga og eins lýst áhuga á því að ríkið eða lífeyrissjóðir kaupi hlut í fyrirtækinu. Eins segir hann að sér heyrst á lögfræðingum að fjórða lögskýringarleiðin, sem sýni ólögmati kaupa Magma, sé afar langsótt. „Til dæmis þyrfti að líta fram hjá því að Magma í Svíþjóð hafi verið aðili að viðskiptunum,“ segir hann og bendir á að aukinheldur þyrfti að líta fram hjá formlegri túlkun lagabókstafsins.



ÁSGEIR MARGEIRSSON

ur vegna kaupanna á HS Orku hafi allar verið á vegum Magma Sweden. Eins sé fyrirtækjaformið algengt. „Ég held meira að segja að Samherji eigi svona fyrirtæki. Það rekur útgerðina þeirra í Þýskalandi.“

Heimildir blaðsins herma að innan Magmanefndarinnar hafi togast á ólík sjónarmið um að hvaða niðurstöðu mætti komast. Því hafi í raun verið málamiðlun að setja upp ólíkar leiðir í lög-

skýringu og segja sem svo að ekki yrði skorið úr álitamálum nema fyrir dómi. Lögmenn sem rætt hefur verið við telja ólíklegt að sú eina lögskýringarleið af fjórum sem sýni ólögmati kaupa Magma myndi verða tekin gild fyrir dómi. Til þess þyrfti bæði að falla frá hefðbundnum lögskýringarsjónarmiðum og færa sönnun á að dótturfyrirtæki Magma í Svíþjóð væri einhvers konar gervifyrirtæki.

olikk@frettabladid.is



MIÐBORG REYKJAVÍKUR Til stendur að setja enn fleiri gjaldskyld stæði í miðbæinn.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fleiri gjaldskyld bílastæði: Ávallt bætt við að beiðni íbúa

SAMGÖNGUR Bílastæðasjóður Reykjavíkur hefur ákveðið að bæta við gjaldskyldum stæðum í miðbænum. Bjarki Kristjáns-son, rekstrarstjóri Bílastæðasjóðs, segir ákvörðunina hafa verið tekna að beiðni íbúanna og atkvæðagreiðsla meðal þeirra hafi skorið úr um málið. Viðbætur gjaldskyldra stæða undanfari-
n ár hafi ætíð verið gerðar að beiðni þeirra. Áætlunin hafi verið kynnt fyrir íbúum og öllum gefinn kostur á að svara.

Bætt verður við stöðumælum á Grettisgötu, Njálsgötu, Bergþóru-
götu, Lindargötu og Sölvhólsgötu.

- sv



Þjóð til þings
Þjóðfundur 2010
um stjórnarskrá Íslands

Fékkstu boð á Þjóðfundinn
6. nóvember 2010?

Við hvetjum þig eindregið til að þiggja boðið.
Skráðu þig á fundinn og láttu
rödd þína heyrast í umræðunni um
stjórnarskrá Íslands.

Stjórnlaganefnd

Skráning: www.thjodfundur2010.is – skraning@thjodfundur2010.is – Sími: 580-8009

Frumtak kaupir tæknifyrirtæki: Tími kominn til að tengja

VIÐSKIPTI Fjárfestingarsjóðurinn Frumtak hefur keypt um sjötíu prósent hlut í eigu félaga Íslandsbanka í Median – Rafræn miðlun. Fyrirtækið hefur verið í söluferli hjá bankanum frá í maí. Markmið Frumtaks er að samnýta tækni og markaðsstarf fyrirtækjanna Median og Hand-Point. Síðastnefnda fyrirtækið hefur þróað greiðslulausnir fyrir handtölvur.

Dr. Eggert Claessen, framkvæmdastjóri Frumtaks, segir mikil tækifæri felast í að tengja þessar lausnir saman.

- jab

Tónaljód og dansar úr austri

Norræna húsinu
sunnudag
19. september kl.15.15

Camerarctica
Miðaverð 1500/750



7 ára ábyrgð
á öllum nýjum KIA bílum

NÝR SORENTO

Komdu og upplifðu frábæran jeppa



Má bjóða þér að skoða og prófa nýjan og glæsilegan Kia Sorento. Nýr Sorento býr yfir fjölda eiginleika sem koma kröfuhörðustu öikumönnum skammtilega á óvart. Hann er þægilegur og rúmgóður jeppi sem hægt er að fá bæði **5 og 7 manna**.

Ný **197 hestafla dísilvél** og **6 þrepa sjálfskipting** gera þennan öfluga jeppa sérstaklega skammtilegan í akstri. Þrátt fyrir þetta mikla afl er Kia Sorento mjög sparneytinn og eyðir einungis **7,4 lítrum/100 km** í blönduðum akstri.

Nýjum Kia Sorento fylgir **7 ára ábyrgð** líkt og öllum nýjum Kia bílum.

Komdu við í Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og prófaðu nýjan Kia Sorento. Hlökkum til að sjá þig!

Opið í dag

Kia Sorento, sjálfskiptur, dísil 197 hö.
Verð frá 6.990.000 kr.

Kia Sorento, beinskiptur, dísil 150 hö.
Verð frá 5.690.000 kr.



FRÉTTASKÝRING: Fyrrverandi ráðherrar vísa á bug ásökunum um vanrækslu

Málsvörn ráðherranna

Enginn ráðherra fjögurra sem meirihluti þingmannanefndar telur hafa brotið lög í embætti á árinu 2008 kannast við slíkt. Þvert á móti vísa þeir öllum slíkum ásökunum út í hafsauga.

Sem kunnugt er komst meirihluti þingmannanefndar undir forystu Atla Gíslasonar að þeirri niðurstöðu að Árni M. Mathiesen, Björgvin G. Sigurðsson, Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafi gerst sek um refsiverða háttsemi í embættisfærslu þeirra á árinu 2008. Í því ljósi beri að höfða gegn þeim sakamáli fyrir landsdómi.

Til grundvallar liggur fyrst og fremst skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis (RNA) en önnur gögn að auki.

Í erindum til þingmannanefndarinnar rökta fjórmenningsarnir sjónarmið sín til ávirðinga sem á þá voru bornar í skýrslu RNA eða annars þess sem um þá var sagt.

Í stuttu máli má segja að þeir tæti í sig ásakanir um vanrækslu í starfi og færa ýmis rök máli sínu til stuðnings.

Útskýringar á lagaumhverfi, starfsháttum og einstökum aðgerðum í aðdraganda hrunsins eru meginefni málsvarna þeirra en þrjár af fjórum vísa til síðari tíma atburða. Nefnilega þess að umfangsmiklar rannsóknir standa nú yfir á hátt-erni eigenda og stjórnenda bankanna, bæði innan þeirra og hjá saksóknara. Geir, Árni og Ingibjörg vísa til þess en Björgvin ekki.

Ábyrgð í ljósi afbrota

Geir segir að vísbendingar séu uppi um að umfangsmikil brotastarfsemi hafi átt sér stað innan fjármálagærans og víðar í viðskiptalífínu. Yfirvöldum og forystumönnum í stjórn-málum hafi með öllu verið ókunnugt um þau mál. „Virðist nú blasa við



GEIR H. HAARDE

að veiking bankanna innan frá hafi ekki verið minna vandamál en stærð þeirra í hlutfalli við efnahag þjóðarinnar. Það segir sig sjálfst að ráðamenn hefðu ekki reynt að liðsinna fjármálaþyrtingunum með þeim hætti sem gert var hefðu þeir haft grun um að innan þeirra ætti sér stað athæfi sem ekki þyldi dagsins ljós,“ segir Geir. Enn fremur blasi við að ábyrgð endurskoðenda sé mikil.

Ingibjörg segir að fram hafi komið sterkar vísbendingar um að eigendum og stjórnendum bankanna hafi gerst sekir um alvarleg brot sem virðast hafa farið fram hjá öllum sem áttu að hafa eftirlit með starfsemi. „Þegar mál eru skoðuð í því ljósi verður heldur ankannalegt að telja að ég hafi haft einhverja þá vitneskju eða afl sem þurfti til að forða fjármálakerfinu frá falli.“

Árni segir ásakanir um meinta vanrækslu ráðherra vera veikburða og ósanngjarnar í ljósi þeirra umfangsmiklu rannsókna sem nú fara fram. „Sé staðan sú, eins og margt virðist benda til, að glæpsam-



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

legt athæfi í bönkunum og yfirhlym-ing þess hafi gert eftirlitsaðilum (FME og Seðlabanka) ómögulegt að átta sig á hinni raunverulegu stöðu og þar með leitt til þess að viðkomandi ráðherra (viðskr. og forsætis-r.) var gefin röng mynd af stöðunni, hver ber þá ábyrgðina? Getur ráðherra (að ég tali nú ekki um ráðherra sem ekki ber ábyrgð á viðkomandi málaflokki) borið ábyrgð og sætt ákæru refsiréttarlegs eðlis vegna meintrar vanrækslu sem á rót sína í hugsanlega glæpsamlegu athæfi þriðja aðila sem ekki komst upp fyrr en að atburðarásinni afstaðinni? Ég tel ekki og vona að þingmannanefndin sé mér sammála um það,“ segir Árni.

Margt var gert

Fyrsta kæratriði meirihluta þingmannanefndarinnar í tilvikum ráðherranna allra er, saman dregið, að þeir hafi ekki brugðist með fullnægjandi hætti við stórfelldri hættu sem vofði yfir fjármálastofnunum og ríkissjóði til að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.

Geir Haarde svarar sambærilegum ásökunum RNA á ellefu blaðsíðum, sendum þingmannanefndinni. Rekur hann margvíslegar aðgerðir sem stjórnvöld réðust í til að afstýra því að illa færi. Gjalddeyrisvarasjóður hafi verið eflur, unnið hafi verið að því að koma Icesave í dótturfélag, áhersla hafi verið lögð á að bankarnir minnkuðu efnahagsreikninga sína, reynt hafi verið að tryggja aðild að samstarfi Evrópuríkja um fjármálastöðugleika og upplýsingamiðlun út á við hafi verið bætt. Allt hafi það snúist um að reyna að afstýra því að illa færi án þess að orsaka áhlaup á bankana. Kveðst Geir telja að róttækar breytingar á lagaumhverfi bankanna á árinu 2008 hefðu hiklaust getað valdi hrúni þeirra með því



ÁRNI M. MATHIESEN

að gefa almenningi og mörkuðum til kynna að þeir ættu í stórfelldum erfiðleikum.

Geir bendir líka á yfirlýsingar eftirlitsaðila. Í maí 2008 hafi Seðlabankinn sagt að á heildina lítið væri fjármálakerfið í meginatriðum traust og í ágúst hafi Fjármálaeftirlitið sagt niðurstöður álagsprófs sýna að undirstöður bankanna væru traustar og eiginfjárstaða þeirra sterk. „Ég tók fullt mark á álagsprófum FME og niðurstöður prófsins í ágúst 2008 létu af mér verulegum áhyggjum. RNA gerir hins vegar margs konar athugasemdir við þessi próf og telur þau hafa verið gölluð. Um það höfðu ráðherra enga vitneskju enda byggir sú niðurstaða á rannsóknum nefndarinnar í kjölfar hrunsins.“

Logið að forsætisráðherra

Geir er sakaður um að hafa ekki látið vinna heildstæða greiningu á fjárhagslegri áhættu ríkisins vegna hættu á fjármálaáfalli. Segir hann að hvað sem öllum upplýsingum hefði liðið hefði slíkt mat engin áhrif haft til að koma í veg fyrir hrún bankanna. Þá er hann sakaður um að hafa vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum til að draga úr stærð bankanna. Segir Geir það hafa verið skýrt markmið stjórnvalda en þau ekki haft mörg tæki til að beita í því efni. Auðvelt sé að gera um það ágreining eftir á þegar ljóst sé að markmiðið náðist ekki í tíma.

Í lokaorðum segir Geir: „Ég hef varið mörgum árum í störf á vettvangi stjórnmála og kynnst þar mörgu fólki. En ég hef ekki átt því að venjast að mér sé vísitandi sagt ósatt um mikilvæg mál hvað þá að málsmetandi ábyrgðarmenn stórra fyrirtækja geri sig seka um slíkt gagnvart forsætisráðherra. Slíku hafði ég ekki kynnst fyrr en í aðdraganda bankahrunsins



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

og gerði mér ekki grein fyrir því fyrr en eftir á.“

Vissu ekki

Í athugunum á aðgerðum stjórnvalda í aðdraganda hrunsins hefur meðal annars verið reynt að finna út hver vissi hvað hvenær. Björgvin og Ingibjörg víkja bæði að þeim málum. Björgvin segir hreint út að honum hafi verið haldið utan við atburðarás er varðaði efnahagsmálin. „Það hlýtur að vera óumdeilt að enginn getur tekið afstöðu til upplýsinga sem hann hefur ekki undir höndum. Og enginn getur sýnt af sér vanrækslu með athafnaleysi með því að bregðast ekki við upplýsingum sem fram koma á fundum sem hann veit ekki af,“ segir hann.

Ingibjörg tíundar hins vegar ýmis gögn og upplýsingar sem varða efnahagsmál sem haldið var frá henni en hún telur eðlilegt að hefðu ratað til ríkisstjórnarinnar eða hennar sem oddvita annars stjórnarflokkssins. Það hafi ekki verið fyrr en á þessu ári að hún hafi vitað af tilvist þeirra. En Ingibjörg upplýsir líka að í framhaldi funda með stjórn Seðlabankans hafi hún rætt það sem þar fór fram á þingflokksfundum Samfylkingarinnar, sérstökum fundum ráðherra flokkssins og í hagráði hans.

Málsvörn fyrir landsdómi

Fari svo að Alþingi samþykki að ákæra ráðherra fyrrverandi verður landsdómur kallaður saman. Fyrir honum munu þeir flytja eiginlega málsvörn og njóta liðsinnis lögmannna. Þar verður ákæratriðunum svarað lið fyrir lið, án efa með mun ítarlegri hætti en í bréfunum til þingmannanefndarinnar.

Björn Þór Sigbjörnsson
bjorn@frettabladid.is



Á annarra könnu

Árni, Björgvin og Ingibjörg eiga það sammerkt að vísa margvíslegum ásökunum á bug með þeim rökum að viðkomandi mál hafi ekki heyrt undir þau. Ingibjörg segist í bréfi sínu til þingmannanefndarinnar mjög ákveðið þeirrar skoðunar að sem utanríkisráðherra hafi hún hvorki með athöfnun né athafnaleysi átt þátt í hrúni fjármálakerfisins né heldur hefði hún getað komið í veg fyrir fall þess. Hún hafi ekki haft forræði á málum sem tengdust fjármálakerfinu eða hagstjórninni. Björgvin segir að FME hafi, lögum samkvæmt, farið með eftirlit með fjármálamörkuðum og viðskiptaráðherraum beinlínis verið óheimilt að aðhafast nokkuð í þeim efnum. Að sama skapi segir hann það hafa verið í verkahring FME og Seðlabankans að greina fjárhagslega áhættu ríkisins en hann er sakaður um að hafa vanrækt að láta meta þá áhættu. Þá hafi forsætisráðherra haft óskorað forræði í málum sem vörðuðu hugsanlegan efnahagslegan óstöðugleika. Geir Haarde hafi kosið að hafa pólitískt samráð við Ingibjörgu Sólrúnu í þeim málum en ekki hann, sem hafi verið ókunnugt um margt sem fram fór.

Grunnstefið í málsvörn Árna Mathiesen er að fæst af því sem snýr að bankahrúninu hafi legið innan ábyrgðarsviðs fjármálaráðherra.

Brynja Þorkeldsdóttir
viðskiptastjóri Ármúla

Svarar bankinn þinn tölvupósti samdægurs?

Tími viðskiptavina okkar er dýrmætur. Samkvæmt mælingum í ágúst svaraði þjónustuver MP banka 98% tölvupósta sem bárust fyrir kl. 16 samdægurs.

Sendu okkur línu á thjonusta@mp.is og skiptu yfir í betri bankapjónustu.





Fjölskyldudagur

sunnudaginn 19. september

Dagskrá á Blómatorgi

kl. 14 Solla Stirða og dansarar

kl. 16 Persónur úr sýningunni Horn á Höfði

- Solla Stirða gefur Latabæjarís frá Kjörís
- Sætar kanínur verða til sýnis!
- 50% afsláttur í Ævintýraland
- Allir fá blöðrur
- Frí andlitsmálun



Þau sem koma fram sem Solla Stirða eru samþykkt af Latabæ. Latabær® 2010 Latabær ehf. Öll réttindi áskilin.

Kynferðisbrot eiga ekki að liggja í þagnargildi.

Þögnin rofin

Ótrúlega margir þolendur kynferðisafbrotu hafa ekki sagt til þeirra sem gerðu á hlut þeirra fyrr en löngu síðar og jafnvel aldrei. Ótrúlega margir hafa byrgt afar þungbæra reynslu af alvarlegum glæp innra með sér. Sumir hafa orðið fyrir öðru áfalli þegar þeir hafa sagt frá glæpnum, en jafnvel fjölskylda og vinir hafa ekki trúað þeim eða þá ráðlagt þeim að þegja áfram og gera málið ekki opinbert. Sumir hafa haft kjark til að leita til réttarkerfisins en enn á ný mætt vantrú og slælegum vinnubrögðum við rannsókn málanna, sem hefur jafnvel leitt til að engin ákæra var gefin út eða málin farið út um þúfur í dómskerfinu. Fórnarlömbin hafa setið uppi með skömm, sjálfsásökun og vantrú á að nokkur myndi koma þeim til hjálpar, en ofbeldismennirnir hafa margir hverjir farið sínu fram eins og ekkert hefði í skorizt.

Lengi vel voru umræður um kynferðisbrot nánast tabú. Það hefur breytzt á síðustu árum. Kirkjan hefur undanfarnar vikur verið að bíta úr nálinni með að frásagnir, sem í dag eru teknar alvarlega, voru menn ekki reiðubúnir að hlusta á og bregðast við af nægilegri festu fyrir hálfum öðrum áratug.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Þetta á ekki einungis við innan kirkjunnar. Fréttablaðið sagði í

vikunni frá máli manns í Vestmannaeyjum, sem í fyrra var kærður fyrir ofbeldi gegn fimm ára gamalli stúlku. Þegar foreldrar hennar kærðu málið gáfu sig fram nítján konur, sem sökuðu manninn um að hafa beitt sig ofbeldi á árum áður. Öll brotin voru fyrnd, þar á meðal brot gegn barnabarni mannsins. Hann var ákærður en sýknaður í Héraðsdómi Suðurlands, að öllum líkindum vegna þess að barnaverndaryfirvöld og lögregla klúðruðu rannsókninni og leituðu ekki til Barnahúss fyrr en mánuði eftir að meint brot var framið. Þetta gerist þrátt fyrir miklar umræður um gildi Barnahússins síðustu ár og verður að teljast með ólíkindum.

Augljóslega var þagað yfir málum að minnsta kosti einhverra af konunum nítján árum saman. Þar var samfélagslegt mein á ferð, en um leið getum við fagnað því að nú er svo komið að fólk telur sig geta sagt frá slíkum brotum, jafnvel þótt þau séu fyrnd.

Í fyrrakvöld greindi Biskupsstofa frá því að fagrað kirkjunnar um kynferðisbrot hefði tekið til meðferðar mál þriggja einstaklinga sem sökuðu prest um að hafa brotið gegn sér fyrir aldarfjórðungi. Viðkomandi starfar ekki lengur í kirkjunni en hefur játað brot sín fyrir ráðinu. Þessi afgreiðsla kirkjunnar á málinu sýnir að hún hefur lært sína lexíu og gerir nú hreint fyrir sínum dyrum.

Í dag segir Fréttablaðið frá því að umræða undanfarinna vikna hafi leitt til þess að nú liggi straumur eldra fólks til Stígamóta. Þetta fólk vill segja frá kynferðisbrotum, sem áttu sér stað fyrir löngu og hafa verið þögnuð niður, meðal annars í skjóli embættisvalds. Nú er loksins svo komið að fólk treystir sér til að segja frá og fá viðurkenningu á að brotið hafi verið á því.

Kynferðisbrot eiga ekki að liggja í þagnargildi. Umræða um þau er gagnleg og nauðsynleg og verður vonandi til þess að enginn telji að hann eigi að þegja um slík brot, heldur segi frá þeim strax þannig að brotamennirnir séu stöðvaðir um leið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafærnu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Uppgjörið

Er rétt að ákæra ráðherra vegna athafna eða athafnaleysis? Hafi hann brotið gegn skýru refsíákvæði er svarið já. Leiki vafi þar á er svarið nei.

Er réttlætlanlegt að ráðherrar sæti málsmeðferð sem stríðir gegn mannréttindum þegar almennir borgarar eiga í hlut? Erfitt er að færa fram málefnaleg rök fyrir því. Skiptir þá engu máli að stjórnarskráin og lög um ráðherraábyrgð eru einfaldlega á þennan veg? Svarið er ekki einfalt.

Hafa verður hugfast að reglurnar eiga rætur í stjórnskipun nítjándu aldar, fyrir daga þingræðisins og



ÞORSTEINN PÁLSSON

nú tíma mannréttindasjónarmiða við málsmeðferð. Hér hefur þeim aldrei verið beitt.

Ein aðferð er að segja: Fyrst reglurnar eru þarna er rétt að láta á það reyna hvort unnt er

að komast upp með það gagnvart Mannréttindadómstólum að þeim verði beitt. Ráðherra mannréttinda er á því máli. Rétt er þó að muna að slík tilraun mistókst þegar stjórnvöld reyndu að verja sýslumanna-

rannsóknarréttarfarið fyrir Mannréttindadómstólum á sínum tíma.

Annar kostur er að segja: Fyrst Alþingi brást í því að samræma þessar reglur þeim almennu mannréttindum sem allir aðrir njóta er rétt að Alþingi beri sjálft hallann af því en ekki sakborningarnir. Komist menn að þessari niðurstöðu þurfa þeir að finna aðrar leiðir til að eðlilegt uppgjör við fortíðina fari fram.

Það getur verið skynsamlegt frá sjónarhóli mannréttinda. Um leið opnar sú hugsun möguleika á að láta ekki fyrningarreglur ráða þeim tímamörkum sem uppgjóri nær til.

Orsök og afleiðing

Í þessu samhengi þarf að horfa á fleiri þætti en skort á réttlátri málsmeðferð. Rannsóknarnefndarskýrslan sýnir að á sex ára tíma fram að hruni gjaldmiðilsins og bankanna stuðluðu ákvarðanir og ákvarðanaleysi býsna margra að því sem varð.

Skýrslan greinir réttilega að stjórnvöld peningamála bera mesta ábyrgð á falli gjaldmiðilsins. Stjórnendur og eigendur bankanna bera hins vegar mesta ábyrgð á falli þeirra.

Það sem úrskæðis fór hjá stjórnvöldum snýr einkum að einkavæðingu bankanna, stefnunni í

ríkisfjármálum, á húsnæðislánamarkaðnum og í peningamálum. Rannsóknarnefndin telur að ekki hafi verið unnt að koma í veg fyrir fall bankanna eftir 2006.

Ógerlegt var að hindra fall krónunnar eftir að viðskiptahallinn fór í tuttu og fimm af hundræði. Vandinn er sá að athafnir jafnt sem athafnaleysi í efnahagsmálum eiga jafnan rætur í pólitísku mati sem ekki er refsivert í lýðræðisþjóðfélagi.

Í þeim ákærutillögum sem fyrir liggja eru formsatriði eins og ófullnægjandi miðlun upplýsinga og skortur á umræðum á formleg-

um ríkisstjórnarfundum árið 2008 talin refsiverð. Þessi atriði kunna að vera ámælisverð frá sjónarmiði góðra stjórnsýsluhátta eins og fram kemur í rannsóknarnefndarskýrslunni. Í ákærutillögum eru á hinn bóginn ekki leidd fullnægjandi rök að því að beint orsakasambandi sé á milli þessara formgalla í stjórnsýslu og hruns krónunnar og bankanna. Erfitt er að sjá að það geti á endanum leitt til sakfellingar.

Þegar mál er þannig vaxið eru hæpin rök fyrir ákærum. Hvar stendur þjóðin gagnvart uppgjöri ef svo fer að málalíbúnaðurinn stenst ekki fyrir dómi?

Langt nef

Ákærutillögurnar taka aðeins til formgalla í stjórnsýslu á nokkurra mánaða tímabili rétt fyrir hrunið. Þær taka hins vegar ekki til þess tíma þegar þeir atburðir gerðust sem raunverulega leiddu til hruns krónunnar og bankanna. Á þeim tíma má þó finna sömu formgalla. Sumir byggjast á langri venju.

Fyrningarreglur ráða því að aðeins er horft á þennan þrönga tíma. Ef ákærunar eru bornar saman við rannsóknarnefndarskýrsluna er með engu móti unnt að segja að þær nái til allra þeirra

þátta sem mestu réðu um að svo fór sem fór. Er Alþingi sátta við að ljúka uppgjöri með þeim hætti?

Einungis hefur komið til skoðunar að ráðherra beri ábyrgð með embættismissi og refsing landsdóms. Einn kostur er þó til sem aldrei hefur verið nýttur hér en stundum í grannríkjum eins og Danmörku.

Alþingi getur þannig samþykkt ályktun þar sem tilteknað embættisathafnir ráðherra sæta ámæli. Þegar þetta er gert í Danmörku er í daglegu máli sagt að þjóðþingi gefi ráðherrum langt nef. Þetta er veigamikil stjórnskipuleg málsmeðferð. Helsti kosturinn við þessa aðferð

er sá að unnt er að leggja skýrslu rannsóknarnefndarinnar um allt tímabilið til grundvallar málalokum um ráðherraábyrgð. Fyrningarreglur ráða þá ekki alfarið til hversu uppgjóri nær. Áminningin yrði að sönnu vægari en refsileiðin. Á móti yrði uppgjórið reist á öllum sannleikanum en ekki bara hluta hans.

Að öllu þessu virtu er mjög áleitin spurning hvort þessi leið er ekki skynsamlegri og ef til vill réttlátari í leit þjóðarinnar að jafnvægi í uppgjöri við fortíðina og þrá eftir sáttum og endurreisn samfélagsins.



SIEMENS

Hágæða þvottavél

WM 16S462DN

Tekur mest 8 kg, vindur upp í 1600 sn./mín. Kolalaus, hljóllátur og sparneytinn mótör. Aukahljóðeinangrun. Mjög stutt kerfi (15 mín.). Orkuflokkur A.

Tækifærisverð: **179.900 kr. stgr.** (Fullt verð: 219.900 kr.)

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Íslenska þjóð – við öll – getum við þetta?

Kveðja

Jenna Jensdóttir
ríthöfundur



Fagur er haustmorgunn, þegar náttúran skartar í allri sinni hrörnandi feegurð. Þá leitar síðvit-ið (heilindi, réttsýni og kærleikur) sterkt í vitund og djúpstætt þakklæti fyrir gæfuríka vegferð fyllir andrúmið.

Reiði

Ein sterkasta tilfinning þegar

einstaklingur er órétti beittur er reiðitilfinningin. Hún grípur ekki aðeins um sig í vitundinni, heldur skekur hún allan líkamann og afskræmir andlitið. Hún safnar úr undirvitundinni öllum ljótum orðum og vondum og býr til úr þeim hárbeytt vopn sem skal særa og skera í nafni réttlátrar hefndar.

Tæplega hefur nokkur maður gert reiðinni jafngóð skil og Jón biskup Vídalín, sem segir hana andskotans verkfæri. Ef nánar er hugað að orðum Jóns, sem áttu að vera öllum til strangrar viðvörðunar á þeim tíma, kemur flest í ljós sem staðfestir það að reiðin er

slæm tilfinning, sem eitrar sálarlífið og ormétur persónuleikann. Slíkt getur orðið að svo stóru sálararmeini að það safnar sífellt í sig og sýkir út frá sér. Þótt reiðihafinn verði fyrst og fremst sjálfur þolandi stórtækra kvala, geta þær brotist út úr vitundinni og orðið skaðvaldur hans í umhverfinu og mannlegum samskiptum öllum – án minnsta tilefnis.

Einstaklingur sem hugsar vandlega ráð sitt, þegar honum finnst gert á hluta sinn og yfirvegar til efnið frá báðum hliðum, er ósjálf-rátt að búa gæfusamlegum viðbrögðum rúm í vitund sinni. Stór og meiðandi orð missa því mátt

sinn og þorstinn til hefndar dvín, líkamleg viðbrögð verða mild og yfirbragð rólegt. Skynsemin tekur smám saman að hreiðra um sig og virkni hennar fer að gæta í öllum athöfnum.

Dómgreindin fær frið til að sinna sínu hlutverki: Að yfirvega orð og gerðir og koma því til skila sem best reynist – án áreitni eða niðurlægingar. Gjörðum hennar fylgir beinskeytt hreinskilni blönduð skilningi og góðvilja. Innri líðan einstaklingsins virkar í samræmi við slík viðbrögð og skyggni hans á mikilvægi jákvæðra, mannglegra samskipta eykst. Geranda tilefnisins deyfast

vopn í höndum – og stundum eyðast. Eðlislæg góðvild, sem í byrjun lífs virðist hverjum og einum í brjóst borin – þótt bæði sé hægt að slæva hana og murka, kemur í ljós sem hvati að þroskavænlegu, innra hegðunarmynstri, sem aftur skilar sér út í samfélagið til gæfu og léttleika í persónuleika einstaklingsins.

Á lífsferli hans verða það minningar um hið góða og glaða sem fyrstar skjóta upp kollinum, af því að honum hefur auðnast að virða þær og geyma þær best, til farsældar þegar litið er yfir farinn veg.

Ritað 1991.

Ráðuneyti ekki lögð niður

Stjórnarráðið

Ásmundur Einar Daðason
alþingismaður fyrir VG



Í síðustu viku voru afgreidd frá Alþingi lög um Stjórnarráð Íslands. Þar er lögð til sameining fjögurra ráðuneyta í tvö. Er hér átt við sameiningu dómsmála- og samgönguráðuneytis í innanríkisráðuneyti og heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis í velferðarráðuneyti.

Því ber að fagna að Alþingi féllst ekki á að sameina sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og iðnaðarráðuneytið í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Voru ákvæði þess efnis tekin út úr upphaflegu frumvarpi forsætisráðherra. Sérstök ástæða er til að gleðjast yfir þessari niðurstöðu enda í samræmi við umsagnir flestra þeirra atvinnugreina sem hér um ræðir og í samræmi við niðurstöðu flokksráðs Vinstri-grænna.

Því hefur verið haldið fram að það sé grundvallaratriði að rannsóknum á auðlindum og ráðgjöf um nýtingu sé haldið aðskildu frá nýtingarsjónarmiðum. Á þetta sjónarmið er hægt að fallast en hér verður að stíga varlega til jarðar og ekki stuðla að nýju kerfi til hliðar við og úr tengslum við það sem við nú höfum. Í dag er sjálfstæði Hafrannsóknastofnunarinnar virt hvort sem menn eru sam-mála eða óssammála niðurstöðum hennar. Ég hef í það minnsta hvergi heyrt kvartað yfir afskiptum ráðherra af stofnuninni. Þótt ekkert sé fullkomið og þá ekki ástand fiskistofna við Íslandsstendur þá er það samt til muna betra en hjá næstu nágrönnum okkar í ESB.

Stundum hefur það borið við að málefni eru keyrð áfram á frösum sem eru þegar betur er að gáð án nokkurs innihalds. Sem betur fer sá Alþingi í gegnum orðagljáfríð og samþykkti ekki stofnun atvinnuvegaráðuneytis enda engin frambærileg rök lögð fram málinu til stuðnings.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



landsbankinn.is/fjarhagur
Blogg og hljóðpistlar um fjármál.

Námskeið um réttindi lífeyrisþega

Landsbankinn kynnir röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið þeirra er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin.

Á næstu fjármálakvöldum verður farið yfir helstu breytingar sem gerðar voru á réttindum og greiðslum lífeyrisþega frá Tryggingastofnun ríkisins á árinu 2009. Starfsfólk Tryggingastofnunar kynnir breytingarnar og svarar fyrirspurnum ásamt sérfræðingum bankans.

Næstu námskeið

23. september kl. 20

Útibúið í Grafarholti, Vínlandsleið

30. september kl. 20

Útibúið í Keflavík, Hafnargötu 57

7. október kl. 20

Félagsmiðstöðin Hlymsdalir
Miðvangi 6, Egilsstöðum

14. október kl. 20

Útibúið á Laugavegi 77

21. október kl. 20

Útibúið á Akranesi, Þjóðbraut 1

Skráning og nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í síma 410 4000.

Allir velkomnir.

FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4000



Landsbankinn

ÚTSALA

ALLT AÐ 70%



Electrolux
Þvottavél
1400 snúninga, tekur 7 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A, vinduhæfni B
1805446

Frystikista
Orkunýting A+, 84x89.5x59 cm
197 ltr. 6 skúffur
1805493



**ÖLL
HANDVERKFERI
25-35%
AFSLÁTTUR**



SKÚTUVOGUR
Súpa og
brauð
250kr

Aðeins brot af úrvalinu!

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

ÁRSINS!

AFSLÁTTUR

RÝMINGARSALA Í SKÚTUVOGI 50% afsláttur

SKJÓLVEGGIR • SKJÓLGIRÐINGAR • BEKKIR
GARÐHLIÐ • BLÓMAKER • BLÓMAKASSAR
SANDKASSAR • PALLAEININGAR • SAFNKASSAR
TRÖPPUKJÁLKAR og margt fleira

Rýmingarsölu-
verð gilda í
Húsasmiðjunni
um land allt.

6.390,-
~~12.687,-~~



Skjólveggur Madrid
180x120 sm.
603414

7.290,-
~~14.672,-~~



Skjólveggur Gyrðir
178x178 sm.
603312

8.995,-
~~11.995,-~~

Álstigi
Álstigi einfaldur
12 þrep 3.3 m
5078950



ÖLL
VIÐARVÖRN
ÖLL
ÚTIMÁLNING
25%
AFSLÁTTUR



RÝMINGAR SALA FLÍSAM aðeins 3 verð

VERÐFLOKKUR 1
990 kr/m²

Veggflís
Negro Azarbach,
23,5x33 sm
8613060



VERÐFLOKKUR 2
1.990 kr/m²

Veggflís
Berlin Beige,
33x60 sm
8613079



VERÐFLOKKUR 3
2.990 kr/m²

Gólfplís
Ethic Brown,
45x45 sm
8630025



frostþolnar, gegnheilar
hornréttar, hágæðaflíslar

Stunguskófla
Dovre
5084092

1.499,-
~~1.999,-~~



ALLAR
STUNGUSKÓFLUR
& STUNGUGAFFLAR
25%
AFSLÁTTUR

Nýjar vörur bætast við daglega!


HÚSASMÍÐJAN

Ráðherrar og nímenningsarnir

Mál nímenningsanna

Birna Gunnarsdóttir
MA í minjavernd,
starfsmaður Háskóla
Íslands



Alþingi Íslendinga, stofnunin sem fær felleinkunn í nýlegri skýrslu þingmannanefndar, átti frumkvæði að sakamáli sem nú er rekið gegn nýu manns fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Í fjölmiðlum er yfirleitt vísað til þeirra sem „mót-mælenda“ og látið að því liggja að hin ákærðu séu einsleitir hópur, sérstaklega hættuleg manngerð. Staðreyndin er sú að þau eru venjulegt allskonar fólk: fólk sem á börn og fjölskyldur og vini og þarf að verjast þeirri fráleitu ákæru að þau

dómari og Lára V. Júlíusdóttir sak-sóknari ætla að elta hana á fæðingardeild eða heim til nýfædd barns við aðalmeðferð máls sem enginn skilur hvaða aðild hún á að. Undrun hennar yfir ákærinni hefur ekki orðið fréttæfni.

Stundum heyrst því haldið fram að ekkert sé athugavert við ákærurnar því auðvitað verði nímenningsarnir sýknaðir og þá hafi þetta bara verið eins og hvert annað grín. En þetta er ekkert grín. Lára V. Júlíusdóttir er alvara með því að kæra nýu manna handahófsúrtaf á 30 manna hópi skv. 100. grein hegningarlaga og fara fram á að þau verði dæmd til fangelsisvistar að lágmarki í eitt ár. Hún vill nímenningsanna dæmda í allt að sextán ára fangelsi fyrir að reyna það sem aðrir ungir mótmælendur, Össur og Ingibjörg Sólrún og félagar hennar í



Ætli refsigleðin yrði söm gagnvart gömlum félögum og sú sem hún sýnir nímenningsunum sem vildu benda þinginu á hið augljósa?

hafi gert aðför að sjálfræði Alþingis.

Áhugaverður samburður

Það er áhugavert að bera fréttir af málinu gegn nímenningsunum saman við fréttir af hugsanlegum ákærum á hendur ráðherra í vanhæfu ríkisstjórninni sem hrökklaðist frá völdum í janúar 2009. Þar verður tilfinningabúskapur ráðherranna fyrirferðarmikið umfjöllunarefni og jafnvel sjálfsvorkunnar-status Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur á Facebook er lesinn í fréttum Ríkisútvarpsins. Vesalings litla skjaldabakan!

Tilfinningar systur minnar, sem er ein hinna ákærðu nímenningsa, þykja ekki fréttæmar né óttinn sem tíu ára dóttir hennar og þrettán ára sonur bera í brjósti, óttinn við að sjá á eftir móður sinni í fangelsi. Ein hinna ákærðu er barnshafandi. Alla meðgönguna hefur hún þurft að mæta í réttarsalinn þótt hvergi sé vísað til hennar í atvikaýsingu ákærunnar; Pétur Guðgeirsson

stúdentaráði, gerðu refsilaust fyrir þrjátíu og fimm árum, og ýmsir síðan. Því alþingismönnum höfðu áður verið flutt skilaboð af þingpöllum með mismiklum stimpingum við þingverði og engin eftirmál orðið. Það sem hin ákærðu reyndu 8. desember 2008 var alls ekki fordæmislaust.

Á varamannabekk í landsdómi

Árangur ríkisstjórnar Geirs Haarde og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur er hins vegar fordæmislaus. Þau söngluðu öfugmælavísir sínar í fjölmiðlum hér heima og erlendis meðan þau og vinir þeirra í bönkunum sigldu öllu til andskotans. Skömm þeirra verður lengi uppi hvað sem dómum kann að líða. Kannski kemst Lára V. Júlíusdóttir, varamaður í landsdómi, upp á aðalmanabekkin. Ætli refsigleðin yrði söm gagnvart gömlum félögum og sú sem hún sýnir nímenningsunum sem vildu benda þinginu á hið augljósa og eiga að gjalda fyrir með frelsi sínu?

Við lögðum til skýra leið

Sjávarútvegsmál

Einar K. Guðfinnsson
alþingismaður



Niðurstaða fjölskipaðrar nefndar sem endurskoðaði fiskveiðilög-gjöfina að beidni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra var mjög skýr og endurspegladi almenna samstöðu fulltrúa sem komu úr öllum geirum sjávarútvegs og frá öllum þing-flokkum. Hún byggðist á vandaðri greiningarvinnu og var í samræmi við þann vilja ríkisstjórnarinnar að leiða til lykta erfitt deilumál, sem skeiði hefur sjávarútveginn allt of lengi. Þessi tillaga nefndarinnar er grundvöllur að skynsamlegu skipulagi. Hún ætti að draga úr þeirri óvissu, sem hefur umlukið sjávarútveginn undanfarn misseri, gert það að verkum, að lítið hefur verið um fjárfestingar innan greinarinnar. Það hefur því tafið nauðsynlegar framfarir innan hennar, sem og bráðnaðsynlega endurreisn atvinnu og efnahagslífs.

Það er því mjög miður að margt hefur verið aflutt af störfum og niðurstöðu nefndarinnar og mörgu ósönnu beinlínis haldið fram. Þetta er nauðsynlegt að leiðrétta.

1. Það er rangt að ekki hafi orðið mikil samstaða um tiltekna leið við fiskveiðistjórnun innan nefndarinnar. Nær allir nefndarmenn leggja til samningaleið og telja hana líklegri til árangurs og sát en einhverjar útfærslur fyrirningarleiðar.

2. Þetta eru markverðar breytingar frá núverandi fyrirkomulagi. Nú er kvóta úthlutað án tímatakmarkana. Tillögurnar gera ráð fyrir samningi um rétt til fiskveiða til langs tíma, með endurnýjunarétti.

3. Með ósmekkleghum hætti hafa nefndarmenn verið kallaðir sérhagsmunahópar. En gáum að. Það er sama hvernig menn horfa á þessi mál. Það er rangt að kalla svo fjöl-

skipaða nefnd fólks með ólíkan bakgrunn, sérhagsmunaöfl. Fulltrúar stjórnmalaflokka hafa sótt umboð sitt til þjóðarinnar í kosningum. Þeir hagsmunaaðilar sem í nefndinni sátu horfa bersýnilega á mál frá mismunandi sjónarhólum. Þeirra hagsmunir eru ólíkir á margan hátt, eins og við blasir. En eitt sameinar þá þó. Viljinn til þess að skapa hagfellda og réttláta löggjöf um sjávarútveginn. Það á við um svo ólíka hópa sem landverkafólk og fiskverkendur, sjómenn og útvegs-menn og fulltrúa ólíkra pólitískra sjónarmiða. Þessir aðilar komust að sameiginlegri niðurstöðu. Sameiginlega eru þeir fulltrúar svo breiðra og ólíkra hagsmuna.

4. Það er á vissan hátt hrollvekjandi að heyra það sjónarmið reifað, að með nefndarvinnunni sé samráðinu lokið. Var nefndarstarfið þá bara upp á punt? Átti aldrei að taka neitt mark á því þegar fulltrúar nær allra starfshópa innan sjávarútvegsins og fulltrúa allra stjórnmálaflokka nema eins leggja til að tiltekin leið verði farin við fiskveiðistjórnun?

5. Þá hefur því einnig verið haldið fram að samningaleiðin sem við leggjum til í endurskoðunarnefndinni sé óútfærð. Það er rangt. Tillagan er ágætlega útfærð og byggir m.a. á ítarlegri athugun Karls Axelssonar hæstaréttarlögmanns og Lúdvíks Bergvinssonar, héraðsdómslögmanns og fyrrum alþingismanns, en báðir eru gjörkunnugir lagaumhverfi því er lýtur að auðlindanýtingu í landinu.

Niðurstaðan var hins vegar fundin í nefndinni sjálfri. Hún var afrakstur mikillar faglegrar vinnu, hún byggir á gögnum sem nefndarmenn rýndu og hún spratt út úr þeirri umræðu sem fór fram á fjölmörgum fundum, á löngum tíma. Það var því ekki hrappað að þessari niðurstöðu. Hún var ekki pöntuð utan úr bæ, heldur niðurstaða okkar, sem komum að málinu úr svo gjörólíkum áttum.

6. Sjávarútvegurinn hefur kallað eftir samræmi við gjaldtöku vegna nýtingar á sjávarauðlindinni og öðrum auðlindum. Nýlega hafa margir, ekki síst fulltrúar Samfylkingar lokið lofsorði á þær hugmyndir sem uppi eru um fyrirkomulag nýtingarréttar á orkuauðlindum okkar. Samningaleiðin sem við leggjum til í sjávarútvegi er í samræmi við þær hugmyndir.

7. Það er misskilningur að nefndinni hafi einungis verið ætlað það hlutverk að draga upp einhverja valkosti sem í boði gætu verið og kæmu til greina varðandi fiskveiðilöggjöfina. Verkefnið var að greina, leggja mat á þá og byggja tillögurnar sínar til ráðherra síðan á því mati.

Við lögðum til grundvallar vandaðar úttektir sem gerðar voru af fjölmörgum sérfræðingum með gagnstæð sjónarmið. Nefndin hafði því fyrir framan sig þá kosti sem gætu verið til staðar og ærnar upplýsingar. Það var á grundvelli slíks vandaðs mats, sem það var niðurstaða okkar að skynsamlegast væri að fara samningaleiðina.

8. Samningaleiðin kveður afdráttarlaust á um eignarhald auðlindarinnar. Jafnframt á nýtingarrétturinn verið bundinn til tiltekins tíma, með eðlilegum endurnýjunarétti, gegn gjaldi sem ríkið innheimti. Það er því ljóst að þessi niðurstaða sameinar í rauninni ólík sjónarmið. Hún tryggir ákveðin fyrirsjáanleika í sjávarútvegnum jafnframt því að svara spurningunni um eignarhaldið á auðlindinni.

Það er þess vegna sem við – þessi fjölbreytt hópur – segjum svo afdráttarlaust í skýrslu okkar: „Starfshópurinn telur að þær tillögur sem hópurinn gerir nú til breytinga og endurskoðunar á lögum um stjórn fiskveiða sé grunnur að lausn þeirra stóru ágreiningsefna sem verið hafa uppi hér á landi um langt skeið.“

Málaflokkur á tímamótum

Málefni fatlaðra

Guðbjartur Hannesson
félags- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðisráðherra



Lýst er markmiðum með yfirfærslunni, sett fram áætlan um nauðsynlegar lagabreytingar og fjallað ítarlega um myndun þjónustusvæða og lágmarksíbúafjölda svæða til að tryggja faglegt og fjárhagslegt öryggi þjónustunnar og jafnræði með þjónustuþegum.

Í samkomulagsdrögunum er einnig fjallað um fjárhagsramma tilfærslunnar og jöfnunaraðgerðir, gerð grein fyrir aðgerðum til að tryggja rétt fatlaðra til þjónustu og skilgreint nýtt samstarfsverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð. Fjallað er um mat á biðlistum og innleiðingu á nýju þjónustumati sem er grundvöllur jöfnunarkerfis milli þeirra sem veita þjónustuna. Loks er umfjöllun um eftirlit með þjónustunni og faglegt og fjárhagslegt endurmat á árangri tilfærslunnar.

Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við að stefna í málefnum fatlaðra sem legið hefur fyrir í drögum frá árinu 2007 hefur ekki verið staðfest og skortir því formlegt gildi. Ljóst er að ráðuneytið verður að ráða bót á þessu, setja fram skýra stefnu og tryggja henni víðtækan stuðning. Til greina kemur að leggja slíka stefnu fram sem tillögu til þingsályktunar með aðgerðaáætlun til fjögurra ára og verður sú leið skoðuð af hálfu ráðuneytisins. Undirbúningur að slíkri þingsályktunartillögu myndi fara fram í nánú samstarfi við sveitarfélögin.

Eftirlit með velferðarþjónustu og réttindagæsla notenda er mikilvæg. Eftirlitið þarf að vera faglegt og trúverðulegt eftirlitsaðilans skiptir miklu máli. Ráðuneytið hefur um skeið haft til skoðunar að koma á fót eftirlitsstofnun til að annast eftirlit með velferðarþjónustu. Skrefin sem nú hafa verið stigin í átt að sameiningu ráðuneyta renna styrkari stöðum undir slíka stofnun þar sem unnt væri að sameina á einum

stað öflugt eftirlit með þjónustu á sviði félags- og heilbrigðismála.

Réttindagæsla er mikilvægur þáttur í starfsemi svæðisráða og trúnaðarmanna fatlaðra en hlutverk svæðisráðanna er að hafa faglegt og fjárhagslegt eftirlit með starfsemi og rekstri þeirra sem þjónusta fólk með fötlun. Eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar hefur þetta skipulag varðandi réttindagæslu fatlaðra ekki verið virkt sem skyldi. Með þetta í huga fól ráðuneytið starfshópi að gera tillögur um úrbætur í þessum efnum og skilaði hann niðurstöðu í mars 2009, þar á meðal drögum að frumvarpi um réttindagæslu fólks með fötlun. Ráðuneytið mun taka afstöðu til þessara tillagna fljótlega og væntanlega munu næstu skref til úrbóta að einhverju leyti byggjast á þeim.

Í breytingum felast tækifæri

Sú stefna að flytja ábyrgð á þjónustu við fatlaða til sveitarfélaga hefur legið fyrir allt frá árinu 1992 þegar ákvæði um það var sett í lög um málefni fatlaðra og enn frekar var hert á því við endurskoðun laganna árið 1996. Aðdragandinn er orðinn býsna langur en auðvitað mun öll sú umræða og undirbúningsvinna sem fram hefur farið á þessum tíma nýtast við yfirfærsluna.

Íslenskt samfélag stendur á tímamótum. Framundan eru margvíslegar breytingar sem nauðsynlegt er að gera í ljósi reynslunnar er að bæta stjórnsýsluna og einn liður í því er að efla sveitarstjórnastigið. Á sviði heilbrigðis- og félagsmála er markmiðið að tryggja almennings skilvirkari, betri og aðgengilegri þjónustu og það er ég viss um að okkur muni takast með flutningi þjónustu við fatlaða til sveitarfélagna. Í breytingum felast margvísleg tækifæri sem við þurfum að vera vakandi fyrir og nýta til góðs.

skemmtilegri

Cheerios Heimlistækli

Jóni Gnarr er mál...gamanmál

HEFST Á MORGUN KL. 20:35

GAMAN & DRAMA Á SUNNUDÖGUM

Steven Spielberg og Tom Hanks kynna: THE PACIFIC

HEFST Á MORGUN KL. 22:35

Hvaða áhrif hefur dómur Hæstaréttar á bílalánið þitt?

■ Hvað verður um lánið þitt?

Nýtt lán verður stofnað um eftirstöðvar gengis-tryggða lánsins. Lánið verður endurreiknað, gengistrygging höfuðstóls fellur burt og miðað verður við óverðtryggða vexti Seðlabankans.

■ Hvenær get ég fengið útreikning á láninu mínu?

Útreikningar munu liggja fyrir 1. október nk. og vera aðgengilegir á heimasíðu Íslandsbanka Fjármögnunar.

■ Hvað ef ég hef ofgreitt?

Ef þú átt inneign hjá Íslandsbanka Fjármögnun getur þú lækkað nýja lánið þitt um þá fjárhæð með innborgun inn á höfuðstól nýja lánsins, eða kosið að fá inneign þína greidda inn á bankareikning. Hafir þú vangreitt þá verður þeirri upphæð bætt við nýja lánið.

■ Hvernig verður nýja lánið?

Það verður í óverðtryggðum íslenskum krónum og þú getur valið um að halda núverandi lánstíma, eða stytta tímunn ef það hentar þér betur.

Íslandsbanki gerir þann fyrirvara við ofangreint að verði boðað frumvarp viðskiptaráðherra að lögum getur það haft áhrif á útreikning og uppgjör viðkomandi lána Íslandsbanka Fjármögnunar.

Kynntu þér málið nánar á islandsbanki.is eða hafðu samband við ráðgjafa Íslandsbanka Fjármögnunar.

■ Hvað þarft þú að gera?


Þú munt fá lykilorð sent í netbankann þinn. Þann 1. október getur þú skráð þig inn á heimasíðu Íslandsbanka Fjármögnunar og skoðað endur-útreikninga á láninu þínu. Þar skráir þú inn netfang og við sendum þér ný lánaskjöl í tölvupósti. Þú prentar lánaskjölun út, undirritar og skilar til Íslandsbanka Fjármögnunar, eða í næsta útibú Íslandsbanka.

■ Hvenær gerist þetta?

Þegar undirrituðum lánaskjölum hefur verið skilað til Íslandsbanka verða endurútreikningar framkvæmdir og endanlegt uppgjör fer fram. Miðað er við að fyrsti gjalddagi á nýju láni verði í nóvember.

■ Hvað með yfirtekin lán?

Íslandsbanki mun tilkynna ákvörðun um það hvernig haga skuli uppgjöri slíkra lána um leið og hún liggur fyrir. Viðskiptavinir eru hvattir til að fylgjast með framvindu mála á heimasíðu Íslandsbanka.



Næstu skref

- 1 Útreikningar á láninu þínu aðgengilegir 1. október
- 2 Þú undirritar ný lánaskjöl og skilar til Íslandsbanka
- 3 Uppgjör fer fram

Íslandsbanki Fjármögnun
islandsbanki.is/fjarmognun
fjarmognun@islandsbanki.is
 Kirkjusandi – 155 Reykjavík
 Sími 440 4400


 Íslandsbanki



ÆTLAÐI ALLTAF AÐ VERÐA RITHÖFUNDUR „Ég sá alltaf fyrir mér að ég myndi skrifa samhliða öðru starfi og ég ímyndaði mér alltaf að það hlyti að vera óskaplega skemmtilegt að vera rithöfundur,” segir Gerður Kristný sem brátt sendir frá sér ljóðabálkin Blóðhófnir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gjöfult ár hjá Gerði

Skáldið og rithöfundurinn **Gerður Kristný** flakkar á milli smásagna og skáldsagna, barnabóka og ævisagna, ljóða og leikrita. Hún kann fjölbreytninni vel og lesendur auðsýnilega líka, en hún hefur sópað að sér verðlaunum og viðurkenningum í ár. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* heimsótti Gerði Kristnýju á heimili hennar og vinnustofu, þar sem hugmyndirnar kvikna.

Það hefur verið stutt stórra viðurkenninga á milli hjá Gerði Kristnýju þetta árið. Fyrr í þessum mánuði tók hún við vestnorrænu barna- og unglingabókaverðlaunum fyrir skáldsöguna *Garðinn*, auk þess að hljóta ljóðaverðlaun kennd við hjónin Guðmund Bóðvarsson og Ingibjörgu Sigurðardóttur. Í upphafi árs hlaut hún síðan Ljóðstaf Jóns úr Vör, ljóðaverðlaun lista- og menningarráðs Kópavogs.

„Þessi verðlaun sýna mér svart á hvítu að ég kemst upp með að flakka á milli bókategunda. Það finnst mér afskaplega notaleg tilfinning því þannig vil ég einmitt haga skrifum mínum,” segir

Gerður. Þegar litid er yfir afreka-skrá hennar sést líka að hún hefur snert á flestum sviðum frásagnarlistarinnar. Hún er nýorðin fertug en út hafa komið eftir hana átján verk á sextán árum – skáldsögur, barnabækur, ævisaga, ferðasaga, ljóðabækur og smásagnasafn.

Íslenskufasismi og unglingamál

Þegar gluggað er í *Garðinn*, síðustu skáldsögu Gerðar sem ætluð er unglingum, verður fullorðinn lesandi strax var við að bókin er ekki skrifuð á unglingamáli. Þetta er vísvitandi gert. „Ég er íslenskufasisti,” viðurkennir Gerður fúslega. „Og þar fyrir utan er unglingamál ekki klassískt. Mér er það heldur ekki eðlilegt og unglingarnir sæju það um leið. Það yrði bara asnalegt ef ég færi að skrifa að eitthvað væri geðveikt flott.“

Að auki séu lesendur unglingabóka oft ekki komnir á unglingsaldur sjálfir og því ekki tam að tala á einhyrn sérstakan unglingahátt. „Ég hélt sjálf að *Garðurinn* væri fyrst og fremst fyrir unglinga. Fyrsti hópurinn sem ég las fyrir úr bókinni voru hins vegar tíu ára *Garðbæingar* og þau voru mun áhugasamari en ég hafði búist við af svo ungum krökkum. Maður er kannski ekki með það endilega á hreinu hverjir lesendurnir eiga eftir að vera og hvaða tungumál sá hópur talar. Svo má ekki gleyma því að fullorðnir lesa með börnunum sínum og að bækurnar eru stundum gefnar út á hljóðbók líka, eins og *Bessastaðabækurnar* mínar. Þegar þær eru leiknar í bílnum sleppur enginn undan þeim! Það er því eins gott að það sé eitthvað fyrir alla í bókunum.“

Stefna hugans ljós

Gerður vissi strax í æsku hvert hugur hennar stefndi. Áður en hún varð tíu ára var hún farin að yrkja ljóð og skrifa sögur, harðákveðin í að verða rithöfundur þegar hún yrði fullorðin. Vísurnar og sögurnar las hún fyrir bekkjarfélaga sína og kennara í Álftramýrarskóla

og auðvitað mömmu sína. „Ég fór ekkert leynt með þetta áhugamál mitt. Kennarinn lét þá sem skrifuðu sögur lesa stundum upp fyrir bekkinn og ég var alls ekki sú eina. Mér fannst skriftirnar alveg jafn sjálfsagt áhugamál og að sumar stelpurnar væru í djassballett.“

Þótt stefna hugans væri skýr frá upphafi var Gerður lengur að átta sig á því að hún gæti haft það að fullu starfi að vera rithöfundur. „Ég sá alltaf fyrir mér að ég myndi skrifa samhliða öðru starfi og ég ímyndaði mér alltaf að það hlyti að vera óskaplega skemmtilegt að

dýpkað síðan Ísfrétt kom út. Nú er því á leiðinni heill bálkur þar sem sagt er frá samskiptum Gerðar við þá Skírni og Frey og lífi hennar eftir að Blóðhófnir hefur flutt hana til Goðheima. Í Skírnisálum vill nefnilega þannig til að ljóðið hættir þegar Skírni fer til Freys og segir að Gerður ætli að koma. Ég hef tekið mér það bessaleyfi að halda áfram með söguna í mínum stíl og með minni túlkun.“

Gerður heyrði söguna um Gerði Gymisdóttur fyrst í barnaskóla og vafalaust jók það áhuga hennar að þær eru nöfnur. „Freyr borg-

haldið af *Garðinum* í höfðinu, við hliðina á skáldsögu fyrir fullorðna sem er farin að knýja á og vill komast út.

„Ég verð aldrei hugmyndalaus og það eru einmitt hugmyndirnar sjálfar sem ráða því hvort þær lenda í ljóði eða skáldsögu,” segir Gerður, spurð þeirrar klassísku spurningar hvort hún verði aldrei fyrir því að setjast niður fyrir framan hvítt blað og vita ekkert hvað hún eigi að láta gerast næst í sögu. „Ef það vandamál kæmi upp léti ég Sigprúði Gunnarsdóttur, ritstjórnann minn hjá Forlaginu, lesa yfir og hún kæmi mér á rétt spor. Sigprúður er nefnilega svo gáfuð. Ég get líka treyst henni til að láta mig vita þegar ég reyni að vera fyndin í texta án þess að vera það. Góður og hvetjandi útgáfustjóri eins og hún Sigprúður er ómetanlegur.“

Hampiðja kvenna

Áður en Gerður fór að vinna fyrir sér sem rithöfundur í fullu starfi ritstýrði hún Mannlífi um nokkurra ára skeið. Hún lauk blaðamannsferlinum með því að taka á móti Blaðamannaverðlaunum Íslands fyrir Myndina af pabba – *Sögu Thelmu*. Hún hefur þó ekki allveg slitið sig frá fjölmiðlunum og skrifar pistla í Fréttablaðið þar sem hún á sér marga tryggja lesendur. Úr pistlunum má lesa að Gerður horfir gagnrýnum augum á þjóðfélagið og er mikill jafnréttissinni. Hvernig ætli henni lístist þá á fyrirætlanir um stofnun nýs Kvennalista? „Mér þætti mjög gaman að sjá nýjan Kvennalista,” segir Gerður með áherslu á mjög. „Ég náði að kjósa Kvennalistann einu sinni eða tvisvar og eftir að hann lagði upp laupana skilaði ég auðu í mörg ár.“

Henni finnst að konur eigi að styðja hver aðra í orði og á borði. „Við ættum að stofna Hampiðju kvenna og hampa, hampa og hampa hver annarri, enda ekki ástæða til annars. Íslenska þjóðin er svo lán-söm að eiga öflugan kvenauð en hann þarf að nýta mun betur en gert er.“

Gerðarlegur ferill

Ljóð:

Ísfrétt 1994
Launkofi 2000
Höggstaður 2007
Blóðhófnir 2010

Smásögur

Eitruð epli 1998

Skáldsögur

Regnbogi í póstinum 1996
Marta smarta 2002
Bátur með segli og allt 2004
Land hinna týndu sokka 2005
Ballíð á Bessastöðum 2007
Garðurinn 2008
Prinsessan á Bessastöðum 2009

Viðtalsbók

Myndin af pabba – Saga Thelmu 2005

Myndabók

Jóladýrin 2004

Ferðasaga

Ég veit þú kemur – Þjóðhátíð í Eyjum 2002

Léttlestrarbækur

Vinir Afríku 2007
Græni gaukurinn 2008
Drekadansinn 2009



Þessi verðlaun sýna mér svart á hvítu að ég kemst upp með að flakka á milli bókategunda. Það finnst mér afskaplega notaleg tilfinning því þannig vil ég einmitt haga skrifum mínum.

vera rithöfundur. Aldrei hvarflaði að mér að það gæti nokkurn tímann orðið erfitt. En jú, þetta er stundum erfitt líka! Skemmtilegast er að byrja á verki og ljúka því. Millikaflinn getur hins vegar tekið á – að halda sér að verki og muna hvað það var sem fleytti manni inn í verkið í upphafi.“

Sprett af Blóðhófnir

Innan fárra vikna kemur fjórða ljóðabók Gerðar, Blóðhófnir, í bókaverslanir. Sú er ólík fyrri ljóðabókum Gerðar að því leyti að um er að ræða ljóðabálk. „Blóðhófnir er byggður á einu Eddukvæða, Skírnisálum. Mig hafði lengi langað að yrkja um hana Gerði Gymisdóttur. Í fyrstu ljóðabókinni minni, Ísfrétt, er ljóð sem heitir Til Skírnis, þar sem henni nöfnu minni er ljáð mál og fær að tala við Skírni, skósvain Freys, sem sækir hana til Jötunheima og fer með hana til Goðheima. Ég hef því gengið lengi með þessa hugmynd en mótað hana og

ar Skírni með hesti og sverði fyrir að sækja Gerði. Þess vegna deyr hann líka í ragnarökum. Það eru örlog manna sem kaupa sér konur,” segir Gerður með óræðum svip. „Já, þessi saga hefur líka nútímallega skírskotun.“

Hún er vitaskuld farin að hlakka til að heyra viðtökur fólks við bókinni. „Ég hef verið lengi með þessa bók í smíðum eins og þú heyrir. Í upphafi síðasta árs fékk ég þriggja ára listamannalaun og það var þeim að þakka að ég gat vaknað til þessa verks mánuð eftir mánuð. Það var tær hamingja að geta skundað til jötunheima á hverjum degi og ekki stimplað mig þaðan út fyrr en komið var að því að sækja börn á leikskóla hér í mannheimum.“

Leikhúsið og hugmyndirnar

Nú er Gerður á kafi í að skrifa söngleikinn Ballíð á Bessastöðum sem verður frumsýndur í Þjóðleikhúsinu í janúar í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Svo er hún með fram-

VERÐHRUN!

RÝMINGAR SALA

BÓKAÚTGEFENDA

BORGARTÚNI 29

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11-19

**VIÐ RÝMUM
TIL FYRIR NÝJU
JÓLABÓKUNUM!**

**BÓK AÐ GJÖF
EF ÞÚ VERSLAR FYRIR
5.000 KR.
EÐA MEIRA!**

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




~~9.980,-~~
4.990,-

**STÓRVIRKI
Á HÁLFVIRÐI!**



~~18.800,-~~
9.900,-




~~3.990,-~~
990,-



~~7.990,-~~
3.990,-

**GLÆSILEGAR
HANDBÆKUR**



~~5.490,-~~
990,-



~~2.390,-~~
1.890,-

MIKIÐ ÚRVAL BARNABÓKA



~~1.990,-~~
590,-



~~2.690,-~~
1.690,-



~~3.990,-~~
990,-



~~3.980,-~~
1.990,-

**BÚÐU ÞIG
UNDIR BÍO-
MYNDINA!**



~~6.990,-~~
3.990,-



KRÓNAN



fyrir þig og þína



50% afsláttur



1749 kr. kg

Verð áður 3498 kr.
Ungnauta piparsteik

50% afsláttur



1749 kr. kg

Verð áður 3498 kr.
Ungnauta mínútusteik

ÓDÝRT ALLA DAGA Í KRÓNUNNI

898 kr. kg

Heill, ófrosinn lambaskrokkur af nýslátruðu, sagaður í kassa.

Haustslátrun 2010



Ódýrt

1398 kr. kg
Lambalæri af nýslátruðu

1498 kr. kg
Lambhryggur af nýslátruðu

798 kr. kg
Heill lambaframpartur af nýslátruðu, sagaður í súpukjöt

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Opnunartímar í Krónunni:

Krónan Akranesi
alla daga 10-19

Krónan Árbæ
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Breiðholti
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun.12-21

Krónan Granda
alla daga 10-19

Krónan Hvaleyrarbraut
alla daga 11-21



479 kr. pk.

Honey Nut Cheerios, 482 g



69 kr. stk.

Egils appelsín, Pepsi, Pepsi Max og Mountain Dew, 0,33 cl dósir



1598 kr. pk.

Hakle salernispappír, 24 rúllur í pk.

50% afsláttur
af nammibarnum á laugardögum



129 kr. pk.

Allra samlokubrauð, 500 g



349 kr. pk.

Allra sœlgæti



289 kr. pk.

Stjörnu Partýmíx, 2 teg., 170 g



127 kr. kg

Kartöflur í lausu



268 kr. pk.

Nesbú egg, meðalstór, 10 stk. í pk.



31 kr./stk.

30 kr./stk.

2598 kr. pk.

Libero bleiur, 4 stærðir



32 kr./stk.

36 kr./stk.

Krónan Höfða virka daga 11-19 lau. 10-19 sun. 11-19

Krónan Lindum alla daga 10-20

Krónan Mosfellsbæ alla daga 10-20

Krónan Reyðarfirði mán.-fim. 11-18 fös. 11-19 lau. 11-17 sun.12-16

Krónan Reykjavíkurvegi virka daga 11-21 helgar 10-21

Krónan Selfossi virka daga 10-20 helgar 10-19

Krónan Vestmannaeyjum virka daga 11-19 lau. 11-18 sun. 11-16

Ráðamenn dregnir fyrir dóm

Sjaldgæft er að æðstu ráðamenn þjóða séu dregnir fyrir dómstóla fyrir embættisbrot eða alvarlega glæpi. Víða eru sérstakir dómstólar ætlaðir til slíkra málaferla, en fyrirkomulag þeirra er misjafnt. *Guðsteinn Bjarnason* rekur nokkur dæmi.

Fyrrir sex árum gerðist það í Litháen að Rolandas Paksas forseti var dæmdur til embættismissis, fyrstur evrópskra þjóðhöfðingja. Paksas vann sér það til sakar að hafa veitt rússneskum auðkýfingi ríkisborgararétt í Litháen, en sá hafði áður gefið stórfé í kosningasjóð Paksas.

Rannsókn lögreglunnar í Litháen leiddi í ljós að Rússinn, sem heitir Júrí Borisov, hafði vafasöm tengsl við rússnesku mafíuna og var hann síðar sviptur ríkisborgararéttinum.

Misjafnt fyrirkomulag

Sjaldgæft er að æðstu embættismenn þjóða séu dregnir fyrir dómstóla fyrir brot í embætti eða önnur alvarleg afbrot. Í stjórnskipan flestra landa er þó gert ráð fyrir slíkum málaferlum, og þá eru oft sérstakir dómstólar til reiðu þegar slík mál koma upp.

Á Norðurlöndunum er fyrirkomulagið víðast hvar svipað landsdómi hér á landi. Í Svíþjóð var landsdómur reyndar lagður niður með stjórnskrárbreytingu árið 1975, en hin Norðurlöndin eru öll ennþá með landsdóm.

Svíar urðu reyndar fyrstir til þess að setja lög um landsdóm, eða strax árið 1772, stuttu eftir að Gústav III. náði völdum. Sænski landsdómurinn varð síðan fyrirmynd slíkra dómstóla á hinum Norðurlöndunum.

Fyrirkomulag málaferla gegn æðstu embættismönnum er misjafnt eftir löndum. Í Svíþjóð var það hæstiréttur sem tók við hlutverki landsdóms þegar hann var lagður niður. Í Þýskalandi er sérstakur stjórnlagadómstóll, sem einnig fjallar um mál sem höfðu eru gegn forseta landsins. Í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar er það hins vegar efri deild þjóðþingsins sem dæmir í málum af þessu tagi, en neðri deildin fer með ákærvaldið. Víðast hvar er ekki hægt að áfrýja úrskurði í slíkum málum til annarra dómstóla, og sums staðar er sérstaklega tekið fram í lögum að náðun sé ekki möguleg.

Sigur lýðræðis

Í Lettlandi var máli Paksas vísað til stjórnlagadómstóls, sem komst að þeirri niðurstöðu að forsetinn hefði gerst sekur um þrenns konar brot gegn stjórnarskránni, sem hann hafði svarið embættiseið að. Í beinu framhaldi af þessum úrskurði samþykkti þjóðþingið að víkja honum úr embætti.

Stjórnmalámennt í Lettlandi fögnuðu margir hverjir þessari niðurstöðu, sögðu hana sigur fyrir hið unga lýðræði landsins eftir að það braust undan oki Sovétríkjanna og sönnun þess að lýðræðið stæði ekki á brauðfótum.

Paksas var reyndar ekki af baki dottinn og hugðist bjóða sig fram til forseta strax í næstu kosningum, en þjóðþingið tók þá til bragðs að breyta kosningalögum þannig að forseti, sem dæmdur hefur verið til embættismissis, má ekki bjóða sig fram næstu fimm árin á eftir.

Paksas er enn leiðtogi stjórnmalaflokksins Regla og réttlæti, flokks frjálslyndra hægrimanna sem hann stofnaði sjálfur árið 2002, en sá



GYÐJA RÉTTLÆTISINS Réttarhöld yfir æðstu embættismönnum víða um lönd hafa jafnan verið umdeild, ekki síður en valdhafarnir sjálfir.

NORDICPHOTOS/AFP

flokkur byggir tilveru sína reyndar að verulegum leyti á vinsældum Paksas, sem enn á töluvert persónufylgi í landinu.

Tamilamálið

Eitt þekktasta dæmið um beitingu landsdóms á Norðurlöndunum á seinni árum tengist tamilamálinu svonefnda í Danmörku. Árið 1995 var Erik Ninn-Hansen, dómsmálaráðherra í hægristjórn Pouls Schlüter, dæmdur af landsdómi í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn lögum um ráðherraábyrgð.

Hann hafði sagt af sér embætti strax árið 1989 þegar málið komst í hámmáli í fjölmiðlum og ríkisstjórn Schlüters sagði af sér árið 1993 þegar þingið samþykkti að kalla saman landsdóm vegna þessa máls.

Sök Ninn-Hansens var sú að hafa komið í veg fyrir að fjölskyldur tamíla í Danmörku fengju nána ættingja sína frá Srí Lanka, þar sem harðvítug borgarstyrjöld stóð yfir. Ninn-Hansen leit svo á að ástandið á Srí Lanka hefði skánað, og því væri réttlætlanlegt að meina ættingjunum að flytjast til Danmerkur. Hins vegar átti þessi ákvörðun hans sér enga stöð í dönskum lögum, og taldist því vera ótvírætt lögbrot þegar málið komst til kasta landsdóms.

Úrskurður danska landsdómsins var kærður til mannréttindadómstóls Evrópu, sem vísaði málinu

frá á þeirri forsendu að dómstóllinn stæðist alþjóðleg mannréttindaákvæði.

Sjaldgæf mál

Áður en tamilamálið kom upp í Danmörku höfðu aðeins fjögur mál komið til kasta landsdóms síðan hann var stofnaður með stjórnarskrá árið 1849. Í þrjú fyrstu skiptin voru hinir ákærðu sýknaðir af ákærum en í fjórða skiptið, árið 1910, var Sigurd Berg, fyrrverandi innanríkisráðherra Danmerkur, dæmdur til að greiða þúsund dansk-krónur í sekt eða sitja tvo mánuði í fangelsi ella fyrir vanrækslu í starfi. Vanrækslan tengdist fjárvikamáli sem dómsmálaráðherra sömu stjórnar átti reyndar stærri hlut í. Dómsmálaráðherrann hlaut hins vegar sinn dóm hjá öðrum dómstólum landsins.

Átta mál hafa komist til kasta norska landsdómsins síðan hann var stofnaður árið 1814. Harla langt er þó síðan hann vaknaði til lífsins síðast, en það var árið 1927 þegar Abraham Berge forsætisráðherra og sex aðrir ráðherrar voru ákærðir fyrir að hafa greitt sænskum banka fé úr ríkissjóði án þess að upplýsa norska þjóðþingið. Þeir voru þó sýknaðir af öllum ákæratriðum.

Í Svíþjóð var landsdómur kallaður saman aðeins fimm sinnum þessarar tvær aldir sem hann var við lýði. Síðast gerðist það árið 1854. Gunn-

ar Hedlund innanríkisráðherra var reyndar ákærður til dómstólsins árið 1952 fyrir skattalagabrot, en málið þótti ekki eiga heima þar og fór til hæstaréttar.

Nýtt mál í Finnlandi

Í Finnlandi var landsdómur stofnaður árið 1922 og hafa fjögur mál komið til kasta hans. Á síðustu vikum hafa komið fram ásakanir á hendur Matti Vanhanen, fyrrverandi forsætisráðherra, og kröfur um að hann verði dreginn fyrir landsdóm vegna hagsmunaárekstra í tengslum við fjármögnun kosningabaráttu hans árið 2006.

Málið snýst um styrki í kosningasjóð Vanhanens upp á samtals nokkrar milljónir króna frá finnskum æskulýðssamtökum, en Vanhanen bar sem forsætisráðherra árin 2006-2009, eftir að hafa náð kjöri með stuðningi samtakanna, ábyrgð á úthlutun fjár úr ríkissjóði til þessara samtaka.

Vanhanen lætur formlega af þingmennsku í Finnlandi nú eftir helgina þegar þing kemur saman. Hann tekur innan tíðar við nýju starfi sem framkvæmdastjóri Bandalags finnskra fjölskyldufyrirtækja.

Bretar og Frakkar

Bretar eiga sér langa sögu embættisviptingarmála gegn ráðamönnum, þó fátt hafi gerst í þeirri sögu síðustu tvær aldirnar. Fyrsta

þekkt dæmið er frá árinu 1376, en það síðasta er frá árinu 1806. Stöku sinnum hefur þó komið til tals á seinni árum að ákæra ráðamenn til embættismissis, síðast árið 2006 þegar breski herforinginn Michael Rose krafðist þess að Tony Blair forsætisráðherra yrði ákærður fyrir að draga breska hermenn á fólkskum forsendum út í stríð í Írak árið 2003.

Í Frakklandi eru hins vegar tiltölulega nýtilkomnir möguleikar á því að ákæra forseta landsins til embættismissis. Árið 2007 var stjórnarskrá Frakklands breytt svo hægt yrði að ákæra forseta landsins fyrir landráð til sérdómstóls, en annar dómstóll, sem stofnaður var árið 1993, dæmir ef forseti er kærður fyrir embættisbrot eða aðra alvarlega glæpi.

Ríkisstjórnin í Illinoís

Í Bandaríkjunum var Rod Blagojevic, ríkisstjóri í Illinoís, handtekinn í desember árið 2008, stuttu eftir að Barack Obama var kosinn forseti. Hann var sakaður um margvíslega spillingu, meðal annars tilraun til þess að „selja“ hæstþjóðanda sæti Baracks Obama í öldungadeild Bandaríkja. 8. janúar árið 2009 samþykkti fulltrúadeild ríkisþingsins með einu mótatkvæði að ákæra Blagojevic fyrir embættisbrot. Hann var síðan einróma sakfelldur þremur vikum síðar í öldungadeild ríkisins og þar með sviptur embætti. Mál hans hélt engu að síður áfram fyrir dómstólum. Nú í sumar lauk þeim réttarhöldum með sakfellingu í einu ákæratriði en sýknum af öllum alvarlegustu ákærunum. Saksóknari fór síðan strax fram á ný réttarhöld.

Clinton og Nixon

Bandaríkin eiga sér annars langa hefð dómsmála gegn ráðamönnum, einkum dómurum og ríkisstjórum en stöku sinnum forsetum og ráðherrum. Þekktasta málið á seinni tímum er ur málaferlinn 1998-99 gegn Bill Clinton forseta vegna sambands hans við Monicu Lewinsky, lærling í Hvíta húsinu. Clinton var ákærður bæði fyrir að hafa satt ósatt við yfirheyrslur þar sem hann hafði svarið þess eio að segja sannleikann og fyrir að hafa hindrað framgang réttvísinnar.

Fulltrúadeild Bandaríkjaþings samþykkti ákæru á hendur honum og í framhaldi hófust réttarhöld í öldungadeildinni sem stóðu í samtals 21 dag. Clinton var sýknaður af báðum ákæratriðum.

Richard Nixon Bandaríkjaforseti átti yfir höfði sér málaferli í þinginu þegar hann sagði af sér í ágúst árið 1974. Ljóst þótti að hann hefði reynt að koma í veg fyrir rannsókn á innbroti í skrifstofur Demókrataflokksins, andstæðinga sinna, sem stuðningsmenn hans höfðu gerst sekir um. Fáeinum mánuðum eftir afsögnina greip Gerald Ford, varaforseti Nixons og arftaki hans, til þess ráðs að náða forvera sinn af öllum afbrotum sem hann kynni hugganlega að hafa framið meðan hann gegndi embættinu. Þetta kom í veg fyrir að hægt yrði að höfða mál gegn honum.

1974 RICHARD NIXON

1999 BILL CLINTON

2004 ROLAND PAKSAS

2006 TONY BLAIR

2009 ROD BLAGOJEVIC

2010 MATTI VANHANEN



UMDEILDIR LEIÐTOGAR Kröfur um ákæru vegna embættisbrota skjóta reglulega upp kollinum víða um heim, en leiða þó alls ekki alltaf til ákæru, hvað þá dóms. Richard Nixon sagði til að mynda af sér áður en af ákæru varð, en Bill Clinton var sýknaður eftir að hafa gengið í gegnum ströng málaferli.

netto

Ódýrt fyrir heimilið!



HELEN HARPER BLEYJUR
MIDI, MAXI EÐA JUNIOR

698

KR/PK. - ÁÐUR 898



NÁTTÚRA
VÖFLUMIX
450 G

50%
afsláttur

199 KR/PK
VERÐ ÁÐUR 399



PERUR

50%
afsláttur

149 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 298



FANTA FRUIT TWIST
6PK - 33CL

598 KR/PK



FERSKT
NAUTAHAKK

899 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1.498

40%
afsláttur



FERSKT
GRÍASNITSEL

1.229 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2.049

40%
afsláttur



CO-OPERATIVE
KORNFLEX
500 G

199 KR/PK
VERÐ ÁÐUR 289



CO-OPERATIVE
SÜKKULAÐIKEX
200 G

109 KR/PK
VERÐ ÁÐUR 129



CO-OPERATIVE
SÜKKULAÐIKEX
DOUBLE
200 G

109 KR/PK
VERÐ ÁÐUR 129



EASY ÞVOTTADUFT
780 GR

279 KR/PK.
VERÐ ÁÐUR 329



CO-OPERATIVE
MORGUNVERÐAR-
KÖKUR

199 KR/PK.
VERÐ ÁÐUR 289



EASY
UPPÞVOTTALÖGUR
500 ML +25 %

139 KR/PK.
VERÐ ÁÐUR 179

BAUTABÚRIÐ
HAMBORGARHRYGGUR

989 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1.798

45%
afsláttur



ASTONISH
ÁKLÆÐAHREINSIR
750ML.

319 KR/STK.
VERÐ ÁÐUR 398



ASTONISH
ANTI FOG
RÚÐUHREINSIR
750ML.

319 KR/STK.
VERÐ ÁÐUR 398



ASTONISH
BACK TO BLACK
750ML.

319 KR/STK.
VERÐ ÁÐUR 398



ASTONISH
FELGUHREINSIR
750ML.

319 KR/STK.
VERÐ ÁÐUR 398



ASTONISH
FELGUHREINSIR
750ML.

319 KR/STK.
VERÐ ÁÐUR 398

GILDIR 16. - 19. SEPTEMBER

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



FROSIN HINDBÆR 250g



FROSIN BLÁBÆR 250g



FROSIN BÆRBLANDIÐ 350g



FROSIN JARÐARBER 1200g



EUROSHOPPER FROSIÐ BROKKOLÍ OG GRÆNMETIS BROKKOLÍBLANDA 1 KG



BÓNUS NÝBAKAÐ BAGUETTE



MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385G



MYLLU SKÚFFUKAKA MEÐ SÚKKULAÐIKREMI 380G



BÓNUS KORNBRAUÐ HEILT KÍLÓ 26 SNEIDAR

SS FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR



LIFRARPYLSA 461 KR.KG. MERKT VERÐ 768 KR.KG.
BLÓÐMÖR 419 KR.KG. MERKT VERÐ 698 KR.KG.



NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU GULLAUGA OG RAUÐAR



SS GRÍSALUNDIR KONÍAKSLEGNAR 20% AFSLÁTTUR 1998 KR.KG.



79 KR. 1/2 ltr.

98 KR. 2 ltr.

98 KR. 1 ltr.

98 KR. 1 ltr.

98 KR. 1 ltr.

698 KR. 4 x 1.5 ltr.



TRÓPI SAFI - EPLA & APPELSÍNU 3 x 250ml



ANDREX WC PAPPÍR 12 RÚLLUR

AFGREIÐSLUTÍMI

LAUGARÐ: 10-18
SUNNUÐ: 12-18

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veittutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarköubur

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



KJARNAFÆÐI
1598
KR.KG

KF FRYSTAR LAMBALÆRISSNEIÐAR Í RASPI - TILBÚÐ TIL STEIKINGAR



ÍSLANDSLAMB FROSINN HÁLFUR LAMBASKROKKUR SLÁTRUN 2010

798 KR./KG.



67
KR.500g

EUROSHOPPER HAFFRAMJÖL 500G



TILBOÐ
FERSKT GRÍSAGÚLLAS

898
KR.KG

TILBOÐS FERSKT GRÍSAGÚLLAS



798
KR.kg

KS FROSINN LAMBABÓGUR NÝSLÁTRUN 2010



TILBOÐ
FERSKT GRÍSASNITSEL

898
KR.KG

TILBOÐS FERSKT GRÍSASNITSEL



1298
KR.kg

KS FERSKT LAMBALÆRI NÝSLÁTRUN 2010



Ali
Grísakjöt
GRÍSAKÓTILETTUR

898
KR.kg

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR 898 KR PR KG.



398
KR.KG

BÚRFELLS FROSIÐ BLANDAÐ HAKK



30%
AFSLÁTTUR

ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAPIPARSTEIK 2098 KR.KG. MERKT VERÐ 2998 KR.KG.



178
KR.250g

BKI KAFFI 250G



698
KR.800g

BÓNUS FROSNIR ÝSUBITAR Í RASPI 800g



698
KR.kg

KS. FROSNIR SALTFIŠKBITAR /STYRTLUSTYKKI



998
KR.1 kg

NF FROSIN GRÆNMETISBUFF 1 KG.

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veititungda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

LESUM SAMAN



Bráðskemmtilegar barnabækur á tilboði 9. - 21. september.

Disney-bækurnar fást í Eymundsson




Froskur úti í mýri
Verð áður 1.590.-
Tilboðsverð 1.110.-




Guffi ferðast
Verð áður 1.690.-
Tilboðsverð 1.180.-




Fjár sjóður Mikka
Verð áður 1.690.-
Tilboðsverð 1.180.-



Prinsinn af Persíu
Verð áður 3.990.-
Tilboðsverð 2.790.-



Konungur ljónanna
Verð áður 1.490.-
Tilboðsverð 1.040.-



Hundalíf
Verð áður 1.490.-
Tilboðsverð 1.040.-

Þegar hausta tekur er tilvalið að eiga notalegar samverustundir heima með fjölskyldunni. Það er gaman að lesa og leika saman.

FRAMHALD AF SÍÐU 26

og útflutningi áls er þá afrakstur þessarar iðju sem notaður er til að borga laun og fjármagnskostnað, til að borga orkufyrirtækjunum fyrir rafmagn og til að greiða álfyrirtækinu hagnað. Vandfundinn er orkufrekur iðnaður sem skapar fleiri störf, þar með talið störf sem krefjast menntunar og eru vel borguð. Auk þess styrkjast stöðir atvinnulífsins í kringum álverin og þar spretta upp ný fyrirtæki. Þetta sjáum við glögg í Fjarðabyggð. Þetta er ástæða þess að það er eftirsóknarverðara að framleiða ál og flytja út en nýta raforkuna í eitthvað annað. Það gefur mesta afraksturinn!

En er þetta samt ekki klikkun?

Þá er ef til vill ekki úr vegi að spyrja hvort það sé ekki óskynsamlegt að setja mörg egg í sömu körfuna. Hvort verðsveiflur á áli geti ekki verið varasamar og hvort ekki sé viturlægra að dreifa áhættunni betur. Við því er það svar að heimsmarkaðsverð á hrávörum sveiflast mjög í takti. Þegar bjart-sýni ríkir í heiminum og hagvöxtur er mikill þá er eftirspurn eftir öllum hrávörum mikil og verð hátt. Ekki skiptir máli hvort um er að

ræða ál, kísilmálm, gagnageymslur, olíu eða grænmeti – uppsveiflan gefur gott verð. Því er best að láta hagkvæmni ráða för þegar framleiðslukostirnir eru metnir. Þess vegna framleiðum við ál. En auðvitað er æskilegt að setja fleiri stöðir undir íslenskt efnahagslíf. En þær stöðir verða að byggja á hlutfallslegum yfirburðum okkar og hagkvæmni. Þannig aukum við efnahagslega velferð á Íslandi.

Einn af fylgifyskum framleiðslu er mengun. Þannig losar 350 þúsund tonna álver um 500 þúsund tonn af koltvísýringi (CO₂) á ári. Félagi minn Sigmundur Ernir Rúnarsson benti mér nýlega á merkilega tölfræði. Af þremur stærstu útflutningsgreinum okkar: ferðamennsku, fiskveiðum og stóriðju, þá mengar ferðamennskan mest, þar á eftir fiskveiðar og að síðustu álframleiðslan miðað við þann gjalddeyri sem greinarnar skapa. Merkilegt ekki satt?

Eða er Simmi kannski bara miðaldra karl sem hatar konur?

Samhengi hlutanna getur oft tekið á sig undarlega mynd. Árið 2008 var Alcoa búð að setja mikla peninga í rannsóknarboranir til að undirbúa það að reisa álver að Bakka við Húsvík. Seint sumar-íð 2008 tók umhverfisráðherra ákvörðun upp á sitt einsdæmi, að

því er virðist, að setja orkuframkvæmdir og álver í sameiginlegt umhverfismat sem hefði tafið framkvæmdina mikið. Skemmst er frá því að segja að Alcoa tók ákvörðun um slá Bakka af og reisa fremur álver í Sáði-Arabíu (og reyndar einnig í Kanada og í New York-fylki). Framleiðsla hefur nú hafist í þessu álveri í Arabíu. Það notar orku sem er framleidd með brennslu jarðgass. Heildarlosun koltvísýrings verkefnisins er um ein milljón tonna á ári. Um 500 þúsund vegna álvers og um 500 þúsund vegna orkuversins. Ákvörðun umhverfisráðherra, sem mig grunar að hafi verið tekin í þágu náttúruverndar, leiddi því til 500 þúsund tonna meiri losunar koltvísýrings en ef verkefnið að Bakka hefði fengið grænt ljós. Svona getur lífið nú oft verið snúið!

Þá eru einhverjir sem halda því fram að það sé enginn virðisauki af stóriðju og fara út í ótrúlegar reikningskúntir til að sýna fram á vitlæysuna. En er ekki langbest að nota Landsvirkjun sem mælikvarða á virðisaukum? Um 70 prósent af tekjum Landsvirkjunar hafa komið af sölu raforku til stóriðju. Eigið fé fyrirtækisins er um 200 milljarðar króna og virði þess gæti verið að minnsta kosti tvisvar sinnum það. Ekki dónaleg arðsemi það.

Skuldir orkufyrirtækjanna

Það er einnig rétt hjá Andra Snæ að skuldir orkufyrirtækjanna er miklar – en eignirnar eru enn meiri. Skuldirnar mældar í krónum hækkuðu gríðarlega við hrun krónunnar. Hins vegar hafa þær aðeins hækkað um það, sem nemur vöxtum í erlendum gjaldmiðlum. Megnið af tekjum Landsvirkjunar er í erlendum gjaldmiðlum, þannig að greiðslugetan hefur ekkert breyst – þrátt fyrir að skuldir hafi hækkað í krónum. Eiginfjárhluftall Landsvirkjunar í lok árs 2006



MICHAEL MOORE „Ný-iðnaðarmennirnir eru sannir alkemistar – ekki í þeim skilningi að þeir búi til gull úr skít heldur fá þeir greitt í gulli fyrir að kasta skít.“

var 26,7 prósent og hafði hækkað í 32,6 prósent við lok árs 2009. Skuldir voru 14,18 sinnum EBIDA (hagnaður fyrir fjármagnsliði) árið 2006 og höfðu lækkað í 10,39 sinnum EBIDA árið 2009. Það eru ekki mörg fyrirtæki sem geta státað af slíkum árangri á þessum erfiðu tímum.

Öðru máli gegnir um OR og HS-orku, þar sem tekjur þeirra fyrirtækja eru að mestu í íslenskum krónum. HS-orka er einkafyrirtæki og það mun án vafa spjara sig. Fréttir herma að eigendurnir ætli að leggja meira hlutafé til fyrirtækisins. OR er hinsvegar vandamál útsvarsgreiðenda í Reykjavík. Greinilegt er að áhættustjórn hefur ekki verið í hávegum höfð hjá fyrirtækinu því af mikil áhætta var tekin með því að hafa lánin í svo miklum mæli í erlendri mynt en tekjurnar í krónum. Þetta er nauðsynlegt að leiðrétta um leið og auka verður tekjur í erlendum gjaldmiðlum – selja meiri orku til útflutningsfyrirtækja sem greiða í gjaldreyri. Þess ber reyndar að geta að Landsvirkjun selur nærri 4/5 allrar raforku í landinu (rúmar 12.500 gígavattstundir árið 2009) og því óhætt að segja að fyrirtækið sitji nær eitt að borðinu hvað varðar raforkuframlæðslu.

En það er nauðsynlegt að leita nýrra leiða til fjármögnunar þegar ráðist verður á ný í virkjanir og hefur verkefnafjármögnun verið nefnd í því skyni. Þá er áhættan einangruð við afmörkuð verkefni og ekki kemur til að orkufyrirtækjunum sé stefnt í voða ef eitthvað bregður út af.

Það er góð áhættustýring. Það er því ekki rétt að það sé nauðsynlegt að auka skuldir orkufyrirtækjanna beint með tilheyrandi áhættu ef ráðist er í nýjar virkjanir. Jafnframt er það góð latína að laða fremur til Íslands fjárfesta og hætta að einblína á að lokka hingad lánardrottna. Þá er ekki úr vegi að nefna að ég er þeirrar skoðunar að við virkjun jarðhita og fallvatna verði að fara að náttúruverndar-sjónarmiðum eins og þeim sem koma fram í Rammaáætlun.

Alkemistar

Á undanförunum árum hefur blómstrað nýr iðnaður í heiminum. Þessi iðnaður gengur út á að vera á móti flestu sem elítan í business og stjórnárum – borgarastéttin – tekur sér fyrir hendur. Þar ægir saman alls konar hugmyndum sem flestar standa þó á grunni and-kapitalisma og and-álþjóðavæðingar. Sennilega er frægastur þessara ný-iðnaðarmanna á alþjóðavísu Michael Moore og innanlands títtnefndur Andri Snær Magnason. Andri Snær bætir reyndar um betur og hellir einhverskonar vif-femínisma í súpuna. Málflutningurinn er póstmóðernískur – allt gengur ef góð saga er sögd. Drengirnir sem áður voru hetjur

fram tíðarinnar í óklipptu draumalandinu eru nú andhetjur og klikkhausar með fósturfitu í hárinu. Ný-iðnaðarmennirnir eru sannir alkemistar – ekki að þeir búi til gull úr skít heldur fá þeir greitt í gulli fyrir að kasta skít.

Gallinn við þennan nýja iðnað er að þar er ekki um neina framleiðslu að ræða – hann þrífst á öryggisleysi fólks, óánægju með eigið hlutskipti, hræðslu við framfarir og því að flestir geta eytt þúsundkalli í vitlæysuna. En það er ekki hægt að bæta kjör öryrkjans með því að segja skemtilegar sögur!

Aróður alkemistanna hér á Íslandi hefur leitt til þess að kominn er til sögunnar hávær hópur fólks sem trúir því að hér á landi sé stunduð náttúruvárnarkjör á Avatar-skala. Þeir sem stjórna eru miðaldra málaliðar sem samsama sig svo feðraveldinu að þeir eru hættulegir – klikkaðir. Þeir vilja kúga náttúruna líkt og þeir kúga konur. Oflætið er slíkt að þeir vilja tvöfalda allt! Svona til að gera sögunnar enn meira krassandi er græðgi, mútum og spillingu (og nú síðast geðveiki) bætt inn. Veikgeða ráðamenn verða ráðalausir af málflutningnum. Árangur málflutningsins endurspeglast í kyrrstöðunni sem nú kæfir allt á Íslandi vegna hræðslu stjórnmálamanna sem stjórnast af skoðanakönnunum. Ergó, alkemistarnir með málflutningi sínum verða því til þess að ekki er hægt að bæta kjör öryrkjans. Álhausar eins og ég skilja ekki svona kálhousa!

Og hvers eigum ég og Jón vinur minn að gjalda?

Jóni [Gunnarssyni þingmanni Sjálfstæðisflokks] vini mínum þykir gott að fá sér í nefið en stöfði er keypt í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins – það er ekki borað eftir því. Og víst er Katrín Fjeldsted mæt og vel menntuð kona en það er ekki vegna þess að hún er sammála Andra Snæ (að hans sögn). Við Jón erum hins vegar ekki sammála Andra Snæ. Vegna þessa skoðanaágreinings okkar er ekki hægt að draga þá ályktun að við séum óðir og að Sjálfstæðisflokknum sé að hnigna. Það er að hominem rökfræði – frekar plebbalegt!

En eins og áður segir er það rétt hjá Andra Snæ að til eru mælikvarðar á alla hluti. Að vika nægjanlega langt frá því sem getur talist eðlileg hegðun í einhverjum skilningi er í daglegu tali oft kallað geðveiki, brjálæði eða klikkun. Að vilja nýta orkulindir Íslandinga til framfara, eins og ég og Jón vinur minn viljum gera, getur á engan mælikvarða talist geðveiki, brjálæði eða klikkun. Því hlýtur sú spurning að hanga í loftinu hvort góðviljaður rithöfundur sem mælir miðaldra karlpening heillar þjóðar með slíkum mælikvarða hafi þar ef til vill óafvitandi verið að mæla sjálfan sig!

■ ÁHRIF ÁLFAMLEIÐSLU Á ÍSLENSKT ÞJÓÐARÞÚ

	2006	2007	2008
Fjöldi beinna starfa	940	1.1194	1.458
Fjöldi afleiddra starfa (2,5xbeinstörf)	2.351	2.984	3.646
Laun og tengd gjöld	1.841	4.131	6.592
Launaskattar starfsfólks	854	1.903	3.062
Skattar fyrirtækjanna til ríkis og sveitarfélaga	970	1.581	2.176
Kaup raforku	9.801	13.459	29.566
Útflutningstekjur	53.084	67.822	162.672

* Fjárhæðir í milljónum króna

Heimild: Alcoa á Íslandi, Norðurál, Rio Tinto Alcan og útreikningar höfundar. Fjárhæð raforkukaup út frá upplýsingum álframleiðenda um magn þeirra annars vegar og upplýsingum Landsvirkjunar um meðalverð til stóriðju hins vegar.

SPORT 2

RAUÐUR RISASLAGUR

MAN. UTD. – LIVERPOOL

á morgun kl. 12:00

Það er alltaf barist til síðasta svitadropa þegar rauðu risarnir Manchester United og Liverpool mætast í ensku úrvalsdeildinni. Leikurinn á sunnudag verður þar engin undantekning enda má hvorugt lið við því að tapa fleiri stigum strax í upphafi móts. Missu ekki af þessum magnaða stórveldaslag á Old Trafford.

SPORT 2 HD

LEIKURINN ER EINNIG SÝNDUR Á STÖÐ 2 SPORT 2 HD

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT NÚNA!

Þú greiðir aðeins fyrir 1/2 september. Við opnum strax ef þú gengur í Stöð 2 Vild

Hringdu núna í síma 512 5100 eða farðu á stod2.is

TILBOÐIN
GILDA
AÐEINS
17.-20.
SEPTEMBER!

HELGAR SPRENGJA



NÚNA
35%
AFSLÁTTUR

DURANGO tungusófi
B:272 D:200/90 H:86 cm.
Rio grátt áklæði. Fæst með
hægri eða vinstri tungu.

149.990
FULLT VERÐ: 229.990



NÚNA
40%
AFSLÁTTUR

WAVE svefnsófi. B:196 D:130
H:42 cm. Fæst með Hawaii
orange og silfur áklæði.

53.990
FULLT VERÐ: 89.990



NÚNA
30%
AFSLÁTTUR

KIEL svefnsófi. B:198
D:90/122 H:83 cm.
Fæst með Gaia dökkgráu
og Hawaii svörtu áklæði.

69.980
FULLT VERÐ: 99.990



NÚNA
20%
AFSLÁTTUR

SPIZY kanna.
Margar gerðir.

390
FULLT VERÐ: 490



NÚNA
35%
AFSLÁTTUR

LAZBOY
MARTINI La-z-boy stóll.
B:84 D:80 H:101 cm.
Fæst með svörtu áklæði.

69.990
FULLT VERÐ: 109.980

Ætlar að vinna fyrir Ísland

Hinn tíu ára gamli **Kristófer Breki Berglindarson** flutti til Englands með ömmu sinni, **Hrefnu Halldórsdóttur**, fyrir fimm árum. Nú þykir Kristófer einn allra efnilegasti skíðamaður Bretlands og þó víðar væri leitað. **Kjartan Guðmundsson** hitti langmæðginin í Manchester og ræddi við þau um heimaslóðirnar, alvarlegt slys og hvernig er að ala upp ungan afreksmann.

Af hverju er McDonald's ekki lengur á Íslandi? er það fyrsta sem Kristófer Breki Berglindarson spyr um þegar blaðamaður hittir hann og ömmu hans, Hrefnu Halldórsdóttur, í Chill Factore-skíðahöllinni í Manchester í Englandi. Chill Factore, sem er um tvö hundruð metra löng og hundruð metra breið innanhúss skíða- og snjóþrettahöll í Trafford Park hverfi borgarinnar, er líkt og annað heimili hins tíu ára gamla Kristófers Breka, sem fær að æfa og nýta sér alla aðstöðu hallarinnar sér að kostnaðarlausu.

Stjórnendum Chill Factore þykir akkur í því að Kristófer sé eitt af andlitum hallarinnar út á við, því hann þykir einn allra efnilegasti skíðamaður Bretlands og þó víðar væri leitað. Meðal annars prýðir mynd af Kristófer fjölmargar auglýsingar fyrir starfseminu sem þar fer fram og margar greinar hafa verið skrifaðar um Íslendinginn unga í dagblöð í Manchester og nágrenni. „Þetta er allt ömmu að kenna,“ segir Kristófer og hlær. „Ef mér gengur vel þá er það henni að kenna og ef ég meiði mig þá er það líka henni að kenna. En það er af því að hún er alltaf að hjálpa mér. Ég elska ömmu út af lífinu,“ segir skíðamaðurinn knái.

Hafði aldrei skíðað á Íslandi

Þegar Kristófer Breki flutti með ömmu sinni til Manchester fyrir fimm árum hafði hann aldrei stigið á skíði, enda einungis fimm ára gamall. Nálægt heimili þeirra á Rossendale-svæðinu í útjaðri borgarinnar er svokölluð Dry Slope-brekka, gervibrekka án snjós sem svo er bleytt með vatni til að hægt sé að renna sér á skíðum, og strax í fyrstu heimsókn sinni í brekkuna sýndi Kristófer Breki fram á ótvíðræða hæfileika miðað við aldur. Nú nokkrum árum og fjöldamörgum æfingum og mótum síðar er Kristófer talinn yfirburðaskíðamaður í sínum aldursflokkum á Bretlandseyjum, en hann er jafnvígur á keppni innanhúss sem utan, í alvöru snjó, gervisnjó og Dry Slope, auk þess sem hann keppir einnig á Free Style-skíðamótum sem ganga meðal annars út á að taka heljarstökk í loftinu. Bara á þessu ári hefur Kristófer 35 sinnum komist á verðlaunapall móta í Englandi, Skotlandi, Frakklandi og Sviss og þar af 27 sinnum unnið til gullverðlauna.

Í raun hefur hann aðeins einu sinni tekið þátt í móti á þessu ári án þess að komast á verðlaunapall, en það helgaðist af því að annað skíðið losnaði af Kristófer efst í brekkunni og var hann því dæmdur úr keppni samkvæmt reglum. Það aftráði honum þó ekki frá því að skíða niður alla brekkuna á öðru skíðinu,



KEPPT Í FRAKKLANDI „Mér finnst langskemmtilegast að fara hratt niður brekkurnar og ég veit að ég þarf að æfa mig rosalega mikið til að verða bestur,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið.

og munu viðstaddir hafa haft á orði að öðrum eins tilþrífum hefðu þeir aldrei orðið vitni að hjá svona ungum manni.

Þá keppir hann einnig fyrir hönd barnalandsliðs Bretlands á skíðum.

Í gærkvöldi sóttu þau Kristófer og Hrefna svo athöfn þar sem íþróttamenn ársins í Rossendale og nágrenni, sem er um hundruð þúsund manna samfélag, voru verðlaun- og áttáttu ára gömlu barni. Því var mikil hætta á því að Kristófer gæti aldrei skíðað aftur.

Þegar þrjár mánuðir voru liðnir frá slysinu sáu lækarnir loksins fram á að beinin í handleggnum myndu vaxa rétt. Mánuði síðar fór European Indoors Ski Championship-keppnin fram í Chill Factore, en þar tók meðal annars þátt efnilegasta skíðafólk Íslands í aldursflokki Kristófers. Hrefna ákvað að leyfa Kristófer að taka þátt í mótinu, og þrátt fyrir að hafa ekki skíðað í langan tíma gerði hann sér lítið fyrir og sigraði.

Sigraði á Evrópumóti þremur mánuðum eftir handleggssbrót
Auk þess að stunda skíði af kappi æfir Kristófer Breki margar aðrar íþróttgreinar með vinum sínum í Bury Grammar-drengjaskólanum. Eðli málsins samkvæmt er hann afar orkumikill piltur og segir Hrefna, amma hans, að hræðsla sé tilfinning sem Kristófer sé alls ókunnug.

Dirfskan skilaði sér meðal annars í alvarlegu slysi sem hann varð fyrir á síðasta ári, en þá datt Kristófer illa eftir að hafa brunað á gríðarlegum hraða niður Dry Slope-brekkuna í Rossdale.

„Ég mátti ekkert hreyfa mig í heila viku og það var svolítið erf-

itt að bíða svona lengi, og eftir það mátti ég bara hreyfa puttana. En svo settu þeir pinna í handlegginn á mér og ég varð smám saman betri,“ segir Kristófer og bætir við að maturinn á spítalanum hafi ekki verið neitt sérstaklega góður, en á tímabili óttuðust lækarnir að vegna alvarleika brotsins myndi handleggur Kristófers aldrei vaxa í takt við aðra líkamshluta og yrði alltaf eins og á átta ára gömlu barni. Því var mikil hætta á því að Kristófer gæti aldrei skíðað aftur.

Þegar þrjár mánuðir voru liðnir frá slysinu sáu lækarnir loksins fram á að beinin í handleggnum myndu vaxa rétt. Mánuði síðar fór European Indoors Ski Championship-keppnin fram í Chill Factore, en þar tók meðal annars þátt efnilegasta skíðafólk Íslands í aldursflokki Kristófers. Hrefna ákvað að leyfa Kristófer að taka þátt í mótinu, og þrátt fyrir að hafa ekki skíðað í langan tíma gerði hann sér lítið fyrir og sigraði.

Fiskibollur í dós eru bestar

Kristófer Breki segist kunna vel við sig í Manchester, en enn þá skemmtilegra þykir honum þó að heimsækja Ísland með ömmu sinni. „Ísland er landið mitt því þar þykir mér gott að vera. Ég hef því miður aldrei farið á skíði á Íslandi en langar mikið til þess. Ég sakna mömmu



KRISTÓFER BREKI OG ALAIN BAXTER Skoski skíðamaðurinn, sem hlaut meðal annars bronsverðlaun í svigi á vetrarólympíuleikunum árið 2002, hefur fylgst með framgangi Kristófers Breka undanfarið og segir hann yfirburðamann í sínum aldursflokkum.

minnar og þabba og systkina minna og svo er íslenskur matur svo rosalega góður,“ segir hann. „Ég tek alltaf lýsi og borða skyr og ost frá Íslandi, og alltaf þegar einhverjir koma í heimsókn til okkar bið ég þá um að hafa með sér fiskibollur í dós. Það er það besta sem ég fæ. Svo fæ ég líka sent íslenskt vatn sem ég hef með mér hvert sem ég fer. Ég skíða nefnilega hraðar ef ég drekk íslenskt vatn,“ segir Kristófer, en hann er mjög meðvitaður um heilbrigðan lífsstíl og segist alltaf fara

snemma að sofa. Kristófer tekur þátt í æfingum og mótum víðsvegar um Evrópu en passar þó alltaf vel upp á að læra heima á hverjum degi, enda þykir honum gaman í skólanum.

„Ég ætla að verða lækni þegar ég verð orðinn stór, því ég vil geta hjálpað og bjargað fólki. En ég ætla líka að verða bestur á skíðum. Ég ætla á Ólympíuleikana og ætla að vinna þá fyrir Ísland, með íslenska fánann á hjálminum mínum,“ segir Kristófer Breki að lokum.

■ HREFNA HALLDÓRSDÓTTIR

Skylda mín að koma honum eins langt og hann kemst

Hrefna Halldórsdóttir fluttist til Manchester ásamt dóttursyninum Kristófer Breka fyrir fimm árum til að freista þess að gefa honum færi á að alast upp við meiri stöðugleika en rólaust umhverfi hans á Íslandi bauð upp á. „Auðvitað hefur þetta verið erfitt að mörgu leyti og ég heyri vel á Kristófer að hann langar mikið heim,“ segir Hrefna, „en maður gerir bara það besta í stöðunni hverju sinni. Hann saknar foreldra sinna á Íslandi, en þegar hann fór að sýna þessa hæfileika á skíðunum hugsaði ég með mér að þetta myndi hjálpa honum mikið. Það þurfa allir að taka ákvarðanir í lífinu og þetta var mín ákvörðun,“ segir Hrefna.

Hún segir Kristófer hafa verið orkumikinn nánast frá fæðingu. „Á Íslandi var fólk dálítið að velta fyrir sér hvort hann væri ofvirkur því hann var svo orkumikill. Fólk var jafnvel að tala um að það þyrfti að setja hann á ritalín, en við vildum alls ekki gera það. Kristófer hefur ekki verið greindur ofvirkur, en ég

á fimm börn og veit að hann er ekki eins og þau. Hann er alltaf á línunni með allt og á erfitt með að halda sig innan einhvers fyrirfram ákveðins ramma. Íþróttir geta hjálpað svona orkumiklum börnum mjög mikið og ég er viss um að það þarf að búa yfir svona eiginleikum til að ná langt í íþróttum.“

Vegna mikillar velgengni Kristófers í skíðabrekkunum má segja að Hrefna sé í fullu starfi við að sjá um barnabarnið og gæta þess að hann hljóti bestu þjálfun sem fánleg er. Það inniheldur að fylgja honum á allar æfingar og mót, sem jafnvel taka margar vikur í senn í mörgum löndum, og sjá til þess að Kristófer hafi yfir að ráða öllum þeim búnaði sem nauðsynlegur er til að ná árangri.

Hún telur það einfaldlega vera skyldu sína sem uppalandi að sinna þessu starfi af kostgæfni. „Auðvitað er þetta erfitt, en annaðhvort er maður í þessu eða ekki, og ég er í þessu frá á til ö. Kristófer getur orðið besti skíðamaður heims, það segja allir, og ef hann væri ekki svona rosalega góður þá væri ég

ekki að þessu. Mitt markmið er að koma honum eins langt og hann kemst, og ég mun gera allt sem ég get til að það verði að veruleika.“

Hún viðurkennir að það sé hörkuvinna og kosti heilmikla peninga að sjá Kristófer fyrir þjálfuninni, ferðast til fjallanna í Evrópu og þar fram eftir götunum. „Ég fer með hann út um allt til að sýna fram á að hann sé svona góður og auðvitað erum við alltaf að vonast til að styrktaraðilar skjóti upp kollinum í jöfnu hlutfalli við árangurinn. Kristófer er styrktur af Chill Factore-höllinni og Icelandic Glacialvatni, en það væri gott ef fleiri sæju sér fært að styrkja okkur enda ekki vanþörf á.“

Hrefna segir æfingaaðstöðuna í Manchester mjög góða, en ef Kristófer ætli sér að ná þeim árangri sem þau stefni að muni þeim reynast nauðsynlegt að flytja á stað með alvöru skíðabrekkum fyrr eða síðar. „Við verðum hér út veturinn að minnsta kosti, en svo gæti ég trúað að við flytjum okkur um set, til dæmis til Austurríkis eða Kanada,“ segir Hrefna.



ÞÚ LEGGUR HANA EKKI FRÁ ÞÉR

Kvöldverðurinn var valin bók ársins í Hollandi 2009

„... grípandi og vel skrifuð ...
full af nýjum og óvæntum vendingum
sem halda lesandanum við efnið þannig að
erfitt er að leggja hana frá sér.“

KARL BLÖNDAL / MORGUNBLAÐIÐ

„Þetta er mjög kænlega samin bók.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN

„... grípandi, vel skrifuð
og meinfyndin.“

MARÍANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR / KRITIK.IS

„... mjög vel samin bók og það er stöðugt
verið að koma manni á óvart.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„... negldi mig fasta þar til yfir lauk.“

JENNÝ ANNA BALDURSDÓTTIR / EYJAN.IS



Sértilboð: 1.990 kr.

Fullt verð: 2.490 kr.


Tilboðið gildir til og með 30. september



Í KERLINGARFJÖLLUM Nálægt miðju landsins er náttúruperlan Kerlingarfjöll. Litirnir, gróðurinn og gróðurleysið mynda stórbrotna heild og menn og mannvirki virðast smá séð að ofan.

Hið sjóðheita Ísland

Háhitasvæði Íslands eru heillandi og litríkur heimur með dularfullum náttúrumyndunum sem er gaman að skoða og upplifa. Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, var á ferðinni um hið heita Ísland. Hann býður lesendum blaðsins í skoðunarferð um afskekktu staði og svæði í alfaraleið sem eiga það sameiginlegt að þar rýkur úr jörðinni allan ársins hring.



PEISTAREYKIR Litríkar útfellingar á Peistareykjum á Reykjaheiði, skammt frá Húsavík.



NÁMAFJALL – HVERARÖND

Háhitasvæðið austur af Mývatni er kennt við Námajall en hefur undanfarin ár verið kallað Hverarönd. Þétt sprungubelti liggur yfir allt svæðið og þar er mikil virkni bæði gufu- og leirhvera.

VÍTI Í ÖSKJU Einn af vinsælli áfangastöðunum á hálendinu enda fallet vatn og notalegt til baðferða.



matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

september 2010



Uppáhald Elvis

Elvis Presley var mikill matmaður og flaug eitt sinn langar leiðir vegna þess að hann langaði í samloku með hnetusmjöri, sultu og beikoni.

SÍÐA 6

Yfir sjónvarpinu

Jóhann Friðgeir Valdimarsson gefur uppskrift að túnfisksalati sem gott er að borða með tortillaflögum yfir sjónvarpinu.

SÍÐA 2



SHARP
Pioneer
OLYMPUS

Nintendo SAMSUNG

ERUM FLUTT AFTUR
Í LÁGMÚLA 8, 2.hæð

OPIÐ Á
LAUGARDÖGUM
FRÁ KL. 11-15

...Ég líka!

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800



Sukkað eftir kvöldmat

Eftirréttir eru oft þeir bitar sem flestir bíða með mestri ópreyju eftir.

Nanna Rögnvaldardóttir og Sigurður Ívar Sigurðsson hristu fram úr ermunum eftirrétti úr smjöri, sykri, súkkulaði, sírópi, og fleiru ómótstæðilegu.



Eftirréttir á borðum Nönnu Rögnvaldardóttur matgæðings fara eftir því í hvernig skapi hún er hverju sinni, veðrinu og matnum sem hún var að borða á undan. Stundum koma dagar þar sem hana langar í eitthvað frísklegt, ávaxtasalat og slíkt, en óhollari útfærslur verða oftast fyrir valinu. „Minn smekkur er svolítið mikið út í súkkulaði- og karamellusukk, svona oftast nær. Ég er hins vegar ekki hrifin af dísætum eftir-

irréttum þannig að þessir eftirréttir eru ekki ein sykurléðja. Og ef ég er með eitthvað mjög sætt þykir mér gott að hafa eitthvað skarpt bragð með, svo sem sítrónukrem eða ávexti,“ segir Nanna.

Nanna útbjó tvo eftirrétti fyrir Fréttablaðið. Fyrri uppskriftnin er úr væntanlegri bók, Smáréttir Nönnu, fingramatur, forréttir og freistingar. Réttirnir eru allir smáréttir en hægt er að stækka þá upp og gera þá að aðalrétti eða eftirrétti, eins og Nanna gerir hér með pekanbóku

með búrbonrjóma. „Sukkið í þessari uppskrift er púðursykur og síróp og svo pekanhneturnar, sem eru mjög fituríkar þótt hægt sé að telja sér trú um að þær séu hollar. Bökurnar eru einfaldar og jafnvel hægt að kaupa bökudeigið tilbúið. Hinn rétturinn, tvílitur súkkulaðibúðingur, er tilbrigði við búðing sem ég geri oft og er alltaf vinsæll. Ég hef reyndar líka gert ís eftir þeirri upp-

FRAMHALD Á SÍÐU 4

RÝMINGARSALA Á ELDHÚSTÆKJUM ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



Mjög
takmarkað
magn!

Rýmum fyrir nýjum vörum og bjóðum því eldhústæki með allt að 70% afslætti. Ofnar, viftur, háfar og helluborð í hæsta gæðaflokki frá merkjum á borð við DeDietrich, Brandt, Blomberg og KitchenAid



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

ER SUKKÞÖRFIN KNÝR Á

Sólveig Gísladóttir

Ég ólst ekki upp við mikið sælgætisát. Í Þýskalandi var enda ekki til siðs að bryðja brjóstsykur eða japla á súkkulaði í tíma og ótíma. Gosdrykkir voru sjaldan á borðum og í mesta lagi að maður leyfði sér að blanda saman sóðavatni og eplasafa á tyllidögum.

Svo fluttum við heim þar sem sjóppur eru á hverju götuhorni. Þá fór maður að stelast til að kaupa bland í poka, Curly Wurly, Ískóla og RcCola, sem var ódýrast á grunnskólárum mínum.



Peningaleysi var vitaskuld vandamál hjá tíu til tólf ára barni. Því var litli bróðir, sem gaf sig út fyrir að vera snillingur í spilakössum, í miklu uppáhaldi. Hann var stundum sendur út með nokkra tikalla sem honum tókst að margfalda og kom þá heim hlaðinn sælgæti og jafnvel með vídeospólu. Þá ríkti gleði í höllinni.

Á unglingsárunum jókst sykurþörfin um helming. Bestu minningarnar voru að liggja uppi í rúmi með góða bók, súkkulaðistykki á sænginni og kóklöskuna á kantinum. Peningaleysið hrjáði þó enn og varð til þess að ég gerði hinar ýmsustu æfingar í eldhúsinu til að uppfylla sykurþörfina. Þannig fannst mér hið ágætasta sælgæti að þeyta saman egg og sykur og borða með skeið. Fryst kókómjólk kom vel í staðinn fyrir ís og bræddur sykur með smjöri var hin ágætasta karamella. Þessi sykurþörf hefur líklega einnig orðið til þess að ég kann í dag að baka ágætar kókur.

Gjarnan vildi ég ljúka þessum pistli á því að segja að ég hafi þroskast upp úr þessu öllu saman. Lifi nú heilbrigðum lífsstíl með einum nammi-degi, á laugardögum, kjósi vatn fram yfir gos og fái mér döðlu í stað súkkulaðis, en þá væri ég að ljúga. Nammigrísinn lifir enn góðu og sjálfstæðu lífi og heimtar sitt, sérstaklega á kvöldin fyrir framan sjónvarpið. Stundum fer ég í átak og reyni þá að eiga ekkert sælgæti á heimilinu, það virkar stundum en fáheyrð er sú gleði á slíkum tímum þegar ég uppgötva löngu gleymdan súkkulaðimola í efstu hillu ísskápsins, þá er gaman að lifa.

Skýringar á uppskriftatáknum:



Mötuneyti og stóreldhús

Pantið á netinu!

Kíkið inn á grimurkoku.is og skoðið úrvalið

Vitamix

Blandarinn sem allir eru að tala um!

Mylur alla ávexti, grænmeti klaka og nánast hvað sem er
Hnoðar deig
Byr til heita súpu og ís
Uppskriftarboók og DVD diskur fylgja með

Lífstíðareign!

Tilboðsverð kr. 98.900
Uppskriftarboók og DVD diskur fylgir

S. 440-1800 www.kaelitækni.is Okkar þekking nýtist þér ...



Túnfisksalatíð getur bæði hentað sukkurum og þeim sem vilja hollan mat. Með því að sleppa majonesi og Doritos verður salatíð hollt og gott.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Yndislegt að narta

Jóhann Friðgeir Valdimarsson elskar að slaka á kvöldin og hafa gott snarl við hendina. Í seinni tíð hefur hann þó ekki leyft sér slíkt þar sem hann hefur tekið mataræðið í gegn. Öðru hverju býr hann þó til ljúffengt túnfisksalat.

Það er allt of gott að borða yfir sjónvarpinu á kvöldin,“ segir söngvarinn Jóhann Friðgeir Valdimarsson sem veit fátt betra eftir langan vinnudag en að slaka á með eitthvað gott að narta í, þá helst ís. „Ég gerði mikið af því en er hættur því núna,“ segir Jóhann sem tók mataræði sitt í gegn í byrjun árs og hefur í kjölfarið misst tuttugu kíló.

Hann gefur því uppskrift að túnfisksalatí sem auðveldlega má breyta fyrir þá sem huga að hollustunni. „Maður getur sleppt majonesinu og doritos-flögnum og þá er þetta orðið hollt og gott,“ segir Jóhann sem æfir nú af kappi hlutverk hertogans í óperunni Rigoletto eftir Verdi. „Hertoginn er kvennabósi og Rigoletto hirðfífl

TÚNFISKSALAT MEÐ DORITOS

2 dósir túnfiskur (ég nota 1 með olíu og 1 án, tek safann af)
4 tómatar (smátt skornir)
1 rauðlaukur (smátt skorinn)
1 askja ferskt kóriander
Safi úr ½ til 1 lime
Sletta af majonesi eða sýrðum rjóma (má sleppa).

Borið fram með saltkexi eða Doritos-snakki.



hans. Hertoginn heillast af dóttur Rigoletto og hirðfíflíð brjálast út í hertogann. Að lokum ræður hann sér leigumórðinga en ekki vill betur til en svo að dóttir hans er

myrt í misgripum.“ Óperan verður frumsýnd í Íslensku óperunni 9. október næstkomandi.

- sg

SUNNUTORG

Hálfgerð félagsmiðstöð

Sunnutorg við Langholtsveg var byggt árið 1958 sem strætisvagnabiðstöð með aðstöðu fyrir bílstjórana til að hvíla sig á milli ferða. Þar höfðu ófáir strætisvagnar viðkomu og má segja að það hafi verið Hlemmtorg síns tíma.

Í dag er þar rekinn söluturninn Sunnutorg. „Andinn í hverfinu er mjög góður, hingað sækja margir fastakunnar sem þekkjast jafnvel innbyrðis, hittast hér og spjalla um daginn og veginn,“ segir Egill Magnússon, starfsmaður Sunnutorgs. Hann líkir Sunnutorgi við hálfgerða félagsmiðstöð þar sem fólk kaupir sér kaffibolla, gluggar í blöðin og spjallar við aðra gesti söluturnsins.

En hvað annað er boðið upp á á Sunntorgi? „Við höfum fundið fyrir mikilli aukningu í pylsusölunni undanfarið en mörgum þykja þær skrambi góðar. Fólk gerir oft grín þegar það kemur inn og spyr hvort hér sé ekki bæjarins bestu, eða í það minnsta næst bestu,“ segir Egill glæðlega og bætir við að tóbakssalan sé í miklum blóma enda stæri þeir sig af fremur lágu gjaldi.

Á Sunnutorg sækir fjölbreyttur hópur fólks. „Við höfum gantast með að hægt væri að búa til lítinn, sætan sjónvarpsþátt um lífið á Sunntorgi,“ segir Egill og hlær. Inntur eftir því hvort lúgan sé mikið notuð játar hann því. „Hér kemur fólk í sunndagsbíltúrnum og margir kaupa sér kók eða appelsín í gleri og lakkrísör með.“



matur kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins.

Ritsjörn: Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Anton Brink Pennar: Vera Einarsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is

Vísindakaffi 2010

20. 21. 22. & 23. september

Í aðdraganda Vísindavöku Rannís er hellt upp á hið sívinsæla Vísindakaffi þar sem fræðimenn kynna rannsóknir sínar fyrir almenningi.

Dagskrá á Súfistanum,
Máli og menningu í Reykjavík:

Mánudagur 20. september kl. 20:00 - 21:30

Eldfjöll – hvar gýs næst?

Páll Einarsson prófessor í jarðeðlisfræði fjallar um aðferðir til að fylgjast með virkni eldfjalla og segja fyrir um hegðun þeirra. Af hverju er stundum hægt að spá og stundum ekki?

Priðjudagur 21. september kl. 20:00 - 21:30

Hvað á að vera í stjórnarskrá?

Stjórnarskrár landa geta fjallað um allt milli himins og jarðar. Í tilefni stjórnlagabings og endurskoðunar stjórnarskrár ræðir dr. Ragnhildur Helgadóttir prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, um hvað á að vera í stjórnarskrám og hvers vegna.

Miðvikudagur 22. september kl. 20:00 - 21:30

Stofnfrumur – tækifæri eða tálsýn?

Dr. Sveinn Guðmundsson yfirlæknir Blóðbankans og dr. Ólafur E. Sigurjónsson forstöðumaður stofnfrumuvinnslu og grunnrannsókna í Blóðbankanum fjalla um eiginleika stofnfrumna, kynna notkun blóðmyndandi stofnfrumna í lækisfræðilegri meðferð, ræða og vara við oftrú á „galdramætti“ stofnfrumna í nútíma lækisfræði en kynna jafnframt not stofnfrumna t.d. með stofnfrumugjafaskrá og naflastrengsbönkum.

Fimmtudagur 23. september kl. 20:00 - 21:30

Hver eru sameiningartákn íslensku þjóðarinnar? Frá Njáli Þorgeirssyni til Helga Hóseassonar

Jón Karl Helgason dósent við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands fjallar um hvernig ýmsar persónur úr íslenskrri sögu og bókmenntum hafa í ákveðinn tíma orðið fulltrúar þjóðarinnar allrar eða tiltekinna hópa. Meðal þess sem ber á góma eru stytur og minnismarki í Reykjavík, rithöfundasöfn á landsbyggðinni, götuheiti og íslenskir peningaseðlar.



Dagskrá á landsbyggðinni:

Mánudagur 20. september kl. 17:00 - 19:00

Húsavík: Hljóð undirdjúpanna

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðausturlandi, Húsavíkurbær og Norðursigling bjóða í Vísindakaffisiglingu til að kynna hljóðum undirdjúpanna.

Miðvikudagur 22. september kl. 18:00 - 19:30

Sandgerði: Grjótkrabbi – skemmtilegur og bragðgóður!

Háskólasetur Suðurnesja í Sandgerði og Náttúrustofa Reykjaness kynna grjótkrabba sem er nýr landnemi hér við land. Krabbinn er kynntur og síðan eldaður og gefst gestum færi á að spreyta sig og smakka!

Fimmtudagur 23. september kl. 20:00 - 21:30

Höfi, Akureyri: Erfðabreytt framtíð

Dr. Kristinn P. Magnússon og dr. Oddur Vilhelmsson dósentar við Háskólann á Akureyri og sérfræðingar í erfðavísindum og erfðatækni spjalla um erfðavísindi og hagnýtingu þeirra.

Fimmtudagur 23. september kl. 20:00 - 21:30

Skagaströnd: Mikilvægi munnlegrar sögu

Fjórir fræðimenn velta upp mikilvægi munnlegrar sögu og segja frá samstarfsverkefni um varðveislu munnlegra gagna.

Fimmtudagur 23. september kl. 20:00 - 21:30

Höfn í Hornafirði: Höfundaverk Þórbergs

Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur fjallar um rannsóknir á höfundaverki Þórbergs Þórðarsonar.

Allir velkomnir. Láttu sjá þig!

www.rannis.is/visindavaka


Visinda Vaka
Opíð hús!
Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu
Föstudaginn 24. september kl. 17:00 til 22:00



rannís

Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is



Pekanbakan bráðnar í munni og búrbonrjóminn spillir ekki fyrir. Nanna segir súkkulaði- og karamellusukk oft vera þema í hennar eftirrétum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Mötuneyti og stóreldhús

Pantið á netinu!



Kíkið inn á grimurkoku.is og skoðið úrvalið

NYTT ZUMBA fitness

NORDICASPA

Nýjasta fitubrennsluæðið!

- Auðveld dansspor
- Fyrir allan aldur
- 4 vikna námskeið
- Hefst 20. september

SKRÁÐU ÞIG STRAX!
Sími 444 5090

NORDICASPA
www.nordicaspa



FRAMHALD AF FORSIÐU

skrift en þá er matarlíminu sleppt og búðingsblöndum hellt í form og þær síðan frýstar.“

Sigurður Ívar Sigurðsson, kokkur hjá Nauthóli Bistro, útbjó einnig tvo eftirrétti í súkkpema fyrir Fréttablaðið. Áherslurnar hjá

Nauthóli Bistro, sem opnaði fyrir tæpu ári, hafa þó frekar verið í hollustuáttina. „Það er ýmislegt á boðstólum hjá okkur og þótt meira fari fyrir hollum réttum eru líka girnilegir eftirrétir, svo sem brownies og ís á matseðlin-

um.“ Fyrri rétturinn sem Sigurður gefur uppskrift að er einmitt súkkulaðibrownies staðarins með anískaramellu. Seinni rétturinn er vanillukrem með rjóma og rifnum marengs og ávöxtum.

- jma



PEKANBAKA MEÐ BÚRBONRJÓMA OG TVÍLITUR SÚKKULAÐIBÚNINGUR

PEKANBAKA MEÐ BÚRBONRJÓMA

1 skammtur böku-
deig, heimatilbúið
eða keypt
90 g smjör, bráðið
100 g púðursykur
75 g ljóst síróp
2 egg
200 g pekanhnetur

Hitaðu ofninn í 180°C. Flettu deigið fremur þunnt út, leggðu það yfir meðalstórt bökuform og þrýstu því niður og upp með brúnum. Snyrtu kantana. Leggðu bökunarappír yfir deigið og láttu hann standa vel út fyrir. Settu eitthvert farg í formið, og bakaðu deigskelina í um 10 mínútur. Bræddu á meðan smjórið og hrærðu púðursykri, sírópi og eggjum saman við. Taktu bökuskelina út, fjarlægðu pappírinn og fargið, dreifðu hnetunum í skelina og helltu sírópsblöndunni yfir. Lækkaðu hitann í 160°C og bakaðu bökuna í 20-25 mínútur, eða þar til fyllingin er farin að stífna. Berðu hana fram með þeyttum rjóma, e.t.v. bragðbættum, eða vanilluís.



Nanna Rögnvaldardóttir matgæðingur.

3 egg
100 g sykur
½ tsk. vanilluessens

DÖKKI BÚÐINGURINN

2 matarlímsblöð
125 g dökkt súkkulaði
250 ml rjómi
3 egg
100 g sykur
örlítið salt

Hvíti búðingurinn: Leggðu matarlímið í bleyti í köldu vatni. Brjóttu hvíta súkkulaðið í bita og settu það í pott með 100 ml af rjóma. Hitaðu gætilega, hrærðu stöðugt og taktu pottinn af hitanum um leið og súkkulaðið er bráðið. Kreistu vatnið af matarlímsblöðum og hrærðu saman við.



Þeyttu egg, sykur og vanilluessens mjög vel og hrærðu súkkulaðiblöndunni saman við. Þeyttu rjómann og blandaðu honum gætilega saman við. Láttu búðinginn standa þar til hann er aðeins að byrja að þykna.

Dökki búðingurinn: Farðu alveg eins að og við hvíta búðinginn.

Hafðu tilbúna skál og skiptu henni sundur með einhvers konar skilrúmi – tilklipptu spjaldi úr stífum pappa ef þú vilt hafa skörp litaskil en ef þú vilt láta búðingana blandast má nota hvað sem er (ég notaði gluggaumslag frá bankanum mínum). Helltu hvorri búðingsblöndu sínum megin við skilrúmið og gættu þess að búðingurinn nái jafnhátt upp báðum megin. Notaðu svo þrjón til að teikna mynstur á yfirborðið.

HINDBERJASÓSA (MÁ SLEPPA)

125 g hindber, frosin
2 kúfaðar msk. hindberjasulta
1 msk. ljóst síróp

Allt sett í pott og hitað. Hrærið öðru hverju þar til berin eru farin að maukast. Þá er sósan látin kólna.



Margra laga góðgæti; vanillukrem í botninn, rifinn púðursykurmarengs yfir og jarðarber og mynta efst.



Djassband Suðurlands verður með tónleika í kaffihúsinu Grænu könnunni á Sólheimum á morgun klukkan 15.30. Leikin verða blúslög í bland við kunnugleg dægurlög. Auk bandsins koma fram söngvararnir Bryndís Erlingsdóttir, Bergsveinn Theodórsson og Kristín Arna Hauksdóttir.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

ÞÆGILEGIR & LÉTTIR

www.gabor.is



Stærðir 35-42

Verð kr. 16.495.-

Sérverslun með
Gabor



FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Sólveig Arnarsdóttir leikkona ætlar að taka því rólega um þessa helgi eftir annasama daga undanfarið.

Ládeyðan ljómandi fín

Stundum eru helgar þéttskipaðar ýmsum viðburðum. Um síðustu helgi tókst mér til dæmis að vera í þremur matarboðum og alls konar stuði. Svo virðist þessi helgi verða alger ládeyða sem er ljómandi fín. Ef veðrið verður svona gott er eins víst að við förum í sund og höfum það svo bara notalegt," segir Sólveig Arnarsdóttir leikkona. Reyndar er ólíklegt að hún sitji alveg auðum höndum því hún og eiginmaðurinn eru að stækka húsið enda von á barni í janúar, til viðbótar við synina tvo sem fyrir eru.

Sólveig lætur óléttuna ekki aftra sér frá því að æfa hlutverk í Dísu ljósálfi sem verður sýnt í Austurbæ, vera í tókum fyrir Hlemmavídeó með Péttri Jóhanni og verða liðsstjóri í Orð skulu standa á litla sviði Borgarleikhússins. „Við Hlín Arnarsdóttir munum skiptast á um að vera liðsstjórar," útskýrir hún. Hún kveðst líka ætla að fara oft í bíó á næstunni og eiga margt óséð í leikhúsunum.

gun@frettabladid.is



„Ég reikna fastlega með að eignast þriðja rauðhærða strákinn, mitt ímyndunarafli nær ekki lengra," segir Sólveig.



Sigga & TIMO

GULLSMÍÐI
LÍNNETSSTIGUR 2 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS

VINSÆLASTI RÉTTURINN Í 6 MÁNUÐI

Kr. 1.695

Tian

Chinese Restaurant
Grensásvegj 12
www.tianmatur.is
S: 568 19 19

Nr. 34 Beijing Beef

Exótísk blanda af bragðtegundum nautakjötsréttir. Þetta er spennandi og vinsæll nýr réttur sem þú finnur aðeins á Tian! Borið fram með Jasmin hrísgrjón.

Tilboð gildir alla daga...

Supertilboð

fyrir 2 eða fleiri gesti

Djúpsteiktar rækjur

með súrsætri sósu

Ýsu með sweetchilli sósu

Jian Pao svínakjöt

Steiktar eggjanúðlur með grænmeti

Jasmin hrísgrjón

Kr. 1.350 á mann

Combotilboð

fyrir 2 eða fleiri gesti

Djúpsteiktar rækjur

með súrsætri sósu

Heimabakaðar vorrúllur

Kung Pao kjúklingur

Steiktar eggjanúðlur

Jasmin hrísgrjón

Kr. 1.495 á mann

Tian Chinese Restaurant

Grensásvegj 12



Sjálfsvarnaríþrótt komin frá Japan

AIKIKAI REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á ÆFINGAR Í FAXAFENI 8.

Aikikai Reykjavík stendur fyrir æfingum í japönsku bardagalistinni aikido fyrir börn, unglunga og fullorðna í húsnæði félagsins í Faxafeni 8.

Aikido er japanskt sjálfsvarnarform sem var þróað á 20. öldinni af Morihei Ueshiba og er nokkuð skylt júdo og jújitsu en er þó ólíkt þeim og öllum öðrum sjálfsvarnaríþróttum að því leyti að ekki er um neina árásartækni að ræða.

Allar upplýsingar um félagið og æfingar er að finna á vefsíðu þess, www.aikido.is.

Lífsviðhorf sem læra má af

Hið íslenska fornritafélag er með í burðarliðnum nokkur bindi í ritröðinni Íslensk fornrit. Konungasagnasafnritið Morkinskinna er næst í röðinni, en ritið hefur að geyma heillandi og oft og tíðum átakamiklar frásagnir að sögn annars ritstjórans, Þórðar Inga Guðjónssonar.

Verslun með fornrit. Kannski ekki það fyrsta sem menn eiga von á að rekast á í Skeifunni. Reyndin er þó sú að þar hefur Hið íslenska fornritafélag bækistöðvar sínar, en það hefur frá stofnun 1928 verið mikilvirkt í útgáfu á hinum forna menningararfi þjóðarinnar, Íslendingasögum, konungasögum, biskupasögum og fleiru. Þótt félagið sé rúmlega áttætt er engin þreytumerki að greina, þar sem það hefur nú nokkur bindi í undirbúningi. Þórður Ingi Guðjónsson er, ásamt Jónasi Kristjánssyni, ritstjóri ritraðarinnar, og öllum hnútum kunnugur.

„Við stefnum að því að gefa út á næstu tveimur til þremur árum konungasögur; Morkinskinna í tveimur bindum og Böglunga sögu og Hákonar sögu Hákonarsonar sömuleiðis í tveimur bindum. Þetta eru verk sem bregða upp lifandi myndum af atburðum í ævi norskra konunga sem réðu ríkjum frá 1035 til 1280, sem er dánarár Magnúsar lagabætis. Þær greina meðal annars frá samskiptum konunganna við íslenska höfðingja og skáld. Þetta eru heillandi frásagnir, stundum blóði drifnar, einkum þegar konungarnir eigast við, en inn á milli ríkir rósemd og sagt frá skemmtilegum atburðum í lífi og samskiptum manna. Slíkar frásagnir eru jafnan kryddaðar með hnyttum tilsvörum og snilldarlega samansettum samþölum, eins og við þekkjum vel úr Íslendingasögnum,“ segir hann. Í kjölfarið

munu fylgja útgáfur á sögum um Guðmund biskup góða, Sturlungu og Eddukvæðum, svo fátt eitt sé nefnt.

Þórður Ingi segir mikinn metnað lagðan í útgáfunar og reynt er að gera þær sem aðgengilegastar, bæði fyrir fræðimenn en ekki síst hinn almenna lesanda. „Sem dæmi fylgja Morkinskinnu hvers kyns skrár, myndir, kort, ítarlegar skýringar og formáli. Við Ármann Jakobsson erum útgefendur Morkinskinnu og erum nú í miklu kapphlaupi við tímann við að koma verkinu í skikkanlegt horf, enda stefnt að því að ritið komi út núna í haust.“

Þórður Ingi segir iðulega gæta mikillar eftirvæntingar þegar útgáfur félagsins eru annars vegar, en útgefin bindi eru nú orðin um þrjátíu talsins. „Þetta eru þær útgáfur íslenskra fornsagna sem erlendir fræðimenn styðjast helst við þegar þeir fjalla um sögurnar. Þá er jafnan stuðst við þær þegar skólaútgáfur eru settar saman. Hægt er að nálgast fornsögurnar okkar frá svo mörgum hliðum, og endalaust hægt að sjá eitthvað nýtt í þeim við hvern lestur.“

Hann tekur fram að almenningur taki verkunum fagnandi, enda skemmtanagildið ótvírætt. Í sögunum sé að finna margvísleg lífsviðhorf sem hægt sé að taka mið af, ekki síst nú þegar þjóðin þarf helst að leita aðeins inn á við og minnast upprunans. „Tilgangurinn með útgáfunni hefur ávallt verið fyrst



Jónas Kristjánsson og Þórður Ingi Guðjónsson ritstýra ritröðinni Íslensk fornrit. Konungasögur munu bætast við hana á næstu árum og er Morkinskinna næst í röðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og fremst sá að ná til almennings, gera þessi ómetanlegu verðmæti aðgengileg.“

Þórður Ingi bendir á að hægt

sé að nálgast eintök af útgefnum verkum Íslenskra fornrita í húsnæði Hins íslenska bókmenntafélags í Skeifunni 3b.

BOLTINN Í BEINNI

SNÓKER OG POOLBORÐ

Gerum tilboð fyrir hóp og fyrirtæki

Alltaf kaldur á krananum

BILLIARD B BARINN

Faxafeni 12 - S: 551 3540

Merkjaföt á góðu verði

Í 66°NORÐUR ÚTSÖLUMARKAÐINUM Í FAXAFENI ER HÆGT AÐ FÁ VETRARVÖRUR MEÐ DÁGÓÐUM AFSLÆTTI.

Barnafólk leggur oft leið sína í 66°Norður útsölumarkaðinn að Faxafeni 12 til að næla sér í pollagalla, flispeysur og útiföt á krílin. Það á sérstaklega við um þetta leyti árs þegar þau vantar útbúnað fyrir veturinn.

Á markaðinum er að finna eldri stíl og liti sem eru að hætta og getur munað allt að 30 prósentum á barnavörnum en 35-40 prósentum á fullorðinsflíkum. Fötin eru engu síður af sömu gæðum og oft er hægt að gera góð kaup.



Menntaskólann Hraðbraut eða einfaldlega Hraðbraut er að finna í Faxafeni. Í skólanum er hægt að ljúka stúdentsprófi á tveimur skólaárum í stað fjögurra og geta nemendur valið um náttúrufræðibraut og mála- braut.

www.hradbraut.is



10% afsláttur af núðlusúpu

Komdu og smakkaðu núðlusúpu



Breyttur opnunartími 11:30 – 22:00
Yummi Yummi Hverfisgötu 123



Porvaldur skellir gómsætu kremi á girnilega tertu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Garðar, Sævar og Stefir hafa hröð handtök við að móta langbrauðin.

Ilmurinn er indæll...

Allt að því áfengur bókunarilmur liggur yfir Skeifunni og Faxafeniinu og æsir upp hungrið í þeim sem þar fara um. Ástæðan er sú að þar er Myllan staðsett, langstærsta bakarí á Íslandi. Skoðum það nánar.

Mmmmm... vinarbrauð, besta sem ég veit, er það fyrsta sem fer gegnum hugann þegar stigið er inn fyrir þröskuld Myllunnar og bókunarlyktin magnast. Mannskapurinn þar lætur ekkert glepjust þó gesti beri að garði. Töluvert meira þarf til að hann leggi niður störf. „Hér er unnið á vöktum allan sólarhringinn alla daga ársins nema fjóra helgustu hátíðardagana og þegar þeir eru liðnir mætir fyrsta vakt strax á miðnætti þannig að framleiðslan fellur aldrei niður í heilan sólarhring,“ upplýsir Björn Jónsson, markaðsstjóri Myllunnar.

Myllan hóf starfsemi sína árið 1959 í Álheimunum. Þá var það lítið fjölskyldufyrirtæki sem síðan óx og dafnaði. Nú er það hið stærsta í landinu með 1.800 starfsmenn frá 18 þjóðlöndum. Björn segir að margir hafi unnið þar árum saman og nefnir sem dæmi hjón sem komu sem flóttamenn frá Víetnam á sínum tíma. Nú eru börn þeirra meðal starfsmanna.

Tegundirnar eru fjölmargar



Nóg er að gera hjá Kamillu í tertubotnabakstrinum.

sem bakaðar eru í Myllunni enda þjónustar hún stórmarkaði, hótél, mótuneyti og stofnanir. Inntur eftir því hvað efst sé á vinsældar-

lista þjóðarinnar af því sem komi út úr ofnum fyrirtækisins svarar Björn: „Það er Heimilisbrauðið.“

gun@frettabladid.is



Það dugur ekkert minna en hálfgerðar steypuhrævivélar í bakstur Myllunnar.



Linh brosir ánægjulega yfir hamborgarbrauðunum.

Fíðrildið

Barnaverslunin Fíðrildið -
notað og nýtt fyrir börnin www.fidridid.is
og einnig inn á facebook

Faxafeni 9
Opið virka daga frá 11-17 og laugardaga frá 12-16

Trimform Berglindar

20-30% afsláttur af kortum út september og 2 tímar í kaupbæti með hverju korti

Fjöldi árangursríkra meðferða í boði

Frír prufutími

Hjá okkur nærðu árangri -
Við höfum metnaðinn og reynsluna
Kynntu þér meðferðirnar og tilboðin á www.trimform.is

Trimform Berglindar
Faxafeni 14 | S: 553 3818
Mán. - fim. kl. 8:00 - 18:00
föstudaga. kl. 8:00 - 13:00

no limits in colours

BoConcept
urban design

Fákafeni 11 - www.boconcept.is



HAUSTYFIRHAFNIR Í ÚRVALI



Skoðið yfirhafnir á laxdal.is

BERNHARD LAXDAL

Laugavegi 63 • s: 551 4422

Útsýni Vestur-Íslendinga

Sjóndeildarhringurinn er ljósmyndaranum og Vestur-Íslendingnum Wayne Guðmundson hugleikinn. Hann opnar í dag ljósmyndasýningu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur en þar verður sýnt brot af þeim myndum sem hann hefur tekið síðustu 35 árin.

„Langafi minn kom frá Norðausturlandi, amma mín frá Njarðvík og faðir hennar bjó á litlum bæ með sýn yfir Eyjafjallajökul,“ segir Wayne Guðmundson þegar hann er inntur eftir tengslum sínum við Ísland. Hann hefur tekið fjölmargar myndir á Íslandi en hluti þeirra verður sýndur á sýningu sem opnar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í dag og stendur fram í janúar. Wayne kom hingað fyrst árið 1993 þegar hann vann að verkefni með ljóðskáldinu Bill Holm á Hofsósi.

„Mig vantaði á þeim tíma myrkraherbergi og mundi þá eftir sýningu sem ég hafði séð í Minneapolis sem hét Frozen Image. Ég leitaði í bæklingnum sem ég hafði geymt eftir íslenska ljósmyndara. Þar valdi ég þann sem mér fannst hafa tekið fallegustu myndirnar og hringdi í hann. Það var Guðmundur Ingólfsson sem í góðmennsku sinni leyfði mér að nota myrkraherbergið sitt og við höfum verið góðvinir síðan,“ segir Wayne sem hefur sótt landið heim reglulega eftir þetta og hafa þeir Guðmundur unnið talsvert saman.

Wayne tekur svarthvítar myndar af víðáttumiklu landslagi en á sýningunni verður sýnt brot af þeim myndum sem hann hefur



Mynd sem Wayne tók við Öskju árið 1995. „Þetta var í júlí en samt hafði komið snjóstormur. Þegar lægði lá snjóbreiða yfir öllu ofan á svörtu hrauninu og það var ótrúleg sýn.“

MYND/WAYNE GUÐMUNDSSON

tekið síðastliðin 35 ár. „Flestar eru teknar í Norður-Dakóta þar sem forfeður mínir námu land en síðan er um þriðjungur myndanna tekinn á Íslandi,“ upplýsir Wayne sem hefur heillast af víðáttumiklu og fjölbreyttu landslagi Íslands. „Það er ólýsanlegt,“

segir hann og bætir við að hann haldi mest upp á svæðið í kringum Öskju en annars hefur hann tekið flestar myndir sínar á svæðum sem forfeður hans komu frá.

solveig@rettabladid.is

Úr heimahögum í Norður-Dakóta í Bandaríkjunum.



Wayne Guðmundsson.

friform.is

INNRETTINGATILBOÐ Í SEPTEMBER

30%

ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR

Komdu með málin og við hönnun, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

Mán. - föst. kl. 09-18
Lau. kl. 11-15

Friiform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

ÚTSALA

síðustu dagar.

ÚLPUR, KÁPUR, JAKKAR

20 - 70% afsl. og margt fleira.

Opið
mán - fös 10-18,
laugardaga 10-16

TOPP HÚSIDI

Mörkinni 6 - Sími 588 5518

DREKINN
WUSHU FELAG REYKJAVÍKUR
(KUNG-FU)

Taijiquan fyrir byrjendur
mánudaga, miðvikudaga kl. 18:15
og laugardaga kl. 9:15

Changquan fyrir byrjendur
mánudaga og miðvikudaga kl. 19:15

**WUSHU
QI GONG
TEYGJUR
TAICHI**

NÝTT!
Sjálfsvarnarnámskeið fyrir konur

HEILSUDREKINN • SKEIFAN 3J • SÍMI: 553 8282 • heilsudrekin@heilsudrekin.is • www.heilsudrekin.is

Til heiðurs Ögmundi

ÞING TIL MINNINGAR UM FRÆÐIMANNINN ÖGMUND HELGASON VERÐUR HALDIÐ Í DAG.

Fjölbreytileg málefni er snerta störf og áhugamál Ögmundar Helgasonar, þjóðfræðings og cand. mag. í íslenskum fræðum, verða reifuð á málþingi til minningar um hann í Norræna húsinu í dag.

Ögmundur var íslenskukennari í Menntaskólanum við Tjörnina (síðar Sund) í áratug, stundaði fræðistörf við Kaupmannahöfn, varð starfsmaður við Handritadeild Landsbókasafns 1986 og síðar forstöðumaður þar. Einnig kenndi hann um árabíl þjóðfræði við Háskóla Íslands. Eftir hann liggur fjöldi fræðigreina og stærri rit sem hann vann ýmist einn eða í samstarfi við aðra.

Þingið er haldið fyrir tilstuðlan vina og ættinga Ögmundar, en auk fyrirlestra verður kynnt væntanleg útgáfa bókar sem Ögmundur vann að, en þar er um að ræða þjóðsögur sem Guðmundur Sigurðsson, vinnumaður frá Syðri-Gegnishólum í Flóa, safnaði á sinni tíð.

Þingið stendur frá klukkan 13 til 17 og boðið verður upp á léttar veitingar. Fundarstjórar verða Ólafur Ögmundarson og Ragna Ólafsdóttir. - jþ



Þing til minningar um Ögmund Helgason fer fram í Norræna húsinu í dag.

Námskeið heitir „Vertu Stjarna Móður Náttúru!“

það fer fram í sal Ferðafélag Íslands Mörkinni 6 frá 5. október til 16. nóvember einu sinni í viku á þriðjudögum kl. 18-21:30

Þetta er skemmtilegt og gagnlegt námskeið sem fjallar um grunnþætti stjörnuspekinnar og hvernig hún tengist náttúrunni, okkur sjálfum og í raun öllu okkar umhverfi sett fram í máli, myndum og göngu. Farið verður í Stjörnu göngu og skemmtileg verkefni leyst. Þetta er því námskeið sem tekur bæði á líkama og anda þótt gangan verði meiri upplifunar ganga heldur en púl svo hún er hugsuð við flestra hæfi.

Skráðu þig inn – drífu þig út
Ferðafélag Íslands

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





Nokkrar af Kirsuberjatréskonum sem selja munu á morgun, frá vinstri: Lára Magnúsdóttir, Margrét Guðnadóttir, Arndís Jóhannsdóttir og Sigríður Ásta Árnadóttir. Með á myndinni er Úlfhildur Valgeirsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Listakonur taka til í kompunum sínum

Barnaföt, sparikjolar, risaeðlur og önnur leikföng verða til sölu á markaði í kjallaranum í versluninni Kirsuberjatrénu í dag.

Listakonurnar í Kirsuberjatrénu munu selja ýmislegt forláta góss sem fundist hefur í komputitekt, í kjallaranum í versluninni Kirsuberjatrénu, að Vesturgötu 4, í dag.

A markaðinum verða gömul barnaföt seld, sparikjolar, risaeðlur og önnur leikföng, bækur, og aldrei að vita nema einhverjir listmunir slæðist með að sögn Kirsuberjatréskvenna. „Þetta verður mjög spennandi, enda erum við allar miklir safnarar,“ segir ein þeirra, Sigríður Ásta Árnadóttir, sem hlakkar til að sjá hvað hinar mæta með.

Gengið er inn í kjallarann baka-til en þar í portinu verða einhverjir kompumunir einnig til sölu utan-dyra ef veður leyfir. Markaðurinn hefst klukkan 12 og stendur til klukkan 17.

- jma



Spennandi hlutir, listmunir, barnaföt og sparikjolar verða til sölu á Vesturgötu 4 á morgun.



Snarfari býður gömlum og nýjum félögum til afmælisveislu í félagsheimili sínu við Snarfarahöfn að Naustavogi.

Hátíðarhöld við Snarfarahöfn í dag

Afmælisveisla og útgáfa á sögu Snarfara verður haldin hátíðleg við Snarfarahöfn í dag. Gamlir og nýir félagar eru hvattir til að mæta og gleðjast með afmælisbarninu.

Snarfari – félag sportbátæig-enda í Reykjavík býður til veislu í félagsheimili sínu við Snarfarahöfn í Naustavogi í tilefni af 35 ára afmæli félagsins.

Félagið, sem var stofnað í húsi Slysavarnafélagsins 18. septemb-

er 1975, hafði í upphafi 60 stofnfélaga, en nú, 35 árum síðar, eru 350 manns í félaginu.

Í tilefni afmælisins kemur saga Snarfara út. Hallur Hallsson ritaði hana og verður Hafsteini Sveinsyni, fyrsta formanni félagsins, afhent fyrsta eintakið að viðstöddum borgarstjóra og borgarfulltrúum.

Gamlir og nýir félagar eru hvattir til að mæta á staðinn og gleðjast með afmælisbarninu, en veisluhöldin hefjast klukkan 15 í félagsheimilinu þar sem veitingar verða í boði.

- jba

Tónlistarhópurinn Elektra Ensemble flytur þrjú trío fyrir flautu, selló og píanó frá þremur öldum á Kjarvalsstöðum annað kvöld; Píanótrío í D-dúr Hob. XV:16 eftir J. Haydn, Trío fyrir flautu, selló og píanó eftir B. Marti og Píanótrío nr. 1 í d-moll, op. 49 eftir F. Mendelssohn sem flestir þekkja í flutningi fiðlu, sellós og píanós. Nánar á heimasíðu Elektra Ensemble.



www.elektraensemble.org

Mæðgur 6 - 99 ára

Hjartanlega velkomnar í mæðgnaflokk í Vindáshlíð 1.-3. október 2010



Verð aðeins 9.900 krónur með gistingu, dagskrá og fullu fæði. Nánari upplýsingar á www.kfum.is - Bókanir í síma 588 8899

Ráðstefnur og fundarhöld

á glæsilegu sveitasetri í fallegu og afslöppuðu umhverfi.

Ef halda skal veislu, námskeið eða hópefli eru fáir staðir betur staðsettir en Grímsá sveitasetur og Veidihúsið við Laxá í Kjós. Við tökum að okkur allar tegundir af veislum og uppákomum. Bæði húsin taka allt að 50 manns í gistingu sem leigjast með eða án þjónustu.

Veisluborð



Erum byrjaðir að taka niður pantanir í villibráðarhlaðborðið og jólahlaðborðið okkar

Veidihúsið í Kjós

Í Veidihúsinu við Laxá í Kjós er stór og vandaður veislusalur sem tekur allt að 100 manns í sæti og með gistingu fyrir allt að 50 manns.

Grímsá Veidihús

Í veidihúsinu við Grímsá er glæsilegur salur sem tekur allt að 70 manns í sæti og gisting fyrir allt að 36 manns. Í húsinu er gufubað og heitur pottur svo hægt er að slaka vel á eftir góðan dag.



Pöntunarsímar: 618 0083 & 437 0083
www.grimsa.is



Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

67%

Lesað bara
Fréttablaðið

5%

Lesað bara
Morgunblaðið

27%

Lesað bæði
Fréttablaðið og
Morgunblaðið

Auglýsing í
Fréttablaðinu
nær til yfir

95%

lesenda
blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Bláðakannanir Capacent maí - júlí 2010.



Allt sem þú þarft...

Starfsfólk óskast.

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki á heimili fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða störf í vaktavinnu í mismunandi starfshlutföllum. Leitum að félagsliðum og stuðningsfulltrúum.

Helstu verkefni:

- Veita þjónustunotendum stuðning við athafnir daglegs lífs
- Fylgja eftir þjónustu- og þjálfunaráætlunum
- Samstarf við aðstandendur

Hæfniskröfur:

- Áhugi á málefnum fatlaðra
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framtaksemi og samviskusemi

Í boði er:

- Fjölbreytt og lærdómsríkt starf
- Öruggt starfsumhverfi
- Stuðningur í starfi

Leitum að félagsliðum og stuðningsfulltrúum

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi SFRÍ. Nánari upplýsingar um starfið eru veittar á skrifstofutíma í síma 525-0900 eða á heimasíðunni www.smfr.is. Aldurstakmark 20 ár Reyklaus vinnustaður. Umsóknir gilda í 6 mánuði. Umsækjendur þyrftu að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 3. október nk.

Svæðisskrifstofa Reykjaness sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.



Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15,
Hafnarfirði // sí: 525 0900 // www.smfr.is



Viðskiptastjóri fyrirtækja í útibú Íslandsbanka í Hafnarfirði

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til að starfa sem viðskiptastjóri fyrirtækja í útibúi bankans í Hafnarfirði. Viðskiptastjóri fyrirtækja heyrir undir útibússtjóra og er hluti af stjórnendateymi útibúsins.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf mjög fljótlega.

Helstu verkefni:

- Greina þarfir fyrirtækja og veita þeim viðeigandi lausnir
- Skapa og styrkja góð tengsl við núverandi og verðandi viðskiptavini
- Tryggja faglega ráðgjöf til fyrirtækja
- Áætlanagerð í samráði við útibússtjóra
- Önnur verkefni eftir nánara samkomulagi

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði viðskipta-, rekstrarfræði eða sambærileg menntun
- Bankareynsla æskileg
- Talnaskilningur og skipulagshæfni
- Frumkvæði, þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Rúnar Björgvinsson, útibússtjóri, netfang: runar.bjorgvinsson@islandsbanki.is, sími 440 4000.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar inn ásamt ferilskrá. Umsóknarfrestur er til 27. september næstkomandi. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, netfang: sigrun.olafs@islandsbanki.is, sími 440 4172.

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI

LS Retail óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa.

Verksvið framkvæmdastjóra er að:

- Leiða áframhaldandi vöxt LS Retail í samvinnu við stjórn
- Stýra stefnumótun og markmiðasetningu í samvinnu við stjórn
- Bera ábyrgð á rekstri og áætlanagerð
- Greina ný viðskiptatækifæri og markaði fyrir vörur LS Retail
- Eiga samskipti og semja við núverandi og nýja viðskiptavini

Leitum eftir einstaklingi sem hefur:

- Leiðtogahæfileika
- Stefnumótandi hugsun
- Framúrskarandi samskiptahæfileika
- Greiningarhæfni

Umsjón með ráðningunni hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



LS Retail ehf. er vaxandi hugbúnaðarhús sem þróar sérhæfðan hugbúnað fyrir verslanir. Vörur fyrirtækisins byggja að miklu leyti á hugbúnaði frá Microsoft með áherslu á Microsoft Dynamics. LS Retail ehf. er í fremstu röð fyrirtækja sem þróa verslunar- og veitingahúsalausnir á grunni Microsoft Dynamics fyrir alþjóðamarkað. LS Retail verslunarlausnir hafa verið seldar til 132 landa, þýddar á 33 tungumál og er dreift um net 120 vottaðra samstarfsfyrirtækja í rúmlega 70 löndum. Lausnir frá LS Retail eru í notkun hjá 1.600 fyrirtækjum í yfir 30.000 verslunum á um 62.000 afgreiðslukössum um allan heim.

Menntunarkröfur og reynsla:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af alþjóðlegu markaðs- og sölustarfi
- Reynsla af stefnumótun
- Reynsla af samningagerð

Í boði er:

- Alþjóðlegt fyrirtæki í góðum rekstri
- Metnaðarfullt framsýnt fyrirtæki
- Faglegt og metnaðarfullt vinnuumhverfi
- Krefjandi starf með öflugu samstarfsfólki

Capacent Ráðningar

VÖRUSTJÓRI

Klettur - sala og þjónusta ehf. er ungt félag byggt á gömlum merg. Klettur varð til við yfirtöku eins elsta starfandi fyrirtækis landsins í sölu og þjónustu á atvinnutækjum og hjólbörðum, m.a. Caterpillar, Scania og Goodyear, og býr þar af leiðandi yfir ómældri reynslu til að miðla til viðskiptavina sinna. Góð þjónusta hefur alla tíð verið einkunnarorð Kletts. Rík áhersla er lögð á að gott úrval varahluta sé ætíð fyrir hendi og að þjónustuverkstæði séu mönnum fólk með reynslu og þekkingu og hafi ætíð til afnota verkfæri og tæki, sem svara til ýtrustu krafna nútímans. Starfsmenn Kletts eru um 50 talsins.

Klettur - sala og þjónusta ehf. óskar eftir að ráða framsækinn og metnaðarfullan einstakling í starf vörustjóra. Í boði er krefjandi og spennandi starf fyrir réttan einstakling þar sem mikið reynir á nákvæmni, skipulag, sveigjanleika og samvinnuhæfni.

Starfssvið

- Ábyrgð og umsjón með vöruframboði og varahlutalager
- Ábyrgð á pöntunum og flutningi vöru sem og samningagerð vegna vörukaupa og flutningsleiða
- Greining vöruflæðis og vörustöðu sem og yfirsýn vöruflæðis
- Umsjón með vinnu starfsmanna vegna móttöku og afgreiðslu varahluta
- Eftirfylgni áætlaða og frávikagreining sem og ritstýring vöruskrár
- Innri ráðgjöf um innkaup og birgðahald

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði vörustjórnunar, rekstrar- eða tæknifræði skilyrði
- Reynsla af starfi við birgðastjórnun og innkaupamál
- Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði
- Metnaður og frumkvæði í starfi sem og geta í mannlegum samskiptum
- Hæfni til þess að vinna sjálfstætt sem og að vinna undir álagi

Klettur - sala og þjónusta er til húsa í Klettagörðum við Sundahöfn í glæsilegri þjónustumiðstöð sem er sérhönnuð með tilliti til starfsemi Kletts og gerir starfsmönnum kleift að veita viðskiptavinum úrvalsþjónustu.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

ÖFLUGUR LIÐSMAÐUR Í FRAMLEIÐSLUTEYMI



Elkem leggur metnað sinn í framleiðslu á hágæða málmblendi og leggur ríka áherslu á að mæta ýtrustu kröfum viðskiptavina sinna. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á að valda sem minnstri röskun á náttúrunni og skapa öruggt og gott vinnuumhverfi fyrir starfsmenn sína. Elkem er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki. Við leitum því að fólk sem hefur orku og drifkraft til að taka þátt í framtíðarþróun fyrirtækisins.

Elkem Ísland leitar að öflugum liðsmanni á ofnrekstrarsvið. Viðkomandi mun taka þátt í og stýra endurbótaverkefnum ásamt því að taka þátt í daglegri rekstrarstjórn í samvinnu við ofnleiðtoga. Ofnrekstrarsvið ber ábyrgð á rekstri þriggja ofna verksmiðjunnar. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra sviðsins.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Þátttaka í og stýring endurbótaverkefna, bæði praktískra á gólfinu og verkefna sem fela í sér flókna greiningu á gögnum
- Þátttaka í daglegri rekstrarstjórn í samvinnu við ofnleiðtoga
- Fræðsla starfsmanna
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra sviðsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Staðgöð háskólamenntun í verkfræði eða skyldum greinum
- Fjölhæfni í starfi og áhugi á að leita lausna
- Góð greiningarhæfni
- Góð íslensku og enskukunnátta er nauðsynleg. Kunnátta í einu Norðurlandamáli er kostur
- Samstarfsvilji og hæfni í teymisvinnu
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Elkem Ísland ehf. er staðsett á Grundartanga, sem er í u.þ.b. 30-40 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.

Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KREFJANDI GREININGARSTÖRF

FJÁRMÁLA EFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamíðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar- og váttryggingafélög, kauphallir o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

Breytingar á fjármálamarkaði hafa kallað á skipulagsbreytingar hjá Fjármálaeftirlitinu. Stofnunin er að stækka, verið er að auka sérhæfingu og leggja aukna áherslu á að greina áhættuþætti hjá aðilum á fjármálamarkaði. Til að styrkja starfsemina leitum við að öguðum og metnaðarfullum einstaklingum með góða samskiptahæfileika og getu til að takast á við krefjandi verkefni. Störfin fela í sér viðtækt samstarf innanlands sem erlendis og virka símenntun.

SÉRFRÆÐINGUR Í EFTIRLITI MEÐ FYRIRTÆKJUM Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

Starfssvið

- Greining og túlkun á helstu áhættuþáttum fjármálafyrirtækja
- Eftirlit með rekstri og efnahag fjármálafyrirtækja
- Vettvangsathuganir og skýrslugerð
- Þróun eftirlits og aðkoma að leiðbeinandi tilmælum á fjármálamarkaði
- Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi háskólapróf, t.d. viðskiptafræði, hagfræði eða fjármálaverkfræði
- Þekking eða starfsreynsla af fjármálamarkaði
- Rík greiningarhæfni
- Frumkvæði, metnaður og góð samskiptahæfni
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð íslensku- og enskukunnátta

SÉRFRÆÐINGUR Í ÁHÆTTUGREININGU

Starfssvið

- Greining á helstu áhættum eftirlitsskyldra aðila, s.s. útlánaáhættu, lausafjárahættu
- Yfirsýn yfir áhættur fjármálamarkaðarinnar
- Vettvangsathuganir og skýrslugerð
- Þróun á eftirliti og aðkoma að leiðbeinandi tilmælum á fjármálamarkaði
- Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi háskólapróf, t.d. viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Reynsla af fjármálamarkaði er æskileg, t.d. af útlánamálum og áhættustýringu
- Rík greiningarhæfni er nauðsynleg
- Frumkvæði, metnaður og góð samskiptahæfni
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti er nauðsynleg
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

SKRIFSTOFUSTÖRF

FJÁRMÁLA EFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamíðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar- og váttryggingafélög, kauphallir o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

AÐSTOÐARMANNTUR SÉRFRÆÐINGA

Í tengslum við fjölgun sérfræðinga stofnunarinnar er þörf á að ráða aðstoðarmenn sérfræðinga á tvö stærstu svið stofnunarinnar. Leitað er eftir þjónustulundum og útsjónarsömum einstaklingum sem eru tilbúnir að taka þátt í uppbyggingu og þróun nýrra starfa. Í boði eru áhugaverð störf í lærdómsríku umhverfi.

Helstu verkefni:

- Aðstoða starfsmenn við ýmis verkefni (bréfasendingar, leit, uppsetning gagna o.fl.)
- Staðlaðar bréfaskriftir
- Upplýsingaöflun og leit í kerfum stofnunarinnar
- Samantekt upplýsinga og framsetning
- Svörum einstakra fyrirspurna eftirlitsskyldra aðila og neytenda
- Utanumhald og eftirfylgni samskipta við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Yfirferð skýrslna í skýrsluskilakerfi
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfnisþættir sem m.a. er horft til:

- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Góð almenn tölvuþekking skilyrði
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Frumkvæði og góð skipulagshæfni
- Nákvæm vinnubrögð og hæfni til að starfa undir álagi
- Rík þjónustulund, sjálfstæði í vinnubrögðum og góð samskiptahæfni

SKJALA- OG RITARAPJÓNUSTA

Um er að ræða fjölbreytt starf í spennandi og krefjandi umhverfi. Starfið felur í sér alla almenna skjalaumsýslu, aðkomu að þróun skjalamála og mikil samskipti við samstarfsmenn.

Helstu verkefni:

- Málaskráning og skjalaumsýsla
- Frágangur skjala
- Samantekt upplýsinga og framsetning
- Þjónusta við starfsmenn stofnunarinnar
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfnisþættir sem m.a. er horft til:

- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Góð almenn tölvuþekking skilyrði
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Nákvæm vinnubrögð og hæfni til að starfa undir álagi
- Rík þjónustulund, sjálfstæði í vinnubrögðum og góð samskiptahæfni

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



We are a dynamic airline proudly offering high quality, profitable services to the leisure market.

ROSTERING OFFICER

Primera Air is looking for a staff member to join our Crew Resources Department in Kópavogur, Iceland. The Rostering Officer is responsible for creating work schedules for our operating crew members.

Your main tasks

- Long term planning of crew need and training.
- Issuing work schedules, monthly roster for both pilots and cabin crew.
- Ensuring that all flights are legal in accordance with our regulatory requirements and company policy.
- Planning of crew vacation.
- Generating applicable reports for efficiency evaluations.

We are looking for a person

- who has previous experience from similar work environment within the airline industry. Knowing RM will be considered an advantage.
- with good general education or college degree
- with thorough skills of Excel and other general knowledge of computers
- with good communication skills
- who is fluent in written and spoken English.

To apply, please visit our website www.primeraair.com and fill out an online application form. The application deadline is **26 September 2010**. Should you have additional questions, feel free to contact us. We look forward to receiving your application.



Primera Air | Hlíðasmári 12 | 201 Kópavogur | S. 527 6000 | Fax. 527 6001 | primeraair.com

Viðgerðarmaður – Vélvirki óskast!

Við leitum að frískum, duglegum og reglusömum viðgerðarmanni sem hefur góða þekkingu og áhuga á Dieselvélum. **Um er að ræða** fullt starf á vélavertæði í Reykjavík. Starfið er krefjandi, þar sem mikilvægt er að viðkomandi geti tamið sér sjálfstæð vinnubrögð en jafnframt unnið samvirkusamlega í hóp. Tölvukunnátta er æskileg og viðkomandi þarf að geta lesið og talað ensku. Umsóknir vinsamlegast berist á box@frett.is merktar „Viðgerðarmaður/ Vélvirki – 1109“ fyrir 24. sept.

Lagerstjóri óskast!

Við leitum af frískum, duglegum og reglusömum vélvirkja í starf lagerstjóra, með góða þekkingu og reynslu af Dieselvélum. **Um er að ræða** fullt starf á lager ásamt tilfallandi viðgerðarvinnu í stærri verkefnum. Starfið er krefjandi og þarf viðkomandi að temja sér sjálfstæð vinnubrögð. Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg. Þekking og reynsla af birgðakerfum er æskileg - s.s TOK. Starfsmaðurinn þarf að geta séð almennt um birgðahald fyrirtækisins og unnið í Microsoft Word og Outlook. Góð íslensku og enskukunnátta er nauðsynleg. Umsóknir vinsamlegast berist á box@frett.is merktar „Lagerstjóri – 1109“ fyrir 24. sept.



STARFSFÓLK ÓSKAST

Framundan er háannatími í Toy's R Us og því leitum við að jákvæðum einstaklingum sem geta lagt okkur lið við að þjónusta viðskiptavinum okkar með bros á vör.

Við leitum að sveigjanlegum einstaklingum, bæði í fullt starf og hlutastarf, sem geta unnið hvort sem er í dagvinnu, á kvöldin eða um helgar. Starfið felur í þjónustu við viðskiptavinum, áfyllingu í verslun sem og önnur almenn verslunarstörf.

Ef þú ert 18 ára eða eldri, orkumikill, jákvæður, getur unnið sjálfstætt, sýnt frumkvæði og hefur ríka þjónustulund þá viljum við heyra frá þér.

Umsóknum skal skilað inn á afgreiðsluborð í verslun okkar á Smáratorgi.

TOP-TOY A/S er móðurfyrirtæki leikfangaverslananna BR og TOYS"R"US (á Norðurlöndunum). Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 2.800 manns í fleiri en 250 verslunum. Árleg velta fyrirtækisins er yfir 340 milljónir evra.

ENN VANTAR FLEIRI FRÁBÆRA STARFSMENN!

– ÁTT ÞÚ SAMLEIÐ MEÐ OKKUR?

Nortek ehf. var stofnað á Akureyri árið 1996 og árið 1998 var opnuð skrifstofa í Reykjavík. Nortek hefur allt frá byrjun verið leiðandi fyrirtæki á sviði öryggis og tæknimála. Hjá fyrirtækinu starfa 35 vel menntaðir og þjálfðir starfsmenn sem kappkosta að veita góða og skjóta þjónustu. Frá því síðla árs 2008 hefur verkefnum fjölgað mikið erlendis sérstaklega í Noregi og Svíþjóð.

Tæknimaður

Við leitum að rafeindavirkja eða rafvirkja með sveinspróf. Starfið felst í uppsetningu, forritun og þjónustu við viðskiptavinum.

Rafmagns-tæknifræðingur

Við leitum að öflugum starfsmanni í verkefnastjórnun, hönnun, tilboðsgerð og sölu.

Tækniteiknari

Tækniteiknari til aðstoðar við verkefni unnin í Autocad. Færni í Autocad skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 29. sept. 2010. Nánari upplýsingar gefur Björgvin í síma 455 2000. Einnig má senda umsóknir á netfangið bjorgvin@nortek.is.

NORTEK ehf.
Eirhöfði 13-18 | 110 Reykjavík | Sími 455 2000
nortek@nortek.is | www.nortek.is



ÖRYGGI OG TÆKNI

Capacent Ráðningar

SÉRHÆFT SKRIFSTOFUSTARF



Iceland Pelagic er ungt og hratt vaxandi fyrirtæki staðsett á Höfn í Hornafirði og með söluskrifstofu í Reykjavík. Félagið sem er í jöfnu í eigu Ísfélags Vestmannaeyja og Skinneyjar Þingness, hefur með höndum útflutning á uppsjávarafurðum með áherslu á Austur Evrópu. Félagið var stofnað árið 2008 og er í hröðum vexti. Starfsmenn félagsins eru 7 þar af 2 erlendis.

Iceland Pelagic leitar að starfsmanni á skrifstofuna í Reykjavík til að sjá um gerð sölu- og útflutningsskjala. Hér er um framtíðarstarf að ræða.

Starfssvið

- Gerð sölu- og útflutningsskjala
- Tollskýrslugerð
- Umsjón með sölureikningum
- Samskipti við sölumenn, flutningsaðila, opinberar stofnanir og fl.
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni í samráði við skrifstofustjóra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking á inn- og útflutningi
- Gerð útflutningsskjala
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta og bókhaldsþekking
- Þekking á sjávarútvegi kostur
- Kostur ef viðkomandi getur mætt snemma á morgnana

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000



SJÁVARKJALLARINN

Óskar eftir duglegu fólki í eftirtalinn störf:

- Aðstoðarfólki í veitingarsal
- Þjónanemum
- Uppvask

Hafið samband við Mána í síma 7729911 eða mani@sjavarkjallarinn.is

- Matreiðslunemum

Hafið samband við Ragga Ómars í síma 8623441 eða raggi@sjavarkjallarinn.is

Sjavarkjallarinn hefur verið eitt vinsælasta veitingarhús síðustu 8 ára þar sem metnaður í þjónustu og mat er í fyrirrúmi.



Náms- og starfsráðgjafi

Vinnumálastofnun leitar eftir náms- og starfsráðgjafa fyrir þjónustuskrifstofu stofnunarinnar á Suðurlandi.

Starfssvið

- náms- og starfsráðgjöf skipulag og þróun úrræða fyrir atvinnuleitendur
- önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfnikröfur

- háskólanám í náms- og starfsráðgjöf, kennara menntun eða sambærilegt nám
- góð þekking á vinnumarkaði og menntakerfi
- kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli
- góð tölvukunnátta
- mikil samskiptahæfni
- framtakssemi, sjálfstæði og skipulagshæfni

Vinnumálastofnun á Suðurlandi er staðsett á Austurvegi 56, 800 Selfoss. Ráðgjafi stofnunarinnar þjónustar atvinnuleitendur í öllu umdæminu og hans bíður að sinna krefjandi verkefnum með jákvæðum og uppbyggilegum samstarfshópi.

Laun eru greidd samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á heimasíðu hennar www.vinnumalastofnun.is

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til Hugrún B. Hafliðadóttur, starfsmannastjóra Vinnumálastofnunar á netfangið hugrun.hafliadottir@vmst.is fyrir 3. október 2010.

Nánari upplýsingar veita Auður Guðmundsdóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Suðurlandi í síma 512 7780 og Hugrún B. Hafliðadóttir í síma 515 4800.



STARFATORG.IS

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýtt			
Starfsm.fyrir Vistunarmatsnefnd	Heilsugæslan Álfabakka 16	Reykjavík	201009/016
Náms- og starfsráðgjafi	Vinnumálastofnun	Selfoss	201009/015
Heilsugæslulæknir	Heilsugæslan Mjódd	Reykjavík	201009/014
Verkefnastj. á sv.upplýsingatækni	Ríkisskattstjóri	Reykjavík	201009/013
Forritari	Reiknistofnun Háskóla Íslands	Reykjavík	201009/012
Upplýsingafulltrúi	Sjáv.útvegs- og landb.r.	Reykjavík	201009/011
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201009/010
Verkstjóri þjónustunotenda	Örvi, Sv.skrifst.mál.fatl. á R.nesi.	Reykjanesbær	201009/009
Sjúkraliðar	LSH Öldrunarlækningadeild B	Reykjavík	201009/008
Félagsráðgjafi	LSH Félagsráðgjöf	Reykjavík	201009/007
Hjúkrunarfræðingur	LSH Móttökugeðdeild 33C	Reykjavík	201009/006
Starfsmaður óskast	Þjónustustöð Vegagerðarinnar	Ísafjörður	201009/005
Staða við meinafræðideild	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201009/004
Lífeindafræðingur	Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði	Ísafjörður	201009/003
Yfirproskapjálfi/deildarstjóri	Sv.skrifst.mál.fatl. lðjuberg	Reykjavík	201009/002
Stöður aðstoðarsaksóknara	Ríkislögreglustjóri	Reykjavík	201009/001

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar. ~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

Starfatorg.is

FYRIR

229

KRÓNUR

FÆRÐ ÞÚ:

6 MÍNÚTUR Í KEILU

EDA

FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!

VILDARÁSKRIFT AD STÖD 2 INNHELDUR: PÁPÁ PÓP PÓP PÓP PÓP PÓP AUK STIGVAXANDI AFLÁTTAR. 512 5100 | STÖD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Áhættustýring MP banka

Vegna aukinna umsvifa leitar MP banki eftir öflugum einstaklingi til starfa á sviði áhættustýringar. Um er að ræða alhliða starf innan áhættustýringar þar sem viðkomandi mun koma að öllum starfssviðum áhættustýringar og starfa með flestum sviðum bankans.

Starfssvið

- Greining og mat á áhættupáttum í starfsemi bankans
- Þátttaka í þróun aðferða og kerfa innan áhættustýringar
- Skýrslugjöf til stjórnenda og eftirlitsaðila

Hæfni og þekking

- Háskólapróf á framhaldsstigi í verkfræði, tölvunarfræði, viðskiptafræði eða öðru sambærilegu
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði
- Reynsla af vinnu við áhættustýringu
- Reynsla af greiningarvinnu og mjög góð greiningarhæfni
- Gott vald á úrvinnslu og framsetningu talna og gagna

Hjá MP banka metum við frumkvæði, sjálfstæði vinnubrögð og metnað til að ná árangri í starfi og gerum ávallt þá kröfu að starfsmenn okkar sýni fagleg og vönduð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar veitir Hildur Þórisdóttir, starfsmannastjóri MP banka, hildur@mp.is. Umsóknarfrestur er til og með 27. sept. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu MP banka, www.mp.is/starfsumsokn eða senda umsóknir á starf@mp.is.



PLATON LEITAR AÐ RÁÐGJAFÁ

Platon óskar eftir að ráða til sín sérfræðinga á sviði viðskiptagreiðna. Platon er stærsta óháða ráðgjafafyrirtækið á sviði upplýsingastýringar á Norðurlöndunum með yfir 230 starfsmenn á 9 skrifstofum. Helstu viðskiptavinir Platon eru af ýmsum toga svo sem stærstu fyrirtæki á Norðurlöndum og stór fyrirtæki á heimsvísu.

Platon leggur mikið upp úr að ráðgjafar sínir séu þeir allra bestu í faginu og t.a.m. hefur fyrirtækið fengið ýmis verðlaun og viðurkenningar á sínu sviði því til sönnunar. Hjá Platon ríkir skemmtilegur andi og mikil samvinna. Þekkingarmiðlun er einn af lykilþáttum í starfi Platon og er miklu til kostnað í þeim efnum.

Að þessu sinni leitar Platon á Íslandi að ráðgjöfum með þekkingu á Microsoft BI. Mikill kostur er viðkomandi getur tekið þátt í verkefnum erlendis.

Það sem við erum helst að leita eftir er:

- Aðili sem getur bæði unnið sjálfstætt og í hópi
- Að viðkomandi hafi tamið sér öguð og fagleg vinnubrögð
- Almenn þekking á viðskiptagreið
- Mjög góð þekking á viðskiptagreiðartólum frá Microsoft
- Þekking á SQL Server

Starfið innifelur m.a.

- Ráðgjöf varðandi stefnumótun á sviði viðskiptagreiðna
- Ráðgjöf á sviði högunar
- Þarfagreining, hönnun og innleiðing verkefna með MS BI tólum
- Þátttaka í þekkingarmiðlun
- Verkefnisstjórnun

Áhugasamir hafi samband við Sigurð Jónsson í síma 895-8605 eða í pósthfang sigurdur.jonsson@platon.is.

www.platon.is



Platon er Gull samstarfsaðili Microsoft á sviði BI og hefur m.a. verið valin „BI Partner of the year“ í Danmörku 2009 og í Noregi 2010. Sjá nánar www.platon.is

Upplýsingastýring ehf. er dótturfélag Platon á Íslandi

Óskað er eftir aðstoð á tannlæknastofu á Reykjavíkursvæðinu í 75% starf. Áhugasamir eru beðnir að senda umsókn á jaxlar@simnet.is



Verkstjóri þjónustunotenda óskast til starfa í Örva

Laust er starf verkstjóra þjónustunotenda hjá Örva – starfsþjálfun.

Um er að ræða fullt starf með vinnutíma frá kl. 08 - 16. Starf verkstjóra þjónustunotenda felst annars vegar í að styðja einstaklinga með skerta vinnugetu í starfsþjálfun og hins vegar í verkstjórn, daglegri umsjón með framleiðslu og samskiptum við viðskiptavinir Örva. Starfsemi Örva er liður í þjónustu við fólk með fötlun sem búsett er á Reykjanesi. Sjá allar upplýsingar á vef svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi <http://www.smfr.is/>

Hæfniskröfur

- Áhugi á málefnum fatlaðra.
- Þjónustulund og jákvæðni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framtakssemi og samvirkusemi.
- Áhugi og/eða þekking á vélum og tækni æskileg.

Í boði er

- Spennandi og lærdómsríkt starf
- Stuðningur í starfi.
- Mjög fjölbreytt verkefni.

Nánari upplýsingar um starfsemi Örva er hægt að nálgast <http://orvi.hlutverk.is/>

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningum SFR. Nánari upplýsingar um starfið veitir forstöðumaður Örva og starfsráðgjafar í síma 554 3277. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um sbr. jafnréttisáætlun SMFR.

Umsóknarfrestur er til 2. október nk.

Nýr verkstjóri þarf að geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknum um starfið ásamt upplýsingum um fyrri störf og menntun skal skila til Örva, Kársnesbraut 110, 200 Kópavogur. Umsóknir má einnig senda með tölvupósti á orvi@smfr.is

Krefjandi starf í spennandi starfsumhverfi

Isavia ohf. óskar að ráða tímabundið til 30. september 2011 bifvélavirkja/vélvirkja vanan viðgerðum og viðhaldi bifreiða, véla og tækja til starfa á Akureyrarflugvelli.

Starfssvið

Starfið felst meðal annars í viðgerðum, viðhaldi og eftirliti á bílum, vélum og tækjum á verkstæði flugvallarins. Starfsmaður mun einnig vinna við snjóruðning, hálkuvarnir, viðbúnaðar- og neyðarþjónustu og sinna afleysingu húsvardar.

Menntun og/eða reynsla

Menntun og reynsla í bifvélavirkjun. Umsækjandi þarf haldgóða reynslu í viðgerðum bíla, véla og stærri tækja. Meirapróf er skilyrði. Réttindi á þungavinnuvélar er æskilegt.

Við leitum að starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfileika, hefur frumkvæði í starfi, lipra og þægilega framkomu og getu til að vinna undir álagi.

Starfið er laust nú þegar eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknir

Upplýsingar um starfið veitir Sigurður Hermannsson umdæmisstjóri í síma 422 4000.

Umsóknarfrestur er til 30. september og umsóknum skulu fylgja afrit af skírteinum og öðru því er máli skiptir.

Umsóknareyðublöð má finna á heimsíðu Isavia ohf. www.isavia.is

Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna

Hjá Isavia ohf. starfa um 550 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugleiðsögðþjónustu fyrir innanlands og millilandaflug auk yfirflugþjónustu yfir Norður-Atlantshafið. Isavia ohf. leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.



Forritari

Háskóli Íslands óskar eftir að ráða forritara fyrir „UGLU“, innri vef Háskólans. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem sjálfstæði og skipulagshæfileikar fá að njóta sín.

Leitað er að áhugasömum einstaklingi með reynslu af forritun í PHP eða sambærilegu máli. Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun er kostur. Hæfileikar í mannlegum samskiptum, hópstarfi og sjálfstæði í vinnubrögðum eru nauðsynlegir eiginleikar. Góð íslensku- og enskukunnátta er kostur.

Umsóknarfrestur er til 4. október nk.

Sjá nánar: www.starfatorg.is og www.hi.is/islaskolinn/laus_storf

Nánari upplýsingar veitir Ragnar Stefán Ragnarsson, deildarstjóri hugbúnaðarþróunar, í síma 525 4221 eða með tölvupósti, ragnarst@hi.is.

Max1 er 10 ára

Vanur dekkjamaður óskast til starfa hjá Max1

Dekkjamaður

Max1 hraðþjónustuverkstæði sérhæfir sig í:

Hjólbarða-, bremsu-, smur-, rafgeyma-, dempara- og þrífjónustu

Hæfniskröfur:

- ▶ Reynsla af vinnu á dekkjaverkstæði
- ▶ Grunnþölvukunnátta
- ▶ Góð íslenskukunnátta
- ▶ Gilt bílpróf

Vinnutími

- ▶ Frá kl. 8:00 til 17:00, mánudaga til föstudaga
- ▶ Helgarvinna eftir þörfum


Umsóknarfrestur til
24. september 2010

Sæktu um starfið á www.max1.is

Reykjavík: Bildshöfði 5a og 8, Jafnasel 6,
Knarrarvogur 2, sími 515 7190.
Hafnarfjörður: Dalsbraun 5, sími 515 7190.
Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.

MAX1
BÍLAVAKTIN

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is



Sjúkraliðar

Laus eru til umsóknar störf sjúkraliða á öldrunarlækningadeild K-2 Landakoti. Á deildinni fer fram meðferð og endurhæfing sjúklunga, m.a. með taugasjúkdóma og stoðkerfissjúkdóma. Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Almenn og sérhæfð umönnun
- » Þátttaka í endurhæfingu sjúklunga
- » Þátttaka í teymisvinnu

Hæfniskröfur

- » Íslenskt starfsleyfi
- » Jákvætt viðhorf og samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 06.10.2010. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is.
- » Upplýsingar veitir Gerður Baldursdóttir, deildarstjóri, sími 543 9868, netfang gerdurba@landspitali.is
- » Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Gerðar Baldursdóttur, deildarstjóra, K-2 Landakoti.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is. Einnig má nálgast umsóknareyðublað í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, á mannaússviði, Eiríksgötu 5 og á heimasíðu Landspítala. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS



SÉRFRÆÐINGUR Í MARKAÐS- OG VEFMÁLUM

Við leitum að kraftmiklum og áhugasömum sérfræðingi til starfa við markaðs- og vefmál á sölu- og markaðssviði.

STARFSSVIÐ:

- Umsjón með markaðsmálum á netinu
- Kaup á herferðum á leitarvélum (PPC)
- Herferðir með vefborðum
- Leitarvélabestun
- Fréttadreifing á netinu
- Mælingar og miðlun upplýsinga um auglýsingaherferðir og vefi Icelandair
- Samskipti við erlend sölusvæði Icelandair

Icelandair leitar að öflugum liðsmanni sem hefur áhuga á krefjandi og spennandi starfi í alþjóðlegu umhverfi. Icelandair er í forystu á alþjóðamarkaði í ferðaþjónustu. Við erum í öflugri sókn og sækjumst eftir einstaklingum til að taka þátt í uppbyggingu okkar á komandi árum.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 26. september.

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun í tölvunar- og/eða markaðsfræðum
- Góð tæknileg þekking á vefmálum
- Góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg

Hér er um að ræða spennandi og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á að ná góðum árangri í starfi, framúrskarandi hæfni í samskiptum og hópvinna er nauðsynleg. Starfið krefst ferðalaga erlendis á vegum fyrirtækisins.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR:
Kristín Björnsdóttir, sími 50 50 155,
stina@icelandair.is

Ert þú Jákvæð keppnismanneskja?

Söludeild Já leitar að frábærum vinnufélögum til að bætast í hóp af hressum einstaklingum sem eru einmitt jákvæðar keppnismanneskjur líka.

Starf eitt

Starfið sem um ræðir er viðskiptastjórnun stærri fyrirtækja og sala auglýsinga og skráninga í miðla Já.

Starfið felst í að selja auglýsingar, tilboðsgerð, gerð samninga og eftirfylgni við núverandi viðskiptavinum ásamt að selja nýjum. Miðla upplýsingum um árangur til auglýsenda, ráðleggja tilvonandi auglýsendum með tilætlaðan árangur í huga.

Mjög gott ef viðkomandi hefur reynslu í sölu og þá við stærri fyrirtæki. Þarf að vinna töluvert sjálfstætt og hafa vönduð og skipulögð vinnubrögð. Þarf að hafa góða tölvukunnáttu og kunna skil á Word, Excel og Power point. Gott ef viðkomandi getur byrjað um mánaðamótin okt/nóv. Starfið er til eins árs með möguleika á framhaldi.

Starf tvö

Sala auglýsinga í prentuðu Símaskrána; tímabundið starf í 5 mánuði.

Starfið felst í að selja auglýsingar, tilboðsgerð, gerð samninga og eftirfylgni við núverandi viðskiptavinum ásamt að selja nýjum. Miðla upplýsingum um árangur til auglýsenda, ráðleggja tilvonandi auglýsendum með tilætlaðan árangur í huga.

Mjög gott ef viðkomandi hefur reynslu í sölu og þá við stærri fyrirtæki. Þarf að vinna töluvert sjálfstætt og hafa vönduð og skipulögð vinnubrögð. Þarf að hafa góða tölvukunnáttu og kunna skil á Word, Excel og Power point. Gott ef viðkomandi getur byrjað sem fyrst.

Ef þú telur þig vera þann eða þá sem hentar í starfið sendu þá umsókn með mynd á netfangið: ragnam@skipti.is. Meiri upplýsingar um starfið veitir: Dagný Steinunn Laxdal, sölustjóri, netfang: dagny@ja.is, vinnusími: 522 3271

Umsóknarfrestur er til 22. september 2010.

Já - er svarið



118

ja.is

Símaskráin



Þjónustufulltrúi

Starfið felst í því að veita upplýsingar og ráðgjöf um þjónustu og vörur Vodafone, auk þess að fylgja málum viðskiptavina eftir til enda. Í síma 1414 svara vel þjálfaðir starfsmenn þjónustuværs sem staðsett er í Skútuvoði í Reykjavík.

Hæfniskröfur:

- Metnaður og samvirkusemi
- Reynsla af þjónustustörfum
- Rík þjónustulund
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun er æskileg

Umsóknir óskast sendar um vodafone.is fyrir 26. september næstkomandi. Nánari upplýsingar veitir Sonja M. Scott starfsmannastjóri, sonjas@vodafone.is.

Við bjóðum gott fólk velkomid í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!

power to you



Bakari óskast

Sauðárkróksbakari óskar eftir bakara í fullt starf. Okkur vantar að fá góðan bakara eða nema. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa áhuga og metnað.

Upplýsingar veitir Róbert Óttarsson í síma 6960700 eða með tölvupósti saudarkroksbakari@gmail.com



CU2 auglýsir eftir birgðarstjóra

Við erum að leita að áhugasömum einstaklingi sem hefur drifkraft og frumkvæði, er ábyrgur og skipulagður og hefur ríka þjónustulund og samskiptahæfileika.

Í starfinu felst meðal annars

- Almenn lagerstörf
- Tiltekt pantana
- Vörudreifing
- Samskipti við viðskiptavini

Hæfniskröfur

- Reynsla af birgðarstörfum
- Almenn tölvukunnátta
- Góð skipulagshæfni
- Afburðarsamskiptahæfni
- Þjónustulund og vilji til að leysa úr vandamálum

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda umsóknir á netfangið magga@cu2.is fyrir 30. September 2010.

VERSLUNARSTJÓRI

Samkaup Strax Búðardal leitar að öflugum verslunarstjóra.

STARFSSVIÐ:

- ber ábyrgð á rekstri verslunarinnar
- annast samskipti við viðskiptavini
- hefur umsjón með ráðningum starfsmanna og almennri starfsmannastjórnun í verslun
- ber ábyrgð á birgðahaldi í verslun
- önnur tilfallandi störf

Umsóknir ásamt starfsferilskrá sendist á umsokn@samkaup.is.

Allar nánari upplýsingar veitir Falur J. Harðarson, starfsmannastjóri í síma 421 5400.

Umsóknarfrestur er til og með 26. september nk. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

HÆFNISKRÖFUR

Umsækjendur skulu hafa marktæka reynslu af stjórnun og starfsmannahaldi hjá verslunar- og þjónustufyrirtækjum. Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árverkni í hvívetna.

Húsnæði í boði á staðnum.

Samkaup strax



EKRON
ATVINNUTENGD ENDURHÆFING

Áfengis- og vímuefnaráðgjafi Óskað er eftir áfengis- og vímuefnaráðgjafa í fullt starf.

Hæfniskröfur

Viðleitum að starfsmanni með:

- Reynslu á sviði áfengis- og vímuefnaráðgjafar
- Frumkvæði og metnað í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Viðkomandi þarf að vera reiðubúin/inn til að taka þátt í teymisvinnu og þróunarstarfi. Í boði er áhugavert og spennandi starf í góðu vinnuumhverfi. EKRON er einstaklingsmiðuð endurhæfing fyrir óvirka áfengis- og vímuefnaneytendur. Umsóknir skulu berast fyrir 27 september n.k. á netfangið svennik@ekron.is. eða á EKRON, Grenásvegi 16a, 108 Reykjavík.

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Vefdeild 365 miðla leitar að liðsstyrk

Vefdeild 365 ber ábyrgð á þróun og rekstri nokkurra af vinsælustu vefsvæðum landsins.


Við erum lítill en öflugur hópur með brennandi áhuga á vefmálum og lausnum þeim tengdum. Meðal verkefna eru þróun á visir.is og stoð2.is auk annarra vefja sem tengjast fyrirtækinu á einn eða annan hátt, vinna við innri kerfi fyrirtækisins sem eru áskriftar- og upplýsingakerfi, upptökakerfi, streaming-kerfi til beinna útsendinga á Netinu o.fl.

Umsækjendur þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Háskólamenntun í tölvunarfræði/verkfræði.
- Minnst þriggja ára reynsla af forritun og gerð vefhugbúnaðar.
- Reynsla af HTML, XML, XSLT, CSS og Javascript til að gerðar notendaviðmóts í veflægu umhverfi.
- Reynsla af .Net og C#, Java, Python og Django, Ruby on Rails eða öðru forritunarumhverfi.
- Reynslu af notkun SQL-gagnagrunna.

Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum vef 365 miðla - www.365midlar.is. Umsóknarfrestur er 26. september.

Frekari upplýsingar veitir Kjartan Sverrisson deildarstjóri vefmiðlunar kjartans@365.is.



365



Rennismiður óskast til starfa. Hamar ehf Vélaverkstæði.

Hamar ehf, er framsækið málmíðnaðaryrirtæki, með aðsetur í Kópavogi, Grundartanga, Akureyri, Eskifirði og Þórshöfn. Við erum með vel útbúin vélaverkstæði með góðri vinnuástöðu. Eitt af Okkar fremstu markmiðum eru að hafa góðan anda á vinnustaðnum, skila góðu verki og þjónustu.

Við leitum eftir rennismið á renniverkstæði okkar í Kópavogi þar sem vinnsla fyrir önnur verkstæði fer fram. Verkstæðið er vel tækjum búð með CNC vélum, verkefni eru mjög fjölbreytt og krefjandi. Samkeppnishæf laun í boði.

Menntun og Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rennismiði eða sambærileg menntun.
- Heiðarleiki og metnaður til að skila góðu verki.
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt hugarfar.
- Frumkvæði, dugnaður og áhugi á að takast á við fjölbreytt starf og krefjandi verkefni.
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Frekari upplýsingar veitir Sigurður K. Lárusson Siggil@hamar.is 6603613 eða Kári Pálsson kari@hamar.is 6603600

Net-sérfræðingur

Svar tækni leitar að hæfileikaríkum tæknimanni á sviði IP símkerfa og IP öryggismyndavéla.

Starfið felur m.a. í sér:

- Uppsetningar á netkerfum hjá viðskiptavinum
- Uppsetningar á IP sím- og myndavélakerfum hjá viðskiptavinum
- Þjónusta við núverandi viðskiptavinum

Menntun og hæfniskröfur

- Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga og þekkingu á Microsoft Windows netumhverfi.
- Áhugi og þekking á IP sím- og myndavélakerfum er kostur.
- Viðurkenndar gráður í faginu frá Microsoft, Cisco eða sambærilegum aðilum er kostur.
- Rík þjónustulund og metnaður eru lykilatriði en miklir möguleikar eru á að vaxa innan fyrirtækisins.

Svar tækni selur og þjónustar símkerfi og öryggismyndavélakerfi.

Umsóknarfrestur er til 27. september 2010.
Umsóknum skal skila á umsokn@svar.is eða í pósti á:
Svar tækni ehf., Síðumúli 35, 108 Reykjavík.



Hilton Barþjónn

Hilton Reykjavík Nordica óskar eftir barþjóni í fullt starf.
Unnið er á 12 tíma vöktum 2-2-3.

Aðeins áhugafólk um mat og vín koma til greina.
Meðmæli sakarvottorð og góð íslenskunnátta skilyrði.
Starfið er laust strax.

Upplýsingar um starfið veitir Páll Hjálmarsson veitingarstjóri.
pallh@icehotels.is

Proskapjálfar óskast til starfa.

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi óskar eftir proskapjálfum til starfa á heimilum fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða störf í vaktavinnu í mismunandi starfshlutföllum.

Ábyrgðarsvið:

- Þjónusta við fatlað fólk
- Gerð og framkvæmd þjónustuáætla

Menntun og hæfniskröfur:

- Proskapjálfa menntun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framtakssemi og samviskusemi

Í boði er:

- Fjölbreytt og lærdómsríkt starf
- Öruggt starfsumhverfi
- Stuðningur í starfi

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og ÞÍ. Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 525 0900 eða á heimasíðunni www.smfr.is Karlmennt jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um, sbr. jafnréttisáætlun SMFR. Reyklaus vinnustaður. Umsóknir gilda í sex mánuði. Viðkomandi þyrftu að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 3. október 2010.

Svæðisskrifstofa Reykjaness, sem starfrækt er á stórhöfuðborgarsvæðinu, er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.



Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15,
Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

Jákvæð og sveigjanleg heimaþjónusta



Sjúkraliði

Sinum heimaþjónusta óskar eftir að ráða sjúkraliða vanan heimaþjónustu til starfa í Vesturbæ Reykjavíkur og á miðbæjarsvæðinu.

Félagliði

Einnig óskum við eftir félagliðum eða reyndu ófaglærðu starfsfólki með reynslu af umönnun og aðhlyningu.

Starfið fer að miklu leyti fram á daginn en þó einnig stundum á kvöldin og um helgar. Starfsmenn þurfa að hafa bíl til umráða.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið eru á

vefsíðunni www.sinum.is eða í síma 770 2221.

Í gegnum síðuna er tekið á móti fyrirspurnum og starfsumsóknunum á sérstöku eyðublaði sem þar er.



KYNNINGAR- OG FRÆÐSLUFULLTRÚI ERTU OPIN/N, JÁKVÆÐ/UR, ÓFEIMIN/N OG HEFUR GAMAN AF MANNLEGUM SAMSKIPTUM?

Við leitum að kynningar- og fræðslufulltrúa til að sjá um sölu og ráðgjöf til neytenda í verslunum. Kynningar- og fræðslufulltrúi þarf að geta tileinkað sér fróðleik um vörurnar og miðlað þeirri þekkingu áfram. Starfið er 50% og tímabundið til að byrja með. Vinnutími er breytilegur og innifelur helgarvinnu. Enskukunnátta er nauðsynleg og reynsla af kynningum í verslunum er kostur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Íslensk Ameríska (ÍSAM) er eitt stærsta og öflugasta markaðs- og framleiðslufyrirtæki landsins á neytendamarkaði. ÍSAM á og rekur vörumerkin Mylluna, Ora, Frón og Kexsmíðjuna, auk þess sem fyrirtækið hefur umboð fyrir heimsþekkt vörumerki eins og Marlboro, Pampers, Ariel, Always, Gillette, Duracell, Head & Shoulders, Pringles, BKI, Campbells, Finn crisp, Oscar, Puratos, AVO, Jadico, Belcolade, Ping ofl. Hjá Íslensk Ameríska starfa nú um 350 manns. Stefna ÍSAM er að ráða fólk með rétta blöndu af hæfni, menntun, persónuleika og metnaði til að ná árangri.

Upplýsingar um starfið veitir Helga B. Helgadóttir starfsmannastjóri í síma 522 2700. Umsóknir skulu sendar á tölvupóstfangið helga@isam.is eða bréfléiðis til Íslensk Ameríska, Tunguhálsi 11, 110 Reykjavík merkt starfsmannastjóra í síðasta lagi 26. september 2010.

Ánægt starfsfólk er okkar metnaður

Íslensk Ameríska hf. • Tunguhálsi 11 110 Reykjavík
sími: 522 2700 • www.isam.is

ERT ÞÚ Á SKRÁ?

Skráning á www.vinna.is er umsækjendum að kostnaðarlausu!



Waldorfkennarar óskast

Waldorfskólinn Sólstafir óskar að ráða kennara í hlutastöður á mið- og efra stigi.
Kennslugreinar: stærðfræði, danska og handverk.

Waldorfleikskólinn Sólstafir óskar einnig að ráða leikskólakennara eða annað uppeldismenntað starfsfólk.

Waldorfskólinn er sjálfstæður grunnskóli sem hefur að leiðarljósi uppeldis og kennslufræði Rudolfs Steiner þar sem sköpunarkraftur einstaklingsins og heilbriggt félagslegt umhverfi eru sett í forgrunn.

Nánari upplýsingar veittar í síma : 6998804 milli kl. 11 og 12 eða hjá solskoli@ismennt.is.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

KJARNA - ÞVERHOLT 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• Sími: 586 8080
• Fax: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

Fasteignasala Mosfellsbæjar auglýsir eftir löggiltum fasteignasala til starfa sem fyrst.

Við erum litil fasteignasala með stórt hjarta í miðbæ Mosfellsbæjar. Við bjóðum upp á góð vinnuáðstöðu með skemmtilegu fólk.

Erum að leita að heiðarlegri og ábyrgri manneskju sem hefur reynslu af skjalagerð við fasteignasölu.

Starfið felst helst í allri skjalagerð og frágangi samning. Um er ræða ca. 50-80% starfshlutfall.

Umsóknir og fyrirspurnir má senda á tölvupósti til Einars Páls Kjærnestad á enar@fastmos.is

Múlaradíó ehf óskar eftir rafeindavirkja til starfa.

Múlaradíó ehf er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á TETRA, fjarskiptabúnaði ýmiskonar ásamt flotastýringar kerfum.

Okkur vantar metnaðarfullan rafeindavirkja til starfa sem fyrst til að sinna viðhaldi, forritun og umsýslu með þeim tækjabúnaði sem við seljum og þjónustum.

Umsóknir:

Umsóknir sendist í tölvupósti í netfangið kalli@mularadio.is



Viltu vinna á hressum og líflegum stað með konum?

Við leitum að duglegu, skapgóðu og þjónustulundduðu fólk í afgangi og barnagæslu:

Um vaktavinnu er að ræða
– bæði fullt starf og hlutastarf

þarf að geta hafið störf sem fyrst

Umsóknir sendist á netfangið anna@jsb.is

Nánari upplýsingar í síma 581 3730



Icelandic
Meteorological Office

**Veðurstofa
Íslands**

Í janúar 2009 var stofnuð ný Veðurstofa Íslands með sameiningu eldri Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga. Þar starfa rúmlega 250 manns víðsvegar um landið. Auk þess að taka yfir verkefni eldri stofnana hefur Veðurstofa Íslands umfangsmeyra hlutverk í vöktun og rannsóknum en forverar hennar, m.a. tengdum náttúruvá, loftslags- og vatnafarsrannsóknum.

Starfsmaður í eftirliti og upplýsingagjöf

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða starfsmann við eftirlit og upplýsingagjöf í vaktavinnu á Eftirlits- og spásviði.

Hlutverk starfsmanns er m.a. að gera veðurathugasir og sinna almennri vöktun á veðri ásamt því að annast fjarskipti til og frá Veðurstofunni. Hann sinnir einnig eftirliti með tölvu- og fjarskiptakerfum. Auk þess miðlar hann almennum upplýsingum til þjónustuþega.

Á Eftirlits- og spásviði starfa um 35 manns, þar af sinna 25 vöktun á veðri.

Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærilegt nám s.s í upplýsingatækni
- Mjög góð tölvufærni
- Hæfni til að miðla upplýsingum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu talna og gagna
- Geta til að vinna undir álagi
- Gott vald á íslensku og ensku

Um er að ræða fullt starf og fara launin eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita:

Theodór Freyr Hervarsson
frumkvæmdastjóri
Eftirlits- og spásviðs
teddi@vedur.is

Borgar Ævar Axelsson
mannauðsstjóri
Veðurstofu Íslands
borgar@vedur.is

Umsóknarfrestur er til og með 2. október 2010

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu berast Borgari Ævari Axelssyni, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið borgar@vedur.is, merkt „Eftirlit og upplýsingagjöf“.

www.vedur.is

522 60 00



Turninum Höfðatorgi 2

Beauty Bar óskar eftir þjónustulundduðu og Hæfileikaríku fólk í eftirfarandi störf...

Hársnyrtisveinum / meisturum í stólaleigu eða prósentu-
tengda vinnu

Snyrtifræðingur óskast í 50 – 100% starf á **Comfort Zone**
Snyrtistofu **Beauty Bars**

Vinsamlegast sendið ferilsskrá með mynd á Beauty Bar, í turninum,
Höfðatorgi 2, eða á netfangið beautybar@beautybar.is



SELTJARNARNES

Fræðslufulltrúi

Seltjarnarnesbær óskar eftir að ráða drifandi og metnaðarfullan einstakling í starf fræðslufulltrúa.

Fræðslufulltrúi er yfirmaður fræðslumála í sveitarfélaginu. Hann hefur umsjón með þróunar- og stefnumótunarvinnu, sér um samræmingu milli skóla á sama skólastigi og á milli skólastiga þannig að skólastigin myndi samræmda heild. Fræðslufulltrúi er í forsvari fyrir skólamála sveitarfélagsins og sér um samskipti við stofnanir bæði innan sveitarfélagsins og utan, sem og aðra opinbera aðila. Í samstarfi við skólanefnd og skólastjóra annast fræðslufulltrúinn úthlutun kennslumagns til hvers skóla sem tekur mið af samþykktri fjárhagsáætlun hverju sinni og hefur eftirlit með að framkvæmd náms í skólum sveitarfélagsins sé í samræmi við stefnu þess hverju sinni. Fræðslufulltrúi útbýr verk- og framkvæmdaáætlanir í samræmi við samþykktu stefnumótun sem hafðar eru til grundvallar við undirbúning og gerð fjárhagsáætlunar og þriggja ára áætlunar. Sinnir virku kostnaðareftirliti ásamtfjármálastjóra. Hefur umsjón með framkvæmd stefnumörkunar í þeim málum er heyra undir hans málaflokka og eftirlit með framkvæmd samninga, laga og reglugerða um fræðslumál. Fræðslufulltrúi hefur umsjón með leyfisveitingum vegna daggæslu í heimahúsum og eftirlit með biðlistum vegna barna sem biða eftir daggæslu sem og umsjón með gæsluvöllum sveitarfélagsins. Sinna forvarnarstarfi í samvinnu við aðrar stofnanir bæjarins. Yfirumsjón með og ábyrgð á vinnu fyrir nefndir er heyra undir fræðsluþjónustu. Fræðslufulltrúi annast jafnframt önnur verkefni sem honum kunna að vera falin. Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði rekstrar eða skólamála
- Þekking og reynsla af áætlunargerð, úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga
- Reynsla af gerð og framkvæmd rekstrar- og fjárhagsáætlana
- Góð tungumálakunnátta (íslenska og enska) og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Þekking á starfsemi sveitarfélaga og opinberri stjórn sýslu ásamt þekkingu á lögum og reglum um fræðslumál sveitarfélaga er æskileg
- Reynsla og þekking á sviði skólamála
- Reynsla af stefnumótun og samþættingarstarfi sem og af verkefnastjórnun
- Reynsla og þekking á málefnum sveitarfélaga
- Hæfni til að miðla flóknum upplýsingum á einfaldan hátt í töluðu og rituðu máli
- Þekking og reynsla af starfsmannastjórnun
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Lögð er áhersla á frumkvæði, skipulagshæfileika, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum

Fræðslufulltrúi er hluti af stjórnendateymi Seltjarnarnesbæjar sem m.a. ber ábyrgð á innleiðingu breytinga sem standa yfir og framundan eru. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst.

Um launakjör fer eftir ákvörðun fjárhags- og launaneftar um stjórnendakjör Seltjarnarnesbæjar.

Upplýsingar um starfið veitir Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, í síma 5959 100, netfang asgerdur@seltjarnarnes.is Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið. Umsóknir skulu hafa borist bæjarskrifstofum Seltjarnarnesbæjar, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi eigi síðar en **föstudaginn 29. september 2010**. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Auglýsingasími

512 54 01



Allt sem þú þarft...

www.vinna.is

Yfirburðir Fréttablaðsins algjörir!


Fréttablaðið er með **201%** meiri lestur en Morgunblaðið.

74,9%

Nýjasta könnun Capacent Gallup staðfestir hinn gríðarlega mun sem er á lestri Fréttablaðsins og Morgunblaðsins.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

24,9%



MORGUNBLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í maí til júlí 2010.

Allt sem þú þarft...





Fríkirkjan í Reykjavík býður upp á 12 spora starf í vetur.

Tækifæri til að taka til í vistaverum hugans og uppskera aukin lífsgæði bæði félagslega og tilfinningalega.

Kynningarfundur verður haldinn í kirkjunni 21. september nk. kl. 20:00 - 22:00. Fundirnir verða á þriðjudagskvöldum í vetur. Nánari uppl. www.viniribata.is og www.frikirkjan.is

www.frikirkjan.is

GOTT VERSLUNARHÚSNÆÐI TIL LEIGU

Gott verslunarhúsnæði til leigu að Laugavegi 44. Ca. 80 m². Stórir sýningargluggar. Bjart og fallegt húsnæði. Áhugasamir vinsamlegast sendi póst á box@frett.is merkt „Verslunarhúsnæði -1811“

Fiskiskip til sölu

Til sölu er fjölveiðiskipið Steinunn Finnbogadóttir BA-325, skr-245.

Upplýsingar veitir Níels A. Arsæsson í síma: 847 3850 og netfang: nilli.skogar@simnet.is



NÝTT ATVINNUHÚSNÆÐI TIL SÖLU EÐA LEIGU

Á GÓÐUM STAÐ Í PORLÁKSHÖFN LAUST TIL AFHENDINGAR FLJÓTLEGA!

Húsið er stálgrindarhús, klætt að innan og utan með bærustálklæðningu og er því viðhaldslítið. 4 bil er í eigninni – um 110m² hvert. 35m² milliloft er í tveimur bilanna. Mjög hátt er til lofts og eru mjög stórar akstursdyr á bilinu. Sér rafmagns- og hitamælar eru í hverju bili. Flott atvinnuhúsnæði sem hentað getur til margra nota. Verð á bilunum er 14 – 14,5m. Bilin leigjast á 88 – 102þúsund á mánuði.

FASTEIGNASALA SUÐURLANDS

Unubakka 3b 815 Porlákshöfn

Símar 483 3424 • 848 5041 • 663 7199

www.eignin.is

HÖNNUÐIR OG ARKITEKTAR:

Skoðunarferð vegna samkeppni um hönnun húsgagna í almenningrými tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu



HARPA
TÓNLISTAR- OG
RÁÐSTEFNUHÚSIÐ
Í REYKJAVÍK

Boðið er upp á skoðunarferð fyrir þátttakendur mánudaginn 20. september kl. 13. Þeir sem vilja nýta sér tækifærið skrái sig hjá Hauki Má Haukssyni á netfangið haukur@pipar.is fyrir kl. 10 á mánudagsmorgun.

Efnt er til samkeppninnar í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands. Samkeppnin er opin hönnuðum og arkitektum. Kynningarfundur hefur farið fram, en hægt er að nálgast gögn vegna samkeppninnar á vef Hörpu www.harpa.is og vef Hönnunarmiðstöðvar Íslands www.honnunarmidstod.is



Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

ÍSLENSKA SÍMALA FÖR 51571 09 2010



Mango bar/grill á Spáni til sölu

Til sölu rekstur á Mango bar/grill á Cabo Roig ströndu rétt við Torrevieja á Spáni. Staðurinn liggur í alfararleið 5 mín frá strönd og áberandi staðsetning.

- Öll leyfi til staðar
- Einfaldur og vinsæll matseðill
- Húsnæði á 2. hæðum en samtals grunnflötur um 200 fm
- Um 70 fm suðurverönd fyrir framan staðinn
- 10 fm veitingaskúr fyrir "take away" á lóðinni.
- 3ja svefnherb. íbúð baka til fylgir rekstrinum.

Staðurinn er vinsæll bæði á meðal Íslendinga og útlendinga á svæðinu vegna lifandi tónlistar á kvöldin og góðan matseðil. Mjög áhugaverður kostur fyrir duglega einstaklinga eða samhenta fjölskyldu sem vill breyta til í lífinu og fara í eigin rekstur á Spáni. Verð aðeins 65.000 evrur og öll skipti skoðuð upp í hluta kaupverðs. Frekari upplýsingar veittar í gegnum Costablanca.is á Spáni eða info@costablanca.is

Costablanca.is

- Leqqur Spán að fótum þér -

Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

Markviss leit

Sérskrifadur hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

Sanngjarnt verð

Þjódum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhlíða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



TRAUST FASTEIGNASALA
Sími: 464 9955

EINBÝLISHÚS Á FRÁBÆRUM STAÐ Á AKUREYRI



Norðurbyggð 14

Til sölu mjög gott fjögurra herbergja einbýlishús á einni hæð, ásamt bílskúr. Frábær staðsetning. Stutt í sundlaug, miðbæ, grunn- og framhaldsskóla o.fl.

Eignin er samtals 161,4 fm. að stærð og er í mjög góðu ásigkomulagi. Ath. möguleg skipti á eign á höfuðborgarsvæðinu.

Allar frekar upplýsingar og myndir má finna á heimasíðu fasteignasölnnar.

Hamravík 38
112 Reykjavík
Mjög falleg 3ja herb íbúð á 3. hæð

Stærð: 94,9 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2003
Brunabótamat: 21.450.000

RE/MAX Senter

Opíó Hús

Vernharð Þorleifsson
Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
kol@remax.is

Sunnudaginn 18.30-19.00 Verð: 22.900.000

Glæsileg 3ja herbergja íbúð á efstu hæð (þríju) í nýlegu fjölbýli í Grafarvoginum. Íbúðin telur tvö mjög rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi með sturtubaðkari og góðri innréttingu, þvottahús, fallegt eldhús með góðri innréttingu og rúmgóða stofu með útgengi á rúmlega 16 fm svalir. Í sameign er sér geymsla ásamt sameiginlegri hjóla- og vagnageymslu. Sameignin er mjög snyrtileg og falleg. Kíkio við milli 18.30 og 19.00. Venni tekur á móti ykkur.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Kirkjuteigur 18
105 Reykjavík
4ra herbergja á frábærum stað

Stærð: 78,8 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1949
Brunabótamat: 14.650.000

RE/MAX Senter

Opíó Hús

Vernharð Þorleifsson
Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
kol@remax.is

Sunnud 17.30-18.00 Verð: 18.900.000

Björt og góð 4ra herbergja íbúð á þessum frábæra stað í Teigunum. Íbúðin skiptist í 3 svefnherbergi, stofu, baðherbergi, eldhús og sameiginlegt þvottahús sem er eingöngu nýtt af íbúðum kjallarans í dag og þurrkerbergi. Búð er að setja dren, skólp var myndað fyrir nokkrum árum, þaki var lyft og endurnýjað fyrir nokkrum árum ásamt gluggum í íbúðinni. Þakrennur og þakantur var lagað í ár ásamt stétt fyrir utan. Ný rafmagnstafla er í eigninni. Allir núverandi húseignendur eru með heimilisdyr.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Leifsgata 8
101 Reykjavík
Falleg og björt 3ja herb

Stærð: 93,9 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1934
Brunabótamat: 15.720.000

RE/MAX Senter

Opíó Hús

Vernharð Þorleifsson
Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
kol@remax.is

Sunnud. kl 16.30-17.00 Verð: 24.900.000

Ca 22,3 mill á 4,15% frá Arion áhvilandi. Falleg og björt þriggja herbergja íbúð á 3ju hæð á þessum frábæra stað. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, stofu, borðstofu, baðherbergi og eldhús. Íbúðinni fylgir 3,9 fm geymsla í risinu ásamt sér bílastæði fyrir utan. Þetta er sérlega vel staðsett eign í gógnufæri við miðbæinn. Kíkio við á sunnudaginn. Venni tekur á móti ykkur.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Lækjargata 32
220 Hafnarfjörður
Fæst gegn yfirt lána og sölukostn.

Stærð: 152,4 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2005
Brunabótamat: 32.890.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter

Opíó Hús

Vernharð Þorleifsson
Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
kol@remax.is

Sunnudaginn 19.9. frá kl 15.30-16.00 Verð: 29.500.000

Sérlega falleg 117,7 fm 4ra herb íbúð á 2. hæð í nýlegri lyftublokk ásamt góðum 27,7 fm bílskúr og 7 fm geymslu. Herbergin eru öll í góðri stærð, eldhúsið er með góðri innréttingu og eyja aðskilur stofuna sem er með útgengi á 11 fm svalir. Þvottahús er innaf forstofu og á baðherberginu er sturtuklefi og baðkar. Íbúðin er í mjög góðu ástandi sem og húsið sjálf. Úr stofu er útsýni yfir Lækinn. Kíkio við á sunnudaginn. Venni tekur á móti ykkur.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Fagrákinn 17
220 Hafnarfjörður
NÁNAST HREIN YFIRTAKA

Stærð: 88,7 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1954
Brunabótamat: 14.900.000

RE/MAX Lind

Opíó Hús

Árni Þór Jónsson
Sölufulltrúi
773 6262
arni@remax.is

Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
6617788
benolafs@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

Opíó hús sun. frá kl 18.00 til 18.30 Verð: 17.400.000

Góð 3ja herb. íbúð á miðhæð. Sameiginlegur inngangur með risibúð. Sameign með flisum á gólf. Gangur/hol með fatahengi. Eldhús með ljósi innréttingu og flisum á gólf. Björt stofa með parkett. Baðherbergi með litilli innréttingu, baðkari, flisum á gólf. Tvö rúmgóð svefnherbergi með spónar parket og p.parketi. gengið út á svalir úr hjónaherbergi. Sér þvottahús/geymsla á jarðhæð gengið niður frá eldhúsi, einnig með sérinngangur frá hæðinni sem er 12,2 fm. Benni Ólafs 661-7788 og Árni Þór 773-6262

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Hverfisgata 47
220 Hafnarfjörður
Falleg mikið endurn. efri sérhæð

Stærð: 79,6 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1926
Brunabótamat: 14.100.000

RE/MAX Lind

Opíó Hús

Árni Þór Jónsson
Sölufulltrúi
773 6262
arni@remax.is

Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
6617788
benolafs@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

Opíó hús Sun. frá kl 17.00 til 17.30 Verð: 16.500.000

Efri hæð sérinngangur. Forstofa með flisum. Eldhús með snyrtilegri innréttingu, ágætis borðkrókur, innaf eldhúsi er búr. Gott þvottahús/geymsla, flisalag gólf, útgengt er úr þvottahúsi. Stofa og borðstofa með pl-parket á gólf. Baðherbergi með skáp, baðkar með sturtu, dúkur á gólf og veggjum. Hjónaherbergi með dúk á gólf og skápum Barnaherbergi, dúkur á gólf, skápur. Sér bílastæði. Árni 2008 var húsið mikið endurnýjað að utan, nýjar útdyrarhurðir. Benni Ólafs 661-7788 Árni Þór 773-6262

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Vatnsendahlíð 16 Skorradal
311 Borgarnes
Sumarhús á glæsilegum útsýnistað..

Stærð: 46,8 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1985
Brunabótamat: 10.800.000

RE/MAX Lind

Opíó Hús

Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
5107915
benolafs@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

Opíó hús sunnud. frá kl 15,00-16,00 Verð: 11.500.000

Komið er inn í forstofu, parket á gólf. Þrjú ágætis svefnherbergi með parket á gólf. Baðherbergið er með sturtu, parket á gólf. Ágætis eldhúskrókur, parket á gólf. Björt og góð stofa, parket á gólf. Útgengt frá stofu á stóra timburverönd. Bústaðurinn er allur panelklæddur að innan, hitaður upp með rafmagnsofnum. Virkilega skemmtilegt sumar hús á frábærum útsýnistað yfir Skorradalinn. Bústaðurinn stendur á leigulóð, nýr leigus. Ath. hitapúla, heiti pottur er ónýtt. Benedikt sýnir S: 661-7788

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Kríuás 19
220 Hafnarfjörður
Glæsileg útsýnisíbúð í Áslandinu

Stærð: 110,2 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2002
Brunabótamat: 25.000.000

RE/MAX Senter

Opíó Hús

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
7772882
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
arg@remax.is

Opíó hús á sunnudaginn kl 17.00-17.30 Verð: 26.900.000

Remax-Senter og Þóra kynna glæsilega 4ja herbergja íbúð í Áslandinu í Hafnarfirði. Íbúðin er endarbúð á efstu hæð í nýlegu fjölbýlishúsi frá 2002. Útsýni úr íbúðinni er einstak, yfir Reykjanes, Snæfellsjökul, Faxaflóa og höfuðborgarsvæðið úr stofu og eldhúsi. Íbúðin er afar glæsilega innréttuð með sérmiðubum Maghony innréttingum, skápum og hurðum. Öll gólfefni eru sérvalin og lýsing er hönnuð af GH ljósum. Upplýsingar gefur Þóra í síma. 777-2882

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Með lykilinn að þínu heimili

RE/MAX

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI



ATH öll skipti!
CHRYSLER GRAND VOYAGER. Árgæð 2005, ekinn 108 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Ath minni vél eyðir minna áhvilandi lán 1150 þús. Verð 2.290.000. Mjög Fallegur Bíll. Skoðar öll skipti. Bilabankinn S. 588-0700

Bilabankinn
Breiðhófa, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opíð 12-16 laugardaga
www.bilabankinn.is

bilfang.is
S. 567 2000



Toyota Rav 4 (NEW) 06/2006 ek 48 þ.km sjálfskiptur flottur jepplingur verð 2.790.000.-

Bílasalan Bilfang
Malarhófa 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is



HÖFÐABÍLAR

... þar sem bílar seljast



BMW 535D E60. Árgæð 2005, ekinn 109 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 5.850.000. Rnr.127246 Gullfallegur bíll! Er á staðum.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

567 2277 NÝJA
BÍLAHÖLLIN
BÍLALANINN YD BREIÐHÓFA YD REYKJAVÍK

Lygilega lág sölulaun :)

Verðbil
0-1.000.000 =
28.900 m/öllu!

567 2277 NÝJA
BÍLAHÖLLIN
BÍLALANINN YD BREIÐHÓFA YD REYKJAVÍK
Nyja.is • S. 567 2277

Nýja bílahöllin
Eirhófa 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Toyota Kletthálsi TOYOTA



TOYOTA LAND CRUISER 120 GX. Árgæð 2008, ekinn 41 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.150045



TOYOTA AVENTIS W/G EXE. Árgæð 2007, ekinn 102 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.995552



TOYOTA AURIS LUXURY. Árgæð 2008, ekinn 25 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 2.850.000. Rnr.995864



TOYOTA LAND CRUISER 120 VX, SÖLLUGA. Árgæð 2003, ekinn 119 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.996040



VW PASSAT S/D V6. Árgæð 2006, ekinn 60 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.995236



TOYOTA COROLLA H/B LUNA. Árgæð 2006, ekinn 47 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 1.950.000 Tilboð 1.550.000. Rnr.110321



MMC MONTERO LIMITED 35° BREYTTUR. Árgæð 2006, ekinn 85 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.150246



SUBARU LEGACY S/D. Árgæð 2009, ekinn 14 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 3.550.000. Rnr.996048

Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakopavogi.is

STÓRA BÍLASALAN



Toyota Yaris Terra
Árgæð 02/2007, ekinn 41þ.km, bíll í flottu standi! Skoðar skipti á ódýrara. Verð 1.790.000kr. Raðnúmer 130894. Nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er fritt að skrá bílinn hjá okkur.



Suzuki Alto - NÝR BÍLL!
Árgæð 2010, tvær gerðir í boði! 2ja ára ábyrgð! Verð frá 1.890.000kr. Raðnúmer 150988. Nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er fritt að skrá bílinn hjá okkur.



Nissan Almera Luxury
Árgæð 11/2001, ekinn 172þ.km, sjálfskiptur, gott eintak! Verð 690.000kr. Raðnúmer 130882. Nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er fritt að skrá bílinn hjá okkur.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndefirtílt á plani
<http://www.stora.is>

bíll.is
bestir í bílum...



FORD F150 SUPER CAB 4WD HARLEY DAVIDSON. Árgæð 2006, ekinn 56 þ.km Klárlega með flottari bílunum á götunni. Verð 3.290.000. Rnr.191452



VW GOLF PLUS. Árgæð 2006, ekin aðein 38 þ.km, Snyrtilegur bíll 6 girar. Verð 1.790.000. Rnr.143579

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is



SUZUKI XL7 LUXURY AWD. 06/2008, ekinn 65 þ.km, sjálfskiptur, 7 manna, leður. Verð 3.990.000. #192305 Bíllinn er á staðnum, komdu og sjáðu!



Þetta þykja mér slæmar fréttir. Ekki endilega af því að það þýðir að þjóðin hefur þá engin úrræði til að draga jólasveinana, sem hún asnast til að treysta fyrir velferð sinni, til ábyrgðar þegar allt fer til andskotans á meðan þeir eru að bora í nefið. Nei, áhyggjur mínar stafa miklu fremur af því að við höfum þá ekki heldur nein úrræði til að koma lögum yfir þjófa, morðingja, ofbeldismenn og nauðgara. Lögin sem taka á öllu þessu eru mun eldri en lög um landsdóm. Þannig gerðist það strax á þrettándu öld fyrir Krist, þ.e. seint á bronsöld, að maður nokkur kom niður af fjalli með lög þar sem m.a. sagði: „Þú skalt ekki mann deyða.“ Þessi lög voru víst

orðin úrelt á tólftu öld fyrir Krist. Síðastliðin 3.000 ár hefur morðingjum því verið refsað á forsendum úreltra lagaákvæða.


Þetta er auðvitað útúrsmúningur. Sum lög falla einfaldlega ekki úr gildi. Aftur á móti hefur mælikvarðinn á það hvaða lög eru eilíf og hvaða lög hafa endingartíma á við niðursuðudós aldrei verið gerður opinber, mér vitanlega. Einnna helst er eins og hann sé einvörðungu fölginn í tíðarandanum og stemningunni í þjóðfélaginu hverju sinni. Ef okkur finnst lög asnaleg hljóta þau að vera úrelt, en ekki ef okkur finnst þau „meika sens“. En af hverju erum við þá með lög, af hverju förum við ekki bara eftir því sem okkur „finnst“ í hverju og einu máli? Svarið við því er að strax á 13. öld f. Kr. var reynslan af því orðin svo slæm að lög voru sett og öll síðuð þjóðfélög hafa í grundvallaratriðum haldið sig við það fyrirkomulag æ síðan.

Við getum haft mismunandi skoðanir á lögum. Sum lög ber að endurskoða í ljósi reynslunnar og þróunar í viðhorfum, m.a. til mannréttinda og samfélagslegrar ábyrgðar einstaklinga. Önnur lög þarf einfaldlega að nema úr gildi. En þangað til það er gert eru þau lög. Lög, sem ekki hafa verið numin úr gildi, eru í gildi – sama hve asnaleg okkur kann að þykja þau.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



VERTU KLÁR FYRIR VETURINN MEÐ ECCO



Xpedition II
St. 36-48
kr 27.995



Xpedition II
St. 36-48
kr 24.995



Xpedition II
St. 41-48
kr 29.995



Multi terrain
St. 36-47
kr 23.995



Multi terrain
St. 36-47
kr 19.995



Vatnsheldir göngu
og kuldaskór fyrir
karla og konur

- Ótrúlega léttir og sterkir
- Gripgóður sóli
- Jakuxaleður 3 sinnum sterkara
- Ullarfóðrað innlegg

Vatnsheldir kuldaskór fyrir krakka



Trac Uno
St. 20-25
kr.11.995



Trac Uno
St. 20-28
kr.11.995



Snow Ride
St. 26-30
kr.12.995



Snow Ride
St. 26-30
kr.12.995



Snowboarder
St. 31-35
kr.13.995
St. 36-40
kr.15.995



Snowboarder
St. 31-35
kr.13.995



Ecco Kringlunni 5538050
Steinar Waage Kringlunni 5689212
Steinar Waage Smáralind 5518519

the most comfortable place on earth

ECCO



Klukkan 15.30

Fimm nýjar íslenskar stuttmyndir verða sýndar í Bíói Paradís við Hverfisgötu klukkan 15.30 í dag og á morgun. Fjórar þeirra voru verðlaun- aðar á Stuttmyndadögum í Reykjavík í vor en sú fimmta er ný. Myndirnar eru: Áttu vatn eftir Harald Sigurjónsson, Sykurmoli eftir Söru Gunnarsdóttur, Þyngdarafl eftir Loga Hilmarsson, Ofurkrúttið eftir Jónatan Arnar Örylgsson og Grím Jón Björnsson og sú nýjasta, Crew eftir Harald Sigurjónsson.

menning

menning@frettabladid.is

Eiríkur með Sýrópsmánann

Útgáfulisti forlaganna er óðum að taka á sig mynd fyrir þessi jól. Í hópi þeirra höfundna sem gefa út hjá Bjarti í ár er Eiríkur Guðmundsson, umsjónarmaður Víðsjár á Rás 1. Eiríkur hefur ritað skáldsögu sem ber titilinn Sýrópsmáninn. Bókin fjallar um ungan iðjuleysingja, sem er rekinn úr starfi af Vísindavefnum fyrir að svara út í hött. Þaðan fer hann til Ítalíu ásamt konu og ungum syni, af því einkennileg þoka er að kæfa Reykjavík og allt landið, og hugsar um ástir sem hafa farið forgörðum, sorgir og gleði og heim sem er að hverfa. Sýrópsmáninn ku vera knappar en í svipuðum anda síðustu skáldsögu Eiríks, Undir himninum frá 2007, þar sem mörk veruleika og skáldskapar voru á stöðugu floti.



EIRÍKUR GUÐMUNDSSON

> Ekki missa af ...

Fyrstu tónleikunum í tónleikaröðinni 15:15 í Norræna húsinu á morgun klukkan 15.15. Kammerhópurinn Camerartica ríður á vaðið og leikur fjölbreytta og lítrika efnisskrá fyrir klarinettu, strengi og píanó eftir tónskáld frá Austur-Evrópu. Gestur á þessum tónleikum er Ingunn Hildur Hauksdóttir.



LISTAMAÐURINN OG LJÓSMYNDARINN Ólafur Elíasson myndlistarmaður ásamt ljósmyndara, sem á mynd í röðinni Cars in Rivers. FRÉTTABLAÐIÐ / VALGARÐUR

Jeppar á floti

Sýning á fimm ljósmyndaröðum eftir Ólaf Elíasson var opnuð í Listasafni Íslands á fimmtudag. Við það tækifæri gaf Ólafur Listasafni Íslands titilverkið, Cars in Rivers.

Cars in rivers, 2009 lýsir barningi mannsins við óútreiknanlega náttúru, um leið og myndröðin gæti með táknrænum hætti lýst efnahagshremmingum þeim sem við Íslendingar höfum lent í síðustu misserin og mætti líkja við kafsíglingu torfærubíla í straumhörðum vatnsföllum.

Árið 2008 var auglýst eftir myndum af jeppum föstum í ám í þeim tilgangi að nota í listaverk eftir Ólaf. Myndirnar 35 í röðinni voru valdar úr hópi þeirra mynda sem barst.

Jökla Series, 2005 er skrásetning listamannsins á Jökulsá á Dal (Jöklu) frá jökulrótum að svæðinu þar sem Kárahnjúkastífla rís, en gerð stíflunnar var langt komin þegar myndröðin var unnin. Síðan fylgdi listamaðurinn ánni töluvert áleiðis í átt að ósi. Hér er því um einstæða heimild að ræða því Jökla hefur algjörlega breytt um svip.

Auk þessara myndraða eru sýndar þrjár nýjar ljósmyndaraðir frá 2010 sem sýna auðnir Íslands og náttúruöfl sem þó fóstara gróður og menningarleg ummerki þar sem síst skyldi ætla.

Sýning Ólafs stendur til 7. nóvember.

PARADÍSARBÍÓHEIMT

Langþráður draumur kvikmyndaunnenda rættist á miðvikudag þegar Bíó Paradís tók til starfa. Lovísa Óladóttir, framkvæmdastjóri listabíósins, fagnar langþráðu tækifæri til að sýna fram á að listabíó eigi erindi hér á landi.

Hverfisgatan hefur fengið yfirhalingu að undanfögnu; skærgrænn hjólreiðastígur teygir sig frá Lækjargötu austur á Snorrabraut og á miðri leið hefur eitt helsta kennileiti götunnar skipt um nafn, lit og starfsemi. Blái Regnboginn er orðinn að rauðri Bíó Paradís; nýjum heimkynnum listrænna bíómynda, klassískra mynda og kvikmyndahátíða.

Bíða ekki boðanna

Starfsemin byrjar af krafti. Á miðvikudag var heimildarmyndin Backyard sýnd, nú um helgina verður frönsk nýbylgjuveisla og í næstu viku hefst alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík – RIFF. Lovísa Óladóttir, nýráðinn framkvæmdastjóri Bíós Paradísar, segir enda enga ástæðu til að bíða boðanna.

„Í sumar tókust samningar um myndarlegt framlag Reykjavíkurborgar til Bíós Paradísar, sem var forsenda þess að það var hægt að koma þessu verkefni af stað og reka húsið fyrstu vikurnar. En nú þurfum við að sýna hvað í okkur býr og að við getum staðið undir því sem við lögðum upp með, sem þýðir að við þurfum að laða að okkur margt fólk strax á fyrstu vikunum.“

Lovísa er bjartsýn á það muni takast, enda höfði Bíó Paradís til markhóps sem hafi verið vanræktur í stærri kvikmyndahúsum.

„Það eru til mjög nákvæmar aðsóknartölur í kvikmyndahúsi, sem við miðum við í okkar rekstraráætlunum. Við gerum okkur ekki grillur um sams konar aðsókn og í stóru bíónum, en teljum engu að síður að það sé til nægilega stór markhópur fyrir starfsemi sem þessa. Stóru bíóin eru ágæt fyrir sinn hatt en úrvalið hefur tilhneigingu til að vera einsleitt. Í því liggja okkar sóknarfæri; auk fjölbreyttara úrvals getum við líka bryddað upp á þemavikum og þess háttar uppkomum sem stóru húsin eiga óhægara með um vik.“

Breyttar áherslur og aukinn skilningur

Kvikmyndagerðarmönnum og áhugafólki um kvikmyndir hefur lengi dreymt um listabíó á Íslandi. Það vekur óneitanlega athygli að eitt slíkt skuli opna í miðri krepplu.

„Það spilar eflaust margt inn í,“ segir Lovísa. „Það er engum blöðum að fletta að í kjölfar breytinganna í borgarstjórn hafa áherslurnar líka breyst. Það er eins og pólitíkin hafi færst nær fólkinu, orðið manneskjulegri, og því fylg-



LOVÍSA ÓLADÓTTIR „Við tókum þá ákvörðun að taka upp nýtt nafn. Þetta er annars konar starfsemi sem er að byrja hér og okkur fannst húsið verðskulda nýtt upphaf.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

LOVÍSA ÓLADÓTTIR

Lovísa Óladóttir, nýráðinn framkvæmdastjóri Bíós Paradísar, er kvikmyndafræðingur að mennt. Að loknu námi starfaði hún við kvikmynda- og auglýsingagerð, þar til hún varð dagskrárstjóri á Stöð 2, þar sem hún starfaði í tólf ár. Á undanföllum árum hefur Lovísa rekið sprotafyrirtæki á sviði fatahönnunar og sat meðal annars í stjórn Fatahönnunarfélags Íslands.

ir skilningur á verkefnum sem þessum.

Kvikmyndagerðarmenn hafa líka lagt mikið á sig til að láta þetta verkefni verða að veruleika og sýnt meiri samtakamátt en oft áður.

Síðast en ekki síst hefur kvikmyndamenntun vaxið fiskur um hrygg hér á landi undanfarið. Í vor útskrifaðist fyrsti nemandinn með B.A.-próf í kvikmyndafræði frá Háskóla Íslands og starfsemi Kvikmyndaskólans hefur eflst mjög og dafnað að undanfögnu. Samfara því eykst framboðið mjög mikið og það gefur auga leið að það verður að vera til einhvers konar vettvangur til að koma því á framfæri.“

Lovísa segist einnig sjá fyrir sér samstarf Bíós Paradísar við skólakerfið. „Eftir ár verðum við líklega búnar að taka eitt eða tvö skref nær menntakerfinu; leggja okkar af mörkum til að efla kvikmyndalæsi. Okkur langar til dæmis að koma á samstarfi við grunnskóla og bekkji á bíósýningar, að ógleymdum framhalds- og háskólunum.“

Nýtt upphaf með nýju nafni

Regnboginn var eitt rótgrónasta kvikmyndahús borgarinnar. Mörgum þykir eftirsjá í nafninu. Lovísa bendir á að nafnið sé ekki í eigu aðstandenda Bíós Paradísar, sem hefðu því þurft að leigja það áfram.

„Við tókum þá ákvörðun að taka upp nýtt nafn. Þetta er annars konar starfsemi sem er að byrja hér og okkur fannst húsið verðskulda nýtt upphaf. Á Vesturlöndum er ákveðin hefð fyrir því að listabíó heiti Bíó Paradís; ítalska myndin Cinema Paradiso vísar til dæmis til þess. Þess vegna varð nýja nafnið fyrir valinu.“

Lovísa segir að vetrarstarfið muni fyrst og fremst einkennast af fjölbreytni og þar verði allt undir.

„Við ætlum ekki að afmarka okkur við ákveðin tímabil eða stefnur. Við viljum endilega líka fá hugmyndir frá fólki og það kemur allt til greina. Eina vikuna er hægt að sýna japanskar skrímslamyndir, hasarmyndir þær næstu eða ástarþema. Þetta á allt rétt á sér.“

bergsteinn@frettabladid.is

NÚ ER TÍMINN!

Lög og reglur um veiðar

Meðferð skotvopna

Veiðiaðferðir

Veiðibráð

Stofnvistfræði

JPU
JPU ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Endurskoðuð útgáfa

Veiðar á villtum fuglum og spendýrum

BÓKA

LAGERSALA




Allir sem kaupa fyrir 5.000 kr. eða meira fá bóka gjöf. Þeir sem kaupa fyrir 12.000 kr. eða meira fá tvær bækur að gjöf.

Risalagersala Forlagsins á Fiskislóð 39

NÝTT KORTATÍMABIL

Opið alla daga frá kl. 11 til 19, nema fimmtudaga til kl. 21

Allir kátir krakkar fá kókómjól og flott bókamerki að gjöf



43%
afsláttur

KORTABÓK ÍSLANDS
Nú: 1.990 kr.
Verð áður: 3.490 kr.



84%
afsláttur

HÖLL MINNINGANNA
Nú: 690 kr.
Verð áður: 4.290 kr.



63%
afsláttur

ÍSLENSKIR GALDRAMENN
Í ÞJÓÐSÖGUM
Nú: 290 kr.
Verð áður: 790 kr.



50%
afsláttur

SKYGGÐUR MÁNI (KILJA)
Nú: 990 kr.
Verð áður: 1.980 kr.



61%
afsláttur

LAND HINNA
TÝNDU SOKKA
Nú: 990 kr.
Verð áður: 2.525 kr.



38%
afsláttur

STÓRHÆTTULEGA
STRÁKABÓKIN
Nú: 2.490 kr.
Verð áður: 3.990 kr.



67%
afsláttur

ÉG ER EKKI
DRAMADROTTNING
Nú: 990 kr.
Verð áður: 2.990 kr.



85%
afsláttur

HÖFUNDUR ÍSLANDS
Nú: 690 kr.
Verð áður: 4.490 kr.



86%
afsláttur

KK - ÞANGAÐ SEM
VINDURINN BLÆS
Nú: 690 kr.
Verð áður: 4.990 kr.



2 fyrir 1

90%
afsláttur

HARÐSKAFI + VETRARBORGIN
(INNÞUNDNAR)
Nú: 990 kr.
Verð áður: 9.480 kr.

Lífið er hálfgerð ættarmót

Ljóð af ættarmóti nefnist sjötta ljóðabók Antons Helga Jónssonar, sem kom út í vikunni. Í bókinni heyrum við raddir fólks á ættarmóti, þar sem það ýmist fagnar ættingjum, rifjar upp liðna tíð eða engist af samviskubiti.

„Og hvað er að fréttu af honum þarna...?“ segir í einu af ættarmótsljóðum Antons Helga Jónssonar. Betur er vart hægt að lýsa íslensku ættarmóti; þessum sérstæðu samkomum niðja sem þekkjast oft lítið sem ekki neitt.

„Ég man ekki hvenær mér datt upphaflega í hug að skrifa mun ættarmót,“ segir Anton Helgi. „En ég er hrifinn af hugmyndinni um að við séum öll skyld, í grunninn öll af sömu ættinni. Mér finnst það ágæt líking fyrir lífið.“

Anton Helgi lagði fyrstu drög að bókinni fyrir tíu árum og hafði hugsað sér að skrifa mun ítarlegri lýsingu á því sem gerðist á ættarmóti út í sveit.

„Ég gafst síðan upp á því, fannst það ekki nógu spennandi. Síðan gerði ég nokkrar atlögur að þessari hugmynd aftur og eftir því sem ég skar lýsingarnar meira niður, því betri fannst mér útkoman. Það sem eftir stendur er eins konar stemning, þar sem maður skynjar ættarmótið án þess að því sé lýst beint, og finnur um leið skírskotanir í svo margt fleira.“

Forlagið gefur út Ljóð á ættarmóti, sem er sjötta ljóðabók



ANTON HELGI JÓNSSON Finnst hugmyndin um allsherjar ættarmót, að við séum í grunninn öll af sömu ættinni, góð líking fyrir lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Antons Helga. Sú síðasta kom út 2006 en í fyrra hlaut hann Ljóðstaf Jóns úr Vör fyrir ljóðið „Einsöngur án undirleiks“.

Svo skemmtilega vill til að höfundur ættarmótalljóðanna er ekki eina skáldið í fjölskyldunni; sonur Antons Helga, Valur Brynjar, hefur líka gefið út ljóðabækur.

„Hann hefur lesið eftir mig og hjálpað mér talsvert, sem og bræður hans báðir. Ég hef ætíð haft mikið gagn af þeim sem yfirlesurum og hvatningu.“

bergsteinn@frettabladid.is

VIÐ VERÐUM AÐ FARA AÐ HITTAST

Við verðum að fara að hittast.

Hérna stöndum við og kætumst yfir endurfundum.

Höfum þó ekki hugmyndaflug til annars en að tryggja upp sömu setninguna aftur og aftur.

Við verðum að fara að hittast.

Komum okkur aldrei að neinu efni. Hittumst loks og höfum bara eitt að segja allt kvöldið:

Við verðum að fara að hittast.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 18. september

→ Tónleikar

16.00 Rökkurró verður með tónleika í versluninni **Havari** kl. 16.00 í dag.

22.00 Á Græna hattinum, Akureyri, verða tónleikar með hljómsveitinni **Leo** og eru tónleikarnir tileinkaðir **Deep Purple**. Tónleikarnir hefjast kl. 22.00 og er aðgangseyrir 1500 krónur.

23.00 Hljómsveitirnar **Changer**, **Vicky** og **Morðingjarnir** verða með tónleika á **Sódoma Reykjavík** í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 23.00. Aðgangseyrir er 1000 krónur.

→ Opnanir

14.00 Steinunn Björg Helgadóttir opnar sýningu sína „**Voðir**“ á Skörinni hjá **Handverki og hönnun** að Aðalstræti 6 kl. 14.00 í dag.



15.00 í **Listasafni Reykjavíkur** verður opnuð í dag sýning **Errós**, „**Klippimyndir**“. **Jón Gnarr** opnar sýninguna kl. 15.00 í Hafnarhúsinu.

→ Íþróttir

13.00 Í dag verður **Íslandsmeistarakeppni í Ókuleikni 2010** haldin á svæði **Ókukennarafélags Íslands** við Kirkjusand. Dagskrá hefst kl. 13.00.

→ Hátiðir

15.00 Snarfari, félag sportbátaeigenda í Reykjavík, heldur upp á 35 ára afmæli sitt í dag frá kl. 15.00 í félagsheimili sínu við **Snarfarahöfn** að Naustvogi. Gamli og nýjri félagar velkomnir.

21.00 Ráin, Hafnargötu 19, Keflavík, heldur upp á 21.árs afmæli sitt í kvöld með afrisku þema frá kl. 21.00-23.00.

→ Kvikmyndir

15.00 MÍR, Hverfisgötu 105, sýnir sovésku kvikmyndina **Gegnumbrotið** (Proryv) í dag kl. 15.00. Enskur texti. Aðgangur ókeypis.

16.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir í dag myndina **Ísland í lifandi myndum** eftir Loft Guðmundsson kl. 16.00.

→ Opíð hús

15.00 Leikandi laugardagur í Bókabúð Máls og menningar í dag. Nemendur MH bjóða upp á menningarbræðing frá kl. 15.00-17.00.

→ Dansleikir

23.30 Hljómsveitin **Góðir Landsmenn** verða með **80' ball** á **Players** Kópavogi í kvöld frá 23.30-03.00. Miðaverð 1000 krónur og fritt inn fyrir konur til miðnættis.

Austfirðingaball á skemmtistaðnum **Spot** í Kópavogi í kvöld. **Magni, Andri Bergmann, Rokkabílyband Reykjavíkur** og **Skriðjökklar** leika fyrir dansi. Miðaverð er 2000 krónur.

→ Markaðir

13.00 í **Heklu** handverkshúsi (Rangárþyngi ytra) verður handverksmarkaður frá kl. 13.00-17.00.

Í síðari af þriggja ára afmæli **Kími Records** verður tónlistarmarkaður í verslun **Havari** að Austurstræti 6 í dag.

Sunnudagur 19. september

→ Tónleikar

15.15 Tónleikaröðin 15:15 hefst í dag í **Norræna Húsinu**. Fram koma **Kammerhópurinn Camerartica** auk **Ingunnar Hildar Hauksdóttur**. Tónleikarnir hefjast kl. 15.15. Aðgangseyrir 1500 krónur, 750 fyrir öryrkja, eldri borgara og námsmenn.

20.00 Tónlistarhópurinn **Elektra Ensemble** verður með tónleika á **Kjarvalsstöðum** í kvöld kl. 20.00. Miðaverð er 2000 krónur.

20.00 Uni, Jón Tryggva og **Johnny Stronghands** verða með tónleika á **Merkigili** í **Eyrarbakka** í kvöld kl. 20.00. Aðgangur ókeypis.

Djassband Suðurlands verður með tónleika í **Kaffihúsinu Grænu könnunni** á Sólheimum í dag. Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

→ Opnanir

14.00 Í dag opnar sýning **Huldu Vilhjálmadóttur** „**Sjálfmynd/identity/hidden identity**“ í **Listasal Mosfellsbæjar**. Sýningin verður opnuð kl. 14.00. Aðgangur ókeypis.

→ Íþróttir

19.00 Bridge byrjar í **Breiðfirðingabúð** Faxafeni 14 í dag og hefst kl. 19.00 stundvíslega.

→ Hátiðir

Í dag verður hátiðarmessa á kirkjudegi **Langholtssafnaðar**. Stundin verður helguð aldarminningu séra **Árelíusar Nielssonar**.

→ Kvikmyndir

15.00 MÍR, Hverfisgötu 105, sýnir sovésku kvikmyndina **Meginsókn** (Napraplenie glavnogo údara) kl. 15.00. Enskur texti. Aðgangur ókeypis.

→ Dansleikir

20.00 Dansleikur **Félags eldri borgara í Reykjavík** og nágrenni verður að **Stangarhyl 4**, í kvöld frá kl. 20.00-23.00. **Sighvatur Sveinsson** leikur fyrir dansi.

→ Dagskrá

14.00 í menningarmiðstöðinni **Gerðubergi** heldur dagskráin **Syngjum og kveðum áfram** í dag. Dagskráin stendur frá 14.00 til 16.00. Aðgangur ókeypis.

→ Leiðsöggn

14.00 Halldór Björn Runólfsson verður með leiðsöggn um sýningu **Ólafs Eliassonar** „**Cars in rivers**“ kl. 14.00 í dag í **Listasafni Íslands**.



→ Listamannspjall

15.00 Magnús Helgason verður með listamannspjall um sýningu sína „**Ég er ekki safnhaugur**“ í **Hafnarhúsinu** í dag kl. 15.00.

15.00 Sigtryggur Bjarni Baldvinsson verður með listamannspjall á sýningunni **AR: málvegið á tímum stramvatna** í **Listasafni Árnesinga** í Hveragerði kl. 15.00 í dag. Aðgangur ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ BYLGJAN 989

TAKIÐ EFTIR!

HELGARGETRAUN FRÉTTABLAÐSINS OG BYLGJUNNAR

Skilaðu inn þínum svörum á visir.is fyrir miðnætti á mánudaginn!

1. Í blaðinu í vikunni var fjallað um tvær nýjungar til að auðvelda veiðimönnum lífið á skytteri. Hvað heitir uppfinningamaðurinn og hvað kallast nýjungarnar?

2. Í vikunni var rætt við vinjettuhöfund sem talaði um þáttöku sína í viðskiptalífinu fyrr á árum. Hvað heitir hann og hvað heitir fyrirtækið sem hann stofnaði á sínum tíma?

3. Ráðstefna var haldin í vikunni um áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli. Hvað þurfti samkvæmt Daniel Calleja að aflýsa mörgum flugferðum, hvað hafði það áhrif á marga farþega og hvert er áætlað tekjutap flugfélaga í íslenskum krónum?

Fylgstu vel með Fréttablaðinu og Bylgjunni. Þú gætir unnið 3 ferðir með Icelandair.

MUNDU: Leitinn á visir.is vísar líka á efni í Fréttablaðinu



Eymundsson



ICELANDAIR



TANGI KOLAPORTINU HELGARTILBOÐ

Porskur 4 kg - roðlaus og beinlaus + 1 kg af raspi ótrúlegt verð...aðeins... 2990 kr.

Risarækja skelflett 2 kg á aðeins 2990 kr.
...svona verð bjóða bara snillingar :-)

Sigin grásleppa 3 stk - 890 kr.

Opið laugardag og sunnudag frá 11-17

Grallaralegt ævintýri fyrir stelpur og stráka



„Gaman!!!! Listamennirnir slá hvergi af kröfum sínum.“

EB, Fbl.



JVJ, DV

„Ein besta barnasýning síðasta árs... skemmtileg tónlist, fallett mál, smekkleg umgjörð og góður leikur.“

SG, Mbl.

Sýningar
hefst
í dag



GRÍMAN 2010
BARNASÝNING ÁRSINS

Sýningardagar

Lau. 18/9	kl. 14	UPPSELT
Sun. 19/9	kl. 14	UPPSELT
Lau. 25/9	kl. 14	UPPSELT
Sun. 26/9	kl. 14	UPPSELT
Sun. 3/10	kl. 14	Örfá sæti
Sun. 10/10	kl. 14	Örfá sæti
Sun. 17/10	kl. 14	Örfá sæti

Aukasýningar

Lau. 2/10	kl. 14	Örfá sæti
Lau. 9/10	kl. 14	Örfá sæti
Lau. 16/10	kl. 14	

HÖRIN „Á HÖFÐI




Borgarleikhúsið
í samstarfi við GRAL

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

> SPENNANDI SPENNUR

Spennan hefur verið vinsæll fylgihlutur meðal stúlkna áratugum saman. Á leikskólaárunum urðu helst slaufu- eða blómaspennur í öllum regnbogans litum fyrir valinu þegar skreyta átti hár sitt. Á tískusýningum Rodarte, Badgley Mischka og Carolina Herrera á tískuvíkunni í New York voru spennur í fyrirrúmi í hárskrauti fyrirætanna. Þeir sem vilja tolla í hártískunni ættu að fara og gramsa svoltið og draga fram gömlu, góðu spennurnar fyrir næsta vor.



stíll

utlit@frettabladid.is



Eitt af mörgum fallegum naglalökkum frá Nails Inc sem fást hjá Beauty Barnum.

OKKUR LANGAR Í ...

Töff augnskugga frá MAC með málmáferð.

Ótrúlega flott veski frá Marc Jacobs, fæst í Kron Kron.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA SARA MCMAHON

Nýtt land, nýir straumar



Fyrir stuttu fór ég í svoltið frí til Svíþjóðar. Tilhlökkunin var mikil áður en haldið var af stað í ferðina enda nokkuð langt um liðið frá því ég hafði síðast ferðast út fyrir landsteinana.

Fyrstu dagarnir fóru aðallega í það að röltu um höfuðborgina, Stokkhólm, kíkjá í verslanir og dásama gamla bæinn. Á milli þess naut hamingjusami ferðalangurinn þess að hvíla lúin bein á kaffihúsum og fylgjast með mannlífinu þar í borg. Eg fór fljótlega að spá svoltið og spekúlera í tísku heimamanna og fannst merkilegt hversu fáar stúlkur gengu um í hælahaum skóm. Flestar klæddust þær þægilegum Dr. Martens-skóm eða strigaskóm af ýmsum stærðum og gerðum. Margar voru einnig í víðum buxum sem brettar voru upp yfir skóna og svo stórum, víðum kápum við. Sjálf er ég agalega hrifin af öllu víðu og stóru þegar kemur að tísku og fannst því þessi sænska tíska auðvitað helvíti flott.

Sænsku piltarnir voru engu minna flottir í tauinu og brettu einnig villt og galið upp á sínar buxur, alveg eins og stúlkurnar. Er ég sat þarna á kaffihúsinu og hvíldi þreyttu fætur tók ég eftir því að hægt er að skipta sænskum karlmönnum gróflega í tvo hópa; þessa sem bretta upp á gallabuxurnar og þá sem klæða sig eins og þeir séu á leið í bátaklúbbinn (sem er alls ekki ólíklegt miðað við mikla bátáeign Svía). Síðarnefndi hópurinn einkenndist af frísklegum ungum piltum klæddum í sandlitar buxur, bláa skó og oftast í hvítu skyrtu við.

Mér fannst ægilega gaman að geta setið þarna og drukkið í mig tiskustrauma annarra og jafnvel sækja þaðan innblástur um hvernig ég geti sjálf klætt mig. Það er alveg nauðsynlegt að skipta aðeins um umhverfi svona öðru hvoru.



GRÆNT OG VÆNT Þessi græni herrajakki frá Lacoste getur lífgað upp á hvunnadaginn. NORDICPHOTOS/GETTY



DÖKKIR TÓNAR Fallegur samfestingur og sítt vesti í anda diskótímabilsins.



STÖRKOSTLEG PEYSA Fallegur grár skyrtukjöll og hlýleg peysa frá Lacoste.

HAUSTLÍNA LACOSTE EINKENNDIST AF DISKÓI OG FÁGUÐUM FLÍKUM:

TVENNIR TÍMAR MÆTAST

Haustlína tiskumerkisins Lacoste var skemmtileg blanda af diskótímabilinu og fagaðri tísku fjórða áratugarins. Stórar peysur og litríkir jakkar voru á meðal þess sem fyrirætarnar sýndu er þær gengu eftir sýningarpallinum.



FÁGÁÐUR OG FLOTTUR Það mátti einnig sjá áhrif frá tísku fjórða áratugarins í línunni. Karlfyrirsæta klæðist þægilegum og faguðum jakkafötum.



LITRÍK Sterkir litir og hrein snið voru meðal þess sem sást í haustlínu Lacoste fyrir veturinn.



SAUMSPRETTAN

Höfðatún 2
105 Reykjavík
Sími 552 0855

SAUMSPRETTAN ALHLÍÐA SAUMASTOFA

ER FLUTT Í HÖFÐATORG 1. HLED

www.saumsprettan.is

www.facebook.com/saumsprettan











Saumsprettan er alhlíða saumastofa og hjá okkur getur þú fengið gert við allan þinn fatnað eða látið okkur breyta honum á þann veg sem þú vilt. Við stytum, lengjum, vikkum, þrengjum, fóðrum og stoppum í, allt eftir þínum þörfum. Við bjóðum einnig almennar leðurviðgerðir, ein fára saumastofa.

Sérsaumur er líka okkar fag og við gerum fullmótada flik úr þínum hugmyndum.

Hjá Saumsprettunni getur þú treyst því að fagleg og vönduð vinnubrögð eru höfð í hávegum og við reynum ávallt að veita skjóta en umfram allt góða þjónustu

Nú getur þú einnig komið með fötin þín í hreinsun til okkar því við erum í góðu samstarfi við Hrein fatahreinsun.

300 kr

HERRASKYRTUTILBOÐ

Fjölbreytileg tíska í New York



Það var mikið um dýrðir á nýyfirastaðinni tískuviku í New York og kenndi þar ýmissa grasa, lína Ralphs Lauren einkenndist af nútímalegum kúrekastíl á meðan Anna Sui sótti innblástur til hippatímabilsins. Ungir hönnuðir sýndu einnig hönnun sína og þótti Phillip Lim meðal annars bera af með látlausri hönnun sinni.

PHILLIP LIM Kínversk-ættaði hönnuðurinn Phillip Lim þykir efnilegur hönnuður og klæðskerli líkt og hönnun hans ber vitni um.

NORDICPHOTOS/GETTY



MILLY BY MICHELLE SMITH Blómleg kápa sem ætti að vekja athygli hvar sem er.



ANNA SUI Fallegur, fjaðraskreyttur kjóll frá Önnu Sui.



REED KRAKOFF Smekklegr og þægileg buxnadrátt frá nýliðanum Reed Krakoff.


Flottustu fatalínurnar

Vefsíðan Style.com valdi tíu eftirminnilegustu tískusýningar áratugarins nú þegar fyrsta áratug 21. aldarinnar fer að ljúka. Efst trónir haustlína Hussein Chalayan fyrir árið 2000, en sú þótti tæknilegt undur á sínum tíma. Næst kom vorlína hönnuðurins Marcs Jacobs árið 2002 sem heillaði tiskuspekúlantana upp úr skónum og því næst haustlína Lanvins fyrir árið 2002, en sú þótti afskaplega smekklegr. Haustlína Balenciaga árið 2007 kemst einnig á listann og þótti mjög fjölmenningsleg og glæsileg.

BALENCIAGA Haustlína Balenciaga árið 2007 þykir með flottustu línunum áratugarins.

Glansandi Wang

Það hefur ekki farið fram hjá neinum tiskuspekúlöntum að tískuvikurnar eru hafnar og tíska komandi árs farin að birtast í netheimum. Einn umtalaðasti hönnuður síðasta árs, Alexander Wang, sýndi sumarlínu sína í vikunni og vakti það athygli að ætla mátti að fyrisætur hans væru löðursveittar, því þær glönsuðu allar. Hingað til hefur glansandi húð ekki þótt fínt en ef marka má tiskufrumkvöðulinn Wang verður slíkt útlit aðalmálið árið 2011.



EKKERT ÞÚÐUR?

Hallveig efh. í Reykholti

Síðustu sumarsýningar:

Laugardaginn 18. september kl. 17:00

Laugardaginn 25. september kl. 17:00

Miðapantanir í síma 690 1939 eða bókað í gegnum heimasíðu á www.hallveig.sida.is

16.-19. september

Haustsprenghja

25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU

nema:

20% af vörum Oasis og

15% af snyrtivöru

NÝTT
KORTA-
TÍMABIL



Afslátturinn fæst ofan á aðra afslætti og tilboð. Gildir fimmtudag til sunnudags.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

> EINS OG FÍLL

Meðgangan ætlar að reynast söngkonunni Lily Allen erfið. Hún segist hafa áhyggjur af þyngd sinni og hvernig hún eigi að léttast eftir fæðingu frumburðarins. „Mér líður eins og fil og veit ekki hvernig ég á að léttast eftir fæðinguna. Sem betur fer upplifi ég stundum daga þar sem mér finnst ég líta frábærlega út.“



fólk
folk@frettabladid.is

Myndar á skrítnum stöðum

Franski kvikmyndagerðamaðurinn Vincent Moon hefur vakið mikla athygli fyrir tónlistarmyndbönd sín. En Moon þessi myndar þekktar sveitir á meðan þær leika tónlist sína á óhefðbundnum stöðum líkt og almenningssalernum eða götuhornum og nefnist verkefnið Take-Away Shows.

Myndböndin eru flest tekin í einni töku og hefur Moon meðal annars tekið upp tónlistarflutning hljómsveita á borð við Bon Iver, R.E.M., Arcade Fire, Beirut og íslensku hljómsveitarinnar Sigur Rós. Moon er staddur hér á landi í tengslum við kvikmyndahátíðina RIFF, en nokkur myndbönd hans verða sýnd á hátíðinni.

„Ég hafði gert tónlistarmyndbönd áður

en ég byrjaði með Take-Away Show og þóldi ekki að þurfa að eiga við útgáfufyrirtækin. Forstjórnarnir voru alltaf að reyna að koma sínum hugmyndum að en ég vildi fá að gera þetta á minn hátt. Ég er mikill aðdáandi lífandi tónlistar og með þessu langaði mig að prófa að fanga kraftinn sem myndast á tónleikum og festa hann á filmu,“ segir Moon.

Moon hyggst gera heimildarmynd um kvæðamanninn Steindór Andersen á meðan hann dvelur á landinu, en hann fékk veður af Steindóri þegar hann tók upp myndbandið með Sigur Rós. „Ég á eftir að heyrja í honum og þess vegna er þetta allt svolítið óráðið enn sem komið er. En ég held að þetta verði mjög skemmtilegt verkefni,“ segir hann að lokum. - sm



FANGAR KRAFTINN Vincent Moon hefur unnið með hljómsveitum á borð við Sigur Rós og R.E.M.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vill verða mamma



HAMINGJUSÖM Megan Fox segist vera hamingjusamlega gift kona.

Leikkonan Megan Fox giftist unnusta sínum, leikaranum Brian Austin Green, við látláusa athöfn fyrir í sumar. Párið hefur verið saman í sex ár og segist Fox aldrei hafa verið hamingjusamari en nú.

„Ég giftist besta vini mínum. Ég tel mig heppna að fá að vera með honum hvern dag, hann verndar mig og ég er örugg og hamingjusöm,“ sagði leikkonan í nýlegu viðtali. Hún kveðst einnig vilja eignast barn einhvern tímann í nánustu framtíð, en hún hefur aðstoðað við uppeldi sonar Greens frá því að þau tóku saman.

„Ég hef verið stjúpmóðir síðustu sex árin og það er frábært. Þetta er mikil vinna en ég hef gaman af þessu. Ég mundi elska að eignast mitt eigið barn einhvern tímann í framtíðinni, það mundi gera mig mjög hamingjusama.“ Eiginmaður hennar segir Fox vera afskaplega umhyggjusama og góða stjúpmóður og segir samband sonar síns og hennar vera mjög gott.

Afmælistónleikar Ómars

Ómar Ragnarsson hélt á fimmtudag fyrri tónleika sína í Salnum í Kópavogi í tilefni af sjötugsafmæli sínu, sem var einmitt þann sama dag.

Ómar var í miklu stuði á þessum tónleikum eins og búast mátti við. Hann söng fyrir fullu húsi öll sín bestu lög frá fimmtíu ára ferli sínum við góðar undirtektir áhorfenda. Fjölmargir góðir gestir létu sjá sig, þar á meðal Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og gerði Ómar góðlátlegt grín að honum á tónleikum. Ómar notaði einnig tækifærið og afhenti fulltrúa endurhæfingaræddarinnar við Grensás ávisun upp á 418 þúsund krónur.



AFMÆLISBARN Ómar fagnaði sjötugsafmæli sínu á tónleikum sem voru afar vel sóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Haltu barnaafmælið hjá okkur

www.keiluhollin.is



KEILUHÖLLIN

HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

Opið sunnud. - fimmtud. frá 11:00 - 24:00 og föstud. og laugard. frá kl 11:00 - 01:00

Pantaní í síma 511 5300 alla virka daga kl. 10:00 - 15:00 eða á keiluhollin@keiluhollin.is



Á TÓNLEIKUM Hersir, Svavar, Svava og Guðrún sáu Ómar Ragnarsson fara á kostum.



Í SALNUM Halldóra Andrésdóttir, Ása Hólmgeirsdóttir og Pétur Olgeirsson mættu í Salinn.



ÞRÍR GESTIR Jón, Anna og Jóhann voru á meðal gesta.



TVEIR GÓÐIR Útvarpsmaðurinn Jónas Jónasson ásamt Óla H. Þórðarsyni, fyrrverandi formanni Umferðarráðs.

aktu taktu

Samloku tilboð

RISTUÐ SAMLOKA & KOK

499,-

Coca-Cola

STÓPA 53

FELLSMÚLI • SKÚLAGATA • GARÐABÆR • MJÓDD

BÍÓ ★ PARADÍS
Heimili kvikmyndanna

LAUGARDAG OG SUNNUDAG

ANDKÖF (A BOUT DE SOUFFLE) - LAU 21:20 SU 21:10
400 HÖGG (LES QUATRE CENTS COUPS) - LAU 21:10 SU 17:10, 21:20
CLEO FRÁ 5 TIL 7 (CLÉO DE 5 À 7) - LAU 21:30 SU 17:10, 21:30
KÁTU STÚLKURNAR (LES BONNES FEMMES) - LAU 19:10 SU 17:20
STUTTM.: OFURKRÚTTIÐ, ÞYNGDARAFL, SYKURMOLI, ÁTTU VATN + CREW - LAU 15:30 SU 15:30
BACKYARD - LAU OG SU 15, 17, 19, 21
79 AF STÖÐINNI - LAU 15:20, 19:30 SU 15:20
ROKK Í REYKJAVÍK - LAU 17:20 SU 19:20
101 REYKJAVÍK - LAU 17:30, 19:30 SU 19:30
HEIMILDAM.: ÖSKUDAGUR / KJÖTBORG / ÍSLENSK ALPÝÐA - LAU 15:10, 17:10 SU 15:10, 19:10

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR **WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS**

NÝR HEIMUR Í AFÞREYINGU



FLJÓTLEGASTA LEIÐIN TIL AÐ HORFA Á BÍÓMYND Í DAG.
FILMA.IS ER NÝ SÍÐA ÞAR SEM ÞÚ GETUR LEIGT OG
KEYPT ÞÉR BÍÓMYNDIR OG ÞÆTTI Á NETINU.

BORGADU MINNA OG BYRJADU AÐ HORFA.

 **FILMA.IS**

Erfiða tímabilið hjá Jóni Gnarr

„Þátturinn með Jóni er tekinn upp í janúar 2009, löngu áður en hugmyndin að Besta flokknum er farin að gera vart við sig. Jón hefur sjálfur sagt að þetta hafi verið mjög erfiður tími í hans lífi og þetta er eiginlega týndi mánuðurinn hans Jóns.“ segir Gunnar Hansson leikari. Á sunnudaginn frumsýnir Stöð 2 nýja sjónvarpsþáttaröð Gunnars um Frimann Gunnarsson sem ber hið skemmtilega heiti Mér er gamanmál. Þar ræðir Gunnar við fremstu skemmtikrafta Norðurlandanna og Bretlands en þeirra þekktastur



GÓÐIR FÉLAGAR Frimann Gunnarsson ásamt Frank Hvam en ný þáttaröð um ólíkindatölíð verður frumsýnd á sunnudaginn.

er vafalítið Frank Hvam, stjarnan úr Klovn. Eins og Fréttablaðið hefur greint

frá verður slegið upp mikilli grínveislu í Háskólabíói hinn 29. september en þar mun Hvam ásamt Dagfinn Lyngbjö, André Wickström og Jóni Gnarr troða upp auk Frimanns sem verður í hlutverki gestgjafans. „Reyndar ætla hann að taka brjál að ábreiðulag með hljómveit Birgis Ísleifs Gunnarssonar,“ segir Gunnar og bætir því við að gestir Háskólabíós megi eiga von á minnst tveimur leynigustum. „Annar þeirra verður besti uppistandari Íslands en ég get ekki greint frá því hver það er. Hinn á eftir að koma mjög mikið á óvart.“

-fgg

BESTA SKEMMTUNIN

SAMBÍÓIN

GINN BESTA RÓMANTÍSKA GRÍNMYND ÁRSINS!
 DREW BARRYMORE JUSTIN LONG
GOING THE DISTANCE
 MORGUNSÝNINGAR KL. 10 Í SAMBÍÓNUM ÁLFABAKKA LAUGARDAG OG SUNNUDAG SVEPPI, VILLI OG GÓI TAKA Á MÓTI BIÓGESTUM FYRIR SÝNINGU

SMÁRA BÍÓ	ÁLFABAKKA	HÁSKÓLABÍÓ	KRINGLUNNI
GOING THE DISTANCE kl. 6-8-10:20	GOING THE DISTANCE kl. 12-2:20-8-10:20	GOING THE DISTANCE kl. 6:10-8-10:20	ALGJÖR SVEPPI-3D kl. 12-2-2:20-4-4:20-6
ALGJÖR SVEPPI-3D kl. 10-12-2-2:30-4-4:30-6-6:30-8:30	ALGJÖR SVEPPI kl. 10-12-2-4-6	THE GHOST WRITER kl. 10:30	STEP UP 3-3D kl. 8:20
REMEMBER ME kl. 8-10:30	AULINN ÉG-3D M/isl. Tali kl. 12-2-4-6	HUNDAR OG KETTIR 2 M/isl. Tali kl. 12-2	HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/isl. Tali kl. 12
THE GHOST WRITER kl. 8-10:30	THE GHOST WRITER kl. 5:30	INCEPTION kl. 8-10:40	LEIKFANGASAGA 3 M/isl. Tali kl. 3:50
STEP UP 3-3D kl. 10:30	HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/isl. Tali kl. 12:30	SHREK SÆLL ALLA DAGA M/isl. Tali kl. 6	AKUREYRI
HUNDAR OG KETTIR 2 M/isl. Tali kl. 2	LETTERS TO JULIET kl. 8:10	ALGJÖR SVEPPI kl. 2-4-6	GOING THE DISTANCE kl. 8-10:10
INCEPTION kl. 10:20	INCEPTION kl. 10:20	STEP UP 3 kl. 2-6	CATS & DOGS 2 kl. 4
SHREK SÆLL ALLA DAGA M/isl. Tali kl. 12-4	SHREK SÆLL ALLA DAGA M/isl. Tali kl. 12-4	REMEMBER ME kl. 8	REMEMBER ME kl. 8
SELFOSSI	GOING THE DISTANCE kl. 8-10:20	GHOST WRITER kl. 10:10	
ALGJÖR SVEPPI 2 kl. 2-4-6	THE OTHER GUYS kl. 5:50-8		
THE EXPENDABLES kl. 10:20	AULINN ÉG M/isl. Tali kl. 2-4		

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

Góðri hugmynd gerð þokkaleg skil

Bíó ★★★

Sumarlandið

Leikstjóri: Grímur Hákonarson

Leikarar: Kjartan Guðjónsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Þóra Tryggvadóttir

Sumarlandið segir af fjölskyldu sem hefur lífsviðurværi sitt af álfatengdri ferðaþjónustu og miðilsfundum. Viðskiptin standa hins vegar ekki undir láni sem var tekið fyrir rekstrinum og húsbóndinn freistast til að selja álfastein á lóðinni til að redda málanum fyrir horn. Í kjölfarið skapast upplausnarastand á heimilinu og bendir ýmislegt til að álfarnir séu þar að verki.

Sumarlandið er frekar látlaus mynd, einföld og ágætlega skrifuð. Einkum tekst handritshöfundum vel upp framan af á meðan grínið endist en missa aðeins tókin um miðbikið þegar alvarlegur undirtónn og yfirþyrmandi siðferðisboðskapur nær yfirhöndinni; ná sér svo aftur á strik með óvæntu útpili í síðari hluta og eiga hrós skilið fyrir skemmtilegan endi. Þá er tæknivinnsla, leikmynd og tónlistarval til fyrirmyndar, sérstaklega titillagið Þitt auga sem er afar gripandi.

Leikararnir skila flestir sínu vel, svo sem Hallfríður Tryggvadóttir og Nökkvi Helgason í hlutverkum



barnanna á heimilinu og sérstaklega Kjartan Guðjónsson sem fjölskylduáðirinn Óskar. Óskar er andlaus og skammsýnn gróðafíkill sem setur allt á annan endann með sölu á álfasteininum í skiptum fyrir fasteign og flatskjá. Óskari gengur auðvitað líka gott til, steinninn er seldur til að forða fjölskyldunni frá gjaldþroti og tekst Kjartani að koma innra sálarstríði hans vel til skila. Öðru máli gegnir um Ólafíu Hrönn Jónsdóttur sem er viðfældin sem húsfreyjan og miðillinn Lára en nær ekki að vekja nægilega

samúð með persónunni þar sem vantar upp á tilhrifin.

Leikstjórinn Grímur Hákonarson á að baki nokkrar stuttmyndir og því enginn sérstakur byrjendabragur á Sumarlandinu þótt hún sé hans fyrsta mynd í fullri lengd. Þó vanti upp á herslumuninn til að gera góðri hugmynd fullnægjandi skil er Sumarlandið á heildina ágætis afþreying. **Roald Eyvindsson**

Niðurstaða: Ágætis mynd sem þó gældur fyrir að taka sig af alvarlega á köflum.

NÝTT Í BÍÓ!

Baltasar Kormákur kynnir nýja íslenska gamanmynd eftir Grím Hákonarson.

SUMARLANDIÐ

KJARTAN GUÐJÓNSSON ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR

Er í lagi að selja álfastein á landi?

LUXUS

MILLA JOVOVICH

RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D

UPPLIFD JÓNA NOT FÚZZ OG SHUN OF THE DEAD KEMUR EFNNAHASTA OG FRUMLEGASTA MYND ÁRSINS

LUXUS

HICAN ÞRÓTTI, LÖGVAÐAÐI OG ÖRYGGISLAUS

THE OTHER GUYS

H.S.S., MBL

PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON

AULINN ÉG (DESPICABLE ME)

H.H., MBL

SCOTT PILGRIM VS THE WORLD

FRÁ LEBBÍÓNA NOT FÚZZ OG SHUN OF THE DEAD KEMUR EFNNAHASTA OG FRUMLEGASTA MYND ÁRSINS

SMÁRA BÍÓ	HÁSKÓLABÍÓ
SUMARLANDIÐ kl. 1:30-3:30-6-8-10	SUMARLANDIÐ kl. 2-4-6-8:30-10:30
SUMARLANDIÐ LUXUS kl. 2-4-6-8	RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D kl. 8:30-10:30
RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D kl. 5:50-8-10:10	THE OTHER GUYS kl. 3-5:30-8-10:30
RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D LUXUS kl. 10:40	THE FUTURE OF HOPE kl. 6:20
THE OTHER GUYS kl. 5:30-8-10:30	AULINN ÉG 3D kl. 2** (1100kr) 4:10-6:15
DESPICABLE ME 3D kl. 3:40-8	AULINN ÉG 2D kl. 2 (650kr) 4:10
AULINN ÉG 3D kl. 1 (650kr) 3:20-5:50	THE EXPENDABLES kl. 8-10:20
AULINN ÉG 2D kl. 1 (650kr) 3:20	BORGAR BÍÓ
SCOTT PILGRIM VS THE WORLD kl. 10:10	SUMARLANDIÐ kl. 2-8-10
KARATE KID kl. 1 (650kr)	RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D kl. 8-10
	THE OTHER GUYS kl. 6
	AULINN ÉG 3D kl. 2 (600kr)-4
	DESPICABLE ME 3D kl. 6
	THE FUTURE OF HOPE kl. 4

TILBOÐ-SVERÐ Í BÍÓ

SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLABÍÓ

BORGAR BÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ 3D íslenskt tal

KL. 1 SMÁRABÍÓ 2D íslenskt tal

KL. 2 HÁSKÓLABÍÓ 3D og 2D

KL. 2 BORGAR BÍÓ 3D

Sími: 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

Ódýrt í bíó

650 KR. Í 2D

AULINN ÉG

SÝND KL. 2

950 KR. Í 3D

650 KR

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

NÝTT Í BÍÓ

KJARTAN GUÐJÓNSSON ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR

SUMARLANDIÐ

Tilboð í bíó. Glíðir á allar sýningar merktar með rauðu!

PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON

AULINN ÉG (DESPICABLE ME)

H.H., MBL

LAUGARÁS BÍÓ	SÝNINGARTÍMAR
SUMARLANDIÐ	6, 8 og 10
AULINN ÉG 3D	2 (950 kr), 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL
AULINN ÉG 2D	2 (650 kr) og 4 - ÍSLENSKT TAL
DESPICABLE ME 3D	4, 8 og 10 - ENSKT TAL
THE OTHER GUYS	5.50, 8 og 10.15
THE LAST AIRBENDER	1.50 (650 kr)

MORGUNSÝNINGAR KL. 10 Í ÁLFABAKKA

LAUGARDAG OG SUNNUDAG SVEPPI, VILLI OG GÓI TAKA Á MÓTI BIÓGESTUM FYRIR SÝNINGU

ALGJÖR SVEPPI

OG GULANFULLA HOTELHERBERGDI

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

UM 14.000 ÁHORFENDUR FYRSTU VIKUNA.

ÍSLENDINGAR EIGA FYRSTU
LEIKNU ÞRÍVÍDDARMYNDINA
Á NORDURLÖNDUNUM!

**GLEÐI!
GLEÐI!
GLEÐI!**

facebook

"Besta mynd í heimi!"
"GG skemmtilegt mynd!"
"Allir eiga að sjá hana...
algjört móst!!!
Hún er geöveik :)"

facebook

"Mig langar aftur á hana"
"Skemmtilegasta
myndin í ár!"
"Þetta er besta mynd
sem ég hef séð
hingað til!"

ÞRÍVÍDD

BRAGA ÞÓR HINRIKSSON

ALGJÖR SVEPPI

OG
ÓULARFULLA HÓTELHERBERGIÐ

HEIMRÁÐSAMANBEREF LITLIEG FILM "ALGJÖR SVEPPI OG ÓULARFULLA HÓTELHERBERGIÐ" ÁR 2011. HERRI ÞÓR HINRIKSSON - VILJEM ANTON KÁRSON - GÖRUM DÁVID DRILSON
SAGLUGRISBET LAFSDÓTTIR - ÞÓRVALDUR GUNNARSSON - VEIÐI KRANINGEYRAN - EMMU SABELLI SÁGSDÓTTIR - EMI KRISTINA ÞRÍVÍDDÓTTIR
HALLUR VEIÐIÞÓR - HANNA HANNA JÓHANSSON - GUNNAR HILGA GUNNARSDÓTTIR - KHANNA GELAUGRUMANN - SIVA JÓHANSDÓTTIR
HEIMRÁÐSAMANBEREF LITLIEG FILM "ALGJÖR SVEPPI OG ÓULARFULLA HÓTELHERBERGIÐ" ÁR 2011. HERRI ÞÓR HINRIKSSON - VILJEM ANTON KÁRSON - GÖRUM DÁVID DRILSON
SAGLUGRISBET LAFSDÓTTIR - ÞÓRVALDUR GUNNARSSON - VEIÐI KRANINGEYRAN - EMMU SABELLI SÁGSDÓTTIR - EMI KRISTINA ÞRÍVÍDDÓTTIR
HALLUR VEIÐIÞÓR - HANNA HANNA JÓHANSSON - GUNNAR HILGA GUNNARSDÓTTIR - KHANNA GELAUGRUMANN - SIVA JÓHANSDÓTTIR
HEIMRÁÐSAMANBEREF LITLIEG FILM "ALGJÖR SVEPPI OG ÓULARFULLA HÓTELHERBERGIÐ" ÁR 2011. HERRI ÞÓR HINRIKSSON - VILJEM ANTON KÁRSON - GÖRUM DÁVID DRILSON
SAGLUGRISBET LAFSDÓTTIR - ÞÓRVALDUR GUNNARSSON - VEIÐI KRANINGEYRAN - EMMU SABELLI SÁGSDÓTTIR - EMI KRISTINA ÞRÍVÍDDÓTTIR
HALLUR VEIÐIÞÓR - HANNA HANNA JÓHANSSON - GUNNAR HILGA GUNNARSDÓTTIR - KHANNA GELAUGRUMANN - SIVA JÓHANSDÓTTIR



"Afrek hjá þremmenningunum, Guðlaugu Elísabetu og leikstjóranum Braga sem heldur vel um efnið"
S.V. Mbl



"Í stuttu máli, virkilega vel heppnuð fjölskyldumynd, bæði spennandi og skemmtileg. Grallararnir þrír, Sveppi, Villi og Góí eru frábært trío og maður getur hreinlega ekki beðið eftir næstu mynd Sveppa. Sveppi, takk fyrir að skemmta börnunum okkar.
Kristinn Ingvason, Pressan.is

SVEPPI, VILLI & GÓI MÆTA KL. 10 LAU. & SUN. Í ÁLFABAKKANN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA	2D	3D	SAMBÍÓIN KRINGLUNNI	3D	SAMBÍÓIN AKUREYRI	3D			
18.-19. SEPTEMBER	kl. 10 - 12 - 2 - 4 - 6	kl. 10 - 12 - 2 - 2.30 - 4 - 4.30 - 6 - 6.30 - 8.30	18.-19. SEPTEMBER	kl. 12 - 2 - 2.20 - 4 - 4.20 - 6	18.-19. SEPTEMBER	kl. 2 - 4 - 6			
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK	2D	SAMBÍÓIN SELFOSSI	2D	ÍSAFJÖRÐUR	2D	SEYÐISFJÖRÐUR	2D	GRUNDARFJÖRÐUR	2D
18.-19. SEPTEMBER	kl. 2 - 4 - 6	18.-19. SEPTEMBER	kl. 2 - 4 - 6	19. SEPTEMBER	kl. 3	19. SEPTEMBER	kl. 4	18. SEPTEMBER	kl. 2 - 5
								19. SEPTEMBER	kl. 5

Haltu upp á afmælið þitt með Algjör Sveppi, sendið fyrirspurnir á hopar@sambio.is

facebook.com/sveppi3D

NÚ ER TVÖFALT MEIRA Í VINNING EN ÁÐUR!

ENSKI BOLTINN 18. SEPTEMBER 2010

1 X 2

1. Tottenham - Wolves	ÚRV.D.			
2. Aston Villa - Bolton				
3. Blackburn - Fulham				
4. Everton - Newcastle				
5. W.B.A. - Birmingham				
6. Häcken - AIK	ÚRV.D.			
7. Kalmar FF - GAIS				
8. Ipswich - Cardiff	1. D.			
9. Crystal Palace - Burnley				
10. Leicester - Q.P.R.				
11. Middlesbro - Reading				
12. Millwall - Watford				
13. Preston - Norwich				

37. LEIKVIKA

SÓLU LÝKUR 18. SEPT. KL. 13.00

Stærstu nöfnin eru í Enska boltanum og nú er potturinn orðinn ennþá stærri. Vertu með og tippaðu fyrir kl. 13 í dag.

64.000.000 (13 R.)
24.000.000 (12 R.)
19.200.000 (11 R.)
40.000.000 (10 R.)



TIPPAÐU Á NÆSTA SÖLUSTAD EÐA Á 1X2.IS

Viljum hafa áhrif á mótið

Haukur Ingi Guðnason kom með kraftinn sem hefur vantað í Keflavíkurliðið gegn Val. Hann segir að Keflavík muni selja sig dýrt gegn FH og ÍBV.

FÓTBOLTI Framherjinn Haukur Ingi Guðnason átti magnaðan leik í sigri Keflavíkur á Val og er leikmaður 20. umferðar hjá Fréttablaðinu. Haukur Ingi hleypti miklu lífi í leik Keflavíkur sem vann loksins leik á nýja heimavellinum.

„Þetta var aðeins minn annar leikur í byrjunarliðinu í sumar. Það er gaman að ná svona leikjum sem eru einmitt ástæðan fyrir því að maður nennir að vera áfram í boltanum þrátt fyrir ítrekuð áföll,“ segir Haukur Ingi sem viðurkennir að hafa verið nálægt því að fá krampa í báða fætur þegar hann fór af velli dauðþreyttur eftir að hafa hlaupið mikið.

Keflavík hefur átt erfitt uppdráttar eftir góða byrjun á mótinu. Liðið sýndi þó klærnar gegn Val og Haukur Ingi segir að FH og ÍBV muni ekki fá neitt ókeypis í leikjunum gegn Keflavík.

„Við erum staðráðnir í því að



MÆTTUR AFTUR Haukur Ingi sýndi gamalkunna takta gegn Val.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pepsi-deild karla:

Lið 20. umferðar:

Daði Lárússon Haukar
Guðjón Árni Antoníusson Keflavík
Rasmus Christiansen ÍBV
Freyr Bjarnason FH
Björn Daníel Sverrisson FH
Guðmundur Steinarsson Keflavík
Matthías Vilhjálmsson FH
Haukur Ingi Guðnason Keflavík
Haukur Baldvínsson Breiðablik
Hörður Sveinsson Keflavík
Alfréð Finnbogason Breiðablik

